Þegar buffalóskór voru málið

Varst þú klippt eins og Rachel í Friends, með melluband og í Tark-buxum? Fréttablaðið rifjar upp tísku tíunda áratugarins.

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. ágúst 2008 — 228. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

Gætu sungið saman

Sigríður Thorlacius er ekki góðkunningi lög-reglunnar en þó fór vel á með henni og Geir Jóni Þórissyni þegar þau hittust á rökstólum.

Á RÖKSTÓLUM 24

FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG

SKÚRIR Í FYRSTU Í dag verða víðast sunnan 3-10 m/s. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til framan af degi en úrkomulítið síðdegis. Bjart með köflum NA- og A-til. Hiti 10-20 stig, hlýjast eystra.

VEÐUR 4

GRÁTIÐ AF GLEÐI Sigfús Sigurðsson faðmaði fyrirliðann Ólaf Stefánsson að sér í sigurvímu eftir stórkostlegan sigur íslenska landsliðsins í gær. Þjóðin ærðist af fögnuði í leikslok enda ljóst að brotið hafði verið blað í íþróttasögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handboltalandsliðið vann mesta afrek íslenskrar íþróttasögu í gær:

Gullið bíður en silfrið í hendi

HANDBOLTI „Ég vona að þjóðin átti sig á því hvers konar ótrúleg sigurstund í íslenskri íþróttasögu þetta kvöld hér í Kína hefur verið," sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, eftir stórkostlegan undanúrslitaleik Íslands og Spánar á Ólympíuleikunum í Peking í gær.

Það er vart ofsagt að íslenskt þjóðlíf hafi farið á annan endann meðan á leiknum stóð.

Þegar leik lauk ærðust leikmenn íslenska landsliðsins af gleði ásamt meirihluta þjóðarinnar sem á horfði. Öllum var ljóst að þeir höfðu orðið vitni að einstökum viðburði í Íslandssögunni, enda silfurverðlaun í hópíþrótt í hendi og gull á Ólympíuleikum raunhæfur möguleiki. Keppt verður við Frakka um gullið á sunnudagsmorgun.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var sem lamaður að leik loknum og sagði upplifunina eftir sigurinn ólýsanlega. Undir það tóku leikmenn liðsins sem Fréttablaðið talaði við í leikslok.

„Þetta er mín stærsta stund í boltanum, og skrítið að hægt sé að gera hana stærri," sagði Ólafur Stefánsson fyrirliði íslenska landsliðsins eftir leikinn í gær.

Ísland er langfámennasta þjóð sem unnið hefur til verðlauna í hópíþrótt á Ólympíuleikum frá upphafi. - shá / sjá síður 4, 6, 8, 26-27, 52 og 54

SPURNING DAGSINS

Anna Pála, stólið þið á nýjan meirihluta?

„Nei, ég held að það myndi koma okkur í koll.“

Ungir jafnaðarmenn og ung vinstri græn stóðu fyrir stólaleik á fyrsta borgarstjórnarfundi nýs meirihluta. Anna Pála Sverrisdóttir er formaður ungra jafnaðarmanna.

Formenn stjórnmálaflokkanna funduðu um breytingar á eftirlaunum í gær:

Óvíst um samstöðu um eftirlaunin

STJÓRNMÁL Óvíst er hvort þverpólitísk samstaða næst um breytingar á lögum um eftirlaun ráðherra og þingmanna.

Málið var eitt dagskrármála fundar formanna stjórnmálaflokkanna í gær. Geir H. Haarde forsætisráðherra segir málið hafa verið rætt vítt og breitt en kveðst aðspurður ekki hafa lagt fram tillögur að breytingum. „Nei, ég gerði það ekki. Við þurfum að vega og meta hvernig við stöndum að því og eins hvort um það næst samstaða. Það er ekkert víst.“

Í vor boðaði Geir að reynt yrði að finna viðunandi lausn á eftirlaunamálinu í sumar og kvaðst um leið gera ráð fyrir að formenn allra flokka ynnu sameiginlega að þingmáli sem lagt yrði fram í haust. Þó Geir segi nú að óvíst sé um samstöðu býst hann engu að síður við að frumvarp komi fram í haust. „Ég reikna nú með því en veit ekki hvort það verður frumvarp allra flokka eða eitthvað annað.“ Áfram verði rætt um málið á vettvangi flokksformanna enda standi vilji til þess. „Ég held að allir hafi áhuga á að finna lausn, en við verðum að sjá hvað gerist. Hins vegar er mikill misskilningur í gangi varðandi löggjöfina. Fyrir þingmenn flesta er hún síður en svo betri en gömlu lögin þannig að það þarf að velta ýmsu fyrir sér í þessu.“

- bþs

GEIR H. HAARDE Segir óvíst hvort samstaða náist meðal flokksformanna um eftirlaunamálið.

Orkuveita Reykjavíkur:

Jarðskjálftinn lækkaði iðgjald

IÐNAÐUR Suðurlandsskjálftinn í maí sparaði Reykvíkingum líklega umtalsverðar fjárhæðir.

Hann reið yfir þegar Orkuveitan var með útboð á tryggingum fyrir virkjanir sínar og veitur. Flest mannvirki fyrirtækisins eru á hættusvæði, vegna jarðhræringa og eldvirkni.

„Og hann kom nánast eftir pöntun. Vátryggingafélögin erlendu sáu þá að öll okkar mannvirki stóðust skjálftann og að það væri ekki glapræði að tryggja okkur,“ segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar. Iðgjaldið nemur um 130 milljónum á ári.

- kóþ

Kínversku fimleikastúlkurnar:

Sumar með barnatennur

ÍÞRÓTTIR **Alþjóðlega Ólympíunefndin hefur farið þess á leit við forráðamenn Ólympíska fimleikasambandsins að kannað verði hvort kínversku fimleikastúlkurnar uppfylli aldursskilyrði leikanna.**

Reglur segja til um að fimleikastúlkur megi ekki vera yngri en sextán ára en sumar eru taldar mun yngri, eða fjórtán ára.

„Barnatennurnar eru ekki enn dottnar úr sumum. Eina þeirra vantar enn þá eina framtönn,“ sagði Martha Karoliy, þjálfari bandarískra fimleikaliðsins, í samtali við CNN.

- kg

UPPNÁM Lögregla á vettvangi sjálfsvígstilræðanna á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnmál í Pakistan:

Zardari í forsetaframboð

PAKISTAN, AP Stærsti flokkurinn í ríkisstjórn Pakistans lagði í gær til að ekkill hinnar myrtu Benazir Bhutto, Asif Ali Zardari, yrði eftirmaður Pervez Musharrafs á forsetastóli landsins.

Samstarf stjórnarflokkanna tveggja stendur tæpt og tilefning Zardaris eykur líklega á ágreininginn. Kjörstjórn tilkynnti í gær að þingmenn myndu kjósa eftirmann Musharrafs 6. september.

Sjálfsvígssprengjuárásir við stóra vopnaverksmiðju nærri Islamabad urðu minnst 59 manns að bana á fimmtudag. Tilræðið gerði út um vonir manna um að takast mætti að lægja öldurnar í kjölfar afsagnar Musharrafs.

- aa

Á FUNDI EVRÓPUNEFNDARINNAR Ágúst Ólafur Ágústsson, annar formanna nefndarinnar, segir gjaldmiðilsmálin verða skoðuð af alvöru. Mikilvægt sé að meta hvort og þá hvaða möguleikar séu á upptöku evru eða tengingu krónunnar við hana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kannað verði hvort evruaðild sé möguleg

Evrópunefndin skoðar hvort aðild að Myntbandalagi Evrópu og/eða upptaka evru sé möguleg. Hagfræðilegar, lagalegar og pólitískar hliðar verða kannaðar. Nefndarmenn ræða við embættis- og stjórnmálamenn í Brussel í september.

STJÓRNMÁL Evrópunefndin, nefnd um þróun Evrópumála, hefur hafið athugun á hvort mögulegt sé að Ísland taki upp eða tengi íslensku krónuna evru með vilja og í samvinnu við Evrópusambandið.

Nefndin mun nálgast verkefnið út frá þremur þáttum: hagfræðilegum, lagalegum og stjórnmálalegum.

Að líkindum mun nefndin kalla eftir sérstakri hagfræðilegri úttekt á viðfangsefninu og starfsmaður hennar kanna lagalegan þátt þess. Pólitíska afstaðan er svo í höndum stjórnmálamannanna.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og annar tveggja formanna nefndarinnar, segir málið tekið upp eftir að forsætisráðherra fól henni að skoða það sérstaklega. Talsverðar umræður fóru fram miðsumars um möguleikann á upptöku evru í framhaldi af hugleiðingum Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra þar um. Spurði hann á heimasíðu sinni hvernig væri að láta reyna á það á markvissan hátt, hvort unnt væri að taka upp evru í samstarfi við Evrópusambandið og renna þannig þriðju stoðinni undir samstarf Íslands og ESB. Núverandi stoðir samstarfsins eru EES-samningurinn og Schengen-samkomulagið.

Í kjölfar umræðnanna fól Geir H. Haarde forsætisráðherra Evrópunefndinni að gaumgæfa þennan möguleika.

Auk áðurnefndra athugana hyggst nefndin óska eftir að Björn Bjarnason mæti á fund hennar svo spyrja megi hann ítarlega og milliliðalaust út í hugmyndir hans um málið. Björn fór fyrir nefnd um Evrópumál sem starfaði í tæp þrjú ár og skilaði skýrslu í mars síðastliðnum.

Þá mun nefndin fara til Brussel í september og ræða við forvígismenn innan Evrópusambandsins, jafnt embættismenn sem stjórnmálamenn. Auk annarra verður rætt við Joaquin Almunia, efnahagsmálastjóra ESB.

Ágúst Ólafur segir nefndarmenn á einu máli um að rétt sé að skoða gjaldmiðilsmálin af alvöru. „Það er mikilvægt að leggja mat á hvort þetta sé annars vegar raunhæft og hins vegar skynsamlegt, ekki síst í ljósi þess að breitt bil er á milli skoðana. Sumir segja þetta óraunhæft en aðrir að þetta sé hægt.“

bjorn@frettabladid.is

Íbúðalánasjóður frystir lán:

Fyrirspurnum rignir inn

VIÐSKIPTI **„Þetta er hluti af okkar heimildum til aðstoðar fólks í greiðsluerfiðleikum. Sú staða hefur komið upp í vaxandi mæli á fyrri hluta árs að fólk situr uppi með tvær eignir eftir að hafa fjárfest í nýrri,“ segir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs.**

Sjóðurinn hefur ákveðið að fólk sem keypt hefur húseign en situr uppi með aðra sem ekki hefur tekist að selja, geti fryst lán. Guðmundur segir að þetta hafi verið ákveðið fyrir tveimur mánuðum en ekki var greint formlega frá þessu fyrr en í gær. Þegar það varð ljóst fór fyrirspurnum að rigna yfir sjóðinn.

- ikh / sjá síðu 12

Blautt meginpart dagsins:

Vætusamt á menningarnótt

VEÐUR Búist er við nokkurri úrkomu á höfuðborgarsvæðinu í dag þegar borgarbúar halda menningarnótt.

„Það verður blautt meginpart dags,“ segir Kristín Hermannsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Mesta úrkoman verði þó um hádegið. Kristín segir þokkalegt útlit með veður í kvöld. „Það gæti orðið þurrt og rólegur vindur í kvöld,“ segir Kristín. Réttast sé fyrir fólk að klæðast skjólgóðum og regnheldum fatnaði á menningarnótt.

- ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bruni í sumarbústað

Slökkvilið Brunavarna Árnessýslu var í gærkvöldi kallað að sumarbústað í Ásgarðslandi í Grímsnesi. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en bústaðurinn, sem er í byggingu, var mannlaus. Eldsupptök eru ekki kunn en bústaðurinn er nokkuð skemmdur af völdum elds og reyks.

Námskeið við ofþyngd

- Hefurðu ítrekað reynt að grenna þig án árangurs?
- Gætu aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar komið þér að gagni?

KMS Kvíðameðferðarstöðin

Tíu vikna námskeið er að hefjast á vegum Kvíðameðferðarstöðvarinnar undir stjórn Sóleyjar D. Davíðsdóttur, Sigurbjargar J. Ludvigsdóttur og Brynjars Halldórssonar sálfræðinga. Kenndar verða leiðir til breyta hugarfari og atferli sem grefur undan árangri á þessu sviði.

Skráning fer fram á kms@kms.is
eða í síma 822-0043 og lýkur 25. ágúst n.k.
Nánari upplýsingar má finna á: www.kms.is.

Mannúðarsjónarmið réðu för þegar dómsmálaráðuneyti tók ákvörðun:

Paul Ramses kemur til Íslands

FLÓTTAMENN Dómsmálaráðuneytið hefur ákveðið að mál Pauls Ramses verði tekið til efnislegrar meðferðar á Íslandi.

Þetta þýðir að Ramses sameinast fjölskyldu sinni að nýju og verður fluttur til landsins á kostnað Útlendingastofnunar.

„Það er skýr afstaða okkar að hann komi til landsins sem fyrst,“ segir Haukur Guðmundsson, forstjóri Útlendingastofnunar. Haft var samband við ítölsk yfirvöld í gær vegna þessa.

Ráðuneytið fellst ekki á að nokkuð hafi verið athugavert við málsmeðferð og niðurstöðu stofnunarinnar á sínum tíma. Hins vegar hafi ný gögn komið fram.

„Það kom í ljós að kona hans var ekki með gilt dvalarleyfi í Svíþjóð. Hennar hefði því beðið brottvísun til Kenía. Það er vegna þessa sem ráðuneytið lítur til mannúðarsjónarmiða. Það vildi ekki vísa henni og barninu til Kenía, meðan hann er í hælisleit á Ítalíu,“ segir Haukur. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að auki að upplýsingar um aðra ættingja Pauls á landinu hafi spilað inn í ákvörðunina.

Ekki náðist í Ramses í gær, en kona hans, Rosemary, er yfir sig hamingjusöm.

„Ég fékk þessa sænsku kennitölu og mér var sagt að ég mætti vera eins lengi og hún gildir, sem er til ársins 2012,“ segir Rosemary.

- kóþ

ROSEMARY ATIENO OG FÍDEL SMÁRI Rosemary og manni hennar varð til happs að sænsk kennitala hennar jafngildir ekki dvalarleyfi, eins og hún segist hafa haldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MIKLATÚN
Á MENNINGARNÓTT
NÝ DÖNSK · JET BLACK JOE
MAGNÚS OG JÓHANN · HJALTALÍN
BLOODGROUP · FJALLABRÆÐUR
STÓRTÓNLEIKAR
LANDSBANKANS OG RÁSAR 2
23. ÁGÚST FRÁ KL 19-22 30
RÁS
Landsbankinn

HANDKNATTLEIKSLIÐ ÍSLANDS Í ÚRSLIT Á ÓLYMPÍULEIKUNUM

Vegagerðin mælir umferð:

Helmingi færri í umferðinni en vanalegt er

Niðurstöður mælinga Vegagerðarinnar á umferðinni í Reykjavík meðan á leik Íslendinga og Spánverja stóð komu Karli Jenssyni, verkefnisstjóri á þjónustudeild Vegagerðarinnar, í opna skjöldu.

„Um hádegisbilið datt umferðin verulega niður og á meðan síðari hálfleikur stóð yfir minnkaði umferðin svo mikið að hún var helmingi minni en venjulega," segir Karl. Leiknum lauk rétt fyrir klukkan tvö og „á milli klukkan tvö og þrjú fór umferðin aftur í fyrra horf".

Vegagerðin mælir umferðina í Ártúnsbrekku, á Hafnarfjarðarvegi og á Reykjanesbraut. **- hþj**

Fáir í leit að símanúmerum:

Sjaldan verið rólegra hjá 118

„Það bara hrundi öll umferð hjá okkur," segir Hjördís Búadóttir, svæðisstjóri hjá Já 118, um þá hálfa aðra klukkustund sem leikur Íslands og Spánverja varði í gær.

Íslendingar höfðu flestir um annað og merkilegra að hugsa en að tala hver við annan í síma, því innhringingum í símaskrána fækkaði snarlega rétt áður en leikur hófst, og umferðin tók ekki við sér aftur fyrr en að honum loknum. „Við vorum samt alveg hissa að einhverjir skyldu yfir höfuð hringja, og vorum í rauninni hálfhneykslaðar," segir Hjördís og hlær, en sjálf tók hún sér hlé frá vinnu og fylgdist með leiknum. - sh

Áhrif sigurs mikil á pitsusölu:

Hungraðir í handboltaleik

„Það sprakk allt hjá okkur. Allt fór umfram það sem við höfum áður kynnst," segir Ásdís Höskuldsdóttir, framkvæmdastjóri Dominos.

Hún segir þetta hafa verið besta söludag sem Dominos hafi upplifað. „Það var slegið algjört sölumet. Við erum með hundrað og fimmtíu símalínur en það var samt bið hjá okkur," segir Ásdís.

Pitsupantanir byrjuðu í gærkvöldi því mörg fyrirtæki voru með tímapantanir að sögn Ásdísar. „Síðan byrjaði þetta strax í morgun og hélt áfram fram eftir degi," segir Ásdís sem segir að mögulegt sé að Dominos opnist fyrr á sunnudaginn, því úrslitaleikurinn hefst kl. 07.35. **- vsp**

SIGURSTUND Ólafur Ragnar, Guðmundur Guðmundsson, þjálfari landsliðsins, og Dorrit nutu augnabliksins í íþróttahöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðskulda þjóðhátíð í hjörtum okkar

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var hrærður eftir glæstan sigur íslenska landsliðsins í handknattleik á liði Spánverja á Ólympíuleikunum í Peking. Hann segir strákana okkar hafa skrifað nýjan kafla í sögu lýðveldisins.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, var glaðbeittur eftir ótrúlegan sigur íslenska handboltalandsliðsins á Spánverjum í Peking í gær. Hann hrósaði strákunum okkar í hástert þegar Fréttablaðið náði tali af honum eftir leik.

„Það er einstaklega ánægjulegt að í fyrsta sinn sem forseti Íslands kemur á Ólympíuleika skuli vera þessi sigurganga. Þetta er svo ótrúleg stund að ég held að það muni taka okkur langan tíma að uppgötva hvers konar afrek þetta er. Það er eiginlega sama hvernig úrslitaleikurinn fer, íslenska landsliðið kemur heim með silfur eða gull. Ég vona að þjóðin fagni fram að næsta leik," sagði Ólafur Ragnar en hann segir árangur íslenska liðsins skipta marga aðra miklu máli.

„Fulltrúar annarra ríkja sögðu við mig í hálfleik að ef Íslendingar ynnu seinni hálfleikinn þá væri það ekki bara stórtíðindi fyrir Ísland heldur stórtíðindi í hinni alþjóðlegu íþróttahreyfingu. Að lið frá svona litlu landi geti komið og sigrað allar helstu stórþjóðirnar. Farið svo heim með gull eða silfur er slíkt afrek að flestar aðrar þjóðir skilja það ekki. Ég vona að þjóðin átti sig á því hvers konar ótrúleg sigurstund í íslenskri íþróttasögu þetta kvöld hér í Kína hefur verið. Þetta lið hefur skrifað alveg nýjan kafla, ekki bara í íþróttasögunni heldur í sögu lýðveldisins," sagði Ólafur Ragnar.

SPENNA Forsetahjónin áttu á stundum erfitt með sig í þeirri gífurlegu spennu sem fylgdi viðureigninni við Spánverja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsetinn var ungur drengur fyrir vestan þegar Vilhjálmur Einarsson vann silfrið í Melbourne árið 1956. „Ég man vel hve hrærð þjóðin var á þeim tíma og hvers konar þjóðhátíð var þá í hjörtum allra Íslendinga. Þessi stund er alveg eins. Þetta lið verðskuldar þjóðhátíð í hjörtum allra Íslendinga," sagði Ólafur Ragnar sem viðurkennir að það hafi verið erfitt á stundum fyrir þau hjónin að fylgjast með þessum mikla spennuleik.

henry@frettabladid.is

Dorrit fer á kostum í Peking:

Dró blaðamann út á gólfið

„Ég var á vappi í handboltahöllinni í Peking þegar ég rakst á íslensku forsetafrúna," skrifar Dan Steinberg, blaðamaður Washington Post, í færslu á netútgáfu bandarísku stórblaðsins. „Dorrit Moussaieff spurði mig hvernig hún kæmist inn á leikvöllinn til að samfagna ótrúlegum sigri þessarar smáþjóðar í undanúrslitaleik gegn Spáni."

Steinberg vísaði Dorrit í rétta átt en þá vildi hún ólm fá blaðamanninn með sér í fagnaðarlætin. „Ég má það ekki," svaraði Steinberg en Dorrit gaf sig ekki. „Jú, víst máttu það með mér. Ég er eiginkona forsetans," sagði hún og dró blaðamanninn í gegnum göngin og framhjá öryggisvörðunum.

Steinberg samfagnaði með strákunum og tók viðtal við Sigfús Sigurðsson sem gerði honum grein fyrir þýðingu sigursins í huga þjóðarinnar. **- shá**

Landinn klæðir sig upp:

Landsliðstreyjur uppseldar

Allur lagerinn af treyjum íslenska handknattleikslandsliðsins er uppseldur hjá Handknattleikssambandinu. Menn deyja þó ekki ráðalausir og ætlar sambandið, í samstarfi við Áfram Íslandklúbbinn, að selja gamlar og næstum nýjar landsliðstreyjur í dag.

Salan hefst klukkan 12.00 í sölubás í Lækjargötu og verða treyjurnar til sölu þar ásamt öðrum vörum Áfram Íslandklúbbsins. Á sunnudagsmorgun verður klúbburinn í Smáralind og í Vodafone-höllinni áður en leikur Íslands og Frakklands hefst.

- shá

SPÆNSKU BLÖÐIN

Glötuðu tækifæri lífsins

Blaðið Marca segir „Spán hafa glatað tækifæri lífs síns" með tapinu gegn Íslendingum í gær. Segir blaðið leikinn hafa verið „hörmulegan" og að Spánverjar hafi aldrei átt möguleika gegn Íslendingum.

Markvörður forðaði hneyksli

El Mundo segir markvörð Spánverja hafi bjargað þeim frá hneykslanlegum úrslitum.

Stefna á bronsið

El País greindi frá því að með tapinu gegn Íslendingum hafi Spánverjar glatað tækifæri til þess að komast í fyrsta sinn í úrslit á Ólympíuleikunum. Þeir eigi þó tækifæri á að endurtaka árangur sinn frá árunum 1996 og 2000 og vinna brons með sigri gegn Króötum á sunnudaginn.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

REYKJAVÍK Í DAG

Núna fyrir hádegi verða fjölmargir hlauparar á ferli í höfuðborginni enda maraþonhlaup. Má búast við rigningu í borginni fyrir hádegi með fremur hægum vindi. Eftir hádegi þegar menningin blómstrar verður einnig fremur hægur vindur og úrkoman fer svo minnkandi eftir því sem líður á daginn.



Á MORGUN 3-8 m/s

MÁNUDAGUR 8-13 m/s með ströndum, annars hægari

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	18°
Billund	19°
Ósló	21°
Stokkhólmur	18°
Gautaborg	20°
London	20°
París	21°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	15°
Berlín	21°
Alicante	28°
Mallorca	28°
Basel	19°
Eindhoven	19°
Las Palmas	28°
New York	28°
Orlando	32°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Tilboð sem eru algjört bíó!

6 x í Bíó!
– og 2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. með öllum símatilboðum Nova!

DAGUR & STEINI

BÍÓKORT NOVA

Nokia 6120

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Sony Ericsson K660i

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Samsung L760

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímann og færð 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði – þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann. Að auki fylgir Bíókort Nova – 6x frítt í bíó með öllum símatilboðum í áskrift og frelsi. Skiptu núna!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

NOVA

Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - Þá þarf ekki kreditkort. Bíókort Nova fylgir öllum símatilboðum á meðan birgðir endast.

HANDKNATTLEIKSLIÐ ÍSLANDS Í ÚRSLIT Á ÓLYMPÍULEIKUNUM

Faðir Ólafs Stefánssonar:

Sálarhliðin skiptir miklu

„Ég er alveg í skýjunum yfir þessu. Það er stórkostlegt að þetta skuli ganga svona vel en þó held ég að þetta sé ekki tilviljun," segir Stefán Eggertsson læknir og faðir Ólafs Stefánssonar fyrirliða íslenska landsliðsins.

Stefán segir Ólaf ábyggilega hafa mjög góð áhrif á félaga sína almennt séð. „Það hefur ekki farið leynt að hann hugsar mikið um andlega hluti og menn geta áorkað ýmsu með þvílíkum þankagangi. Sálarhliðin skiptir miklu máli og það verður ekki horft fram hjá því," segir Stefán. - vsp

Biskupinn hvetur strákana:

Netið klikkaði á Biskupsstofu

„Við fögnum öll yfir þessum undraverða árangri," segir Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.

Hann segir að afreksmennirnir hafi sýnt okkur hverju góður liðsandi, jákvæðni og drenglyndi fær áorkað. Það sé þjóðinni allri mikilvæg áminning. „Auðvitað mun ég og fjölskyldan öll horfa á leikinn á sunnudagsmorgun og vera með drengjunum okkar í anda, stolt og glöð yfir þeim."

Samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu bilaði netútsending ruv.is og því var ekki hægt að horfa á leikinn þar. - vsp

Nám með starfi

Borgarholtsskóli býður kvöldskólanám í málm- og véltæknigreinum.

Síðasti innritunardagur er í dag, laugardag kl. 11-14

Eftirtaldar greinar eru í boði:

Málmsuða:	**HSU, LSU, RLS og RSU**
Málmsmíðar:	**HVM, PLV, VVR og REN**
Teikningar:	**GRT, CAD, TTÖ og ITM**
Véltækni:	**AVV, VFR og VÖK**
Fagbóklegt:	**RAT, RÖK, EÐL og MRM**

Kennt verður virka daga frá 18:10 til 22:30 og laugardaga frá 8:10 til13:50

Kennsla hefst 25. ágúst.

Nánari upplýsingar eru á **www.bhs.is og í síma 5351716**

Fjölhæfni leikmanna er lykill að velgengni

Íslenskir Ólympíuverðlaunahafar gleðjast yfir árangri handknattleikslandsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking. Þeir telja liðið vel geta sigrað í úrslitaleiknum en mikilvægt sé að halda einbeitingunni. Stemningin í liðinu sé alveg sérstök.

„Þetta er ótrúlega flott frammistaða hjá strákunum," segir Bjarni Friðriksson, júdókappi og bronsverðlaunahafi frá Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984, um árangur landsliðsins í handknattleik.

„Ég fylgdist auðvitað með leiknum en hafði ekki taugar til að horfa á hann allan," segir Bjarni. Hann hafi því reynt að finna sér eitthvað að gera heima við en horft á leikinn með öðru auganu.

„Þetta er búin að vera ótrúleg sigurganga og engin heppni. Að vinna heimsmeistarana og gera jafntefli við Evrópumeistarana." Hann segir allan hópinn eiga lof skilið, bæði leikmenn, þjálfara og aðra sem að liðinu standa.

„Maður sér hvað það er gaman hjá þeim þarna á vellinum, það geislar af þeim og þeir gefa allt í leikinn," segir Vala Flosadóttir, stangarstökkvari og bronsverðlaunahafi frá Ólympíuleikunum í Sydney 2000.

„Nú er það bara silfur eða gull. Ég óska þeim góðs gengis og auðvitað væri frábært ef þeir næðu að vinna gullið." Vala býr í Lundi í Svíþjóð þar sem margir Íslendingar eru við nám. „Ég er alveg viss um að sjá íslenska fána í bænum á sunnudaginn, sama hvernig gengur," segir Vala.

Vilhjálmur Einarsson, silfurverðlaunahafi frá Ólympíuleikunum í Melbourne 1956 segir árangur landsliðsins stórkostlegann. „Ég er í sjöunda himni," segir Vilhjálmur og bætir við að hann hafi horft á alla leiki landsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking.

„Ég held að stemningin sem strákarnir hafa náð í liðinu sé alveg sérstök og mjög líkleg til að skila þeim sigri. Ég vona bara að þeir fari ekki að hugsa of mikið um gullið fyrr en það er komið." Hann segir mikilvægt fyrir leikmenn að hugsa um leikinn, um augnablikið og halda einbeitingunni. „Leikmennirnir eru svo skemmtilega ólíkir og fjölhæfir sem ég tel vera lykilþátt í árangri þeirra."

olav@frettabladid.is

VALA FLOSADÓTTIR Vann til bronsverðlauna í stangarstökki á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000.

BJARNI FRIÐRIKSSON Vann til bronsverðlauna í júdó á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1984.

VILHJÁLMUR EINARSSON Þar til í gær hafði Vilhjálmur náð lengst Íslendinga á Ólympíuleikum þegar hann vann silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne árið 1956.

ÞÓRKATLA Horfði á leikinn með ókunnugum sem og kunnugum og segir árangurinn sameina og ryðja úr vegi hindrunum.

Þórkatla Aðalsteinsdóttir:

Sameinar og gerir okkur sterkari

„Þetta sameinar okkur," segir Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur um árangur landsliðsins. „Mér sýndist ég sjá það þegar ég horfði á leikinn, á matsölustað með fullt af ókunnugu fólki. Bæði ungir og aldnir voru farnir að hoppa upp og klappa í takt og horfa tárvotum augum hver á annan. Þetta virðist ryðja úr vegi alls konar hindrunum sem eru dagsdaglega á milli okkar. Það er það yndislega við það þegar svona vel gengur, þetta þjóðarstolt sem er svo góð tilfinning. Stækkar okkur öll og gerir okkur sterkari."

Þórkatla segir árangurinn ekki síst mikilvægan á þessum erfiðu tímum í efnahagslífinu. „Við eigum svolítið í vök að verjast og þurfum að halda vel á spöðunum. Þá er gott að það gangi svona vel á einhverjum öðrum vígstöðvum. Þetta lið er mikið sameiningartákn fyrir landið, tákn um styrk og snerpu og klókindi." - þeb

JAXLARNIR ÞRÍR Varnarjaxlarnir Ingimundur Ingimundarson og Sigfús Sigurðsson, ásamt línumanninum Róberti Gunnarssyni fagna sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðlaun fyrir hópíþróttir á Ólympíuleikum:

Ekki til fámennari þjóð sem stigið hefur á pall

Ísland verður á sunnudag langfámennasta þjóðin frá upphafi sem unnið hefur til verðlauna í hópíþrótt á Ólympíuleikum. Íslendingar hafa tryggt sér silfurverðlaun í handbolta og eiga möguleika á gullverðlaununum.

Fámennasta þjóðin sem fram til þessa hefur unnið til verðlauna í hópíþrótt er Trínidad og Tóbagó, en þjóðin vann bronsverðlan í 4x400 metra boðhlaupi karla á leikunum í Tókýó árið 1964. Þjóðina mynda ríflega milljón manns. Þess ber þó að geta að boðhlaup er sjaldnast talið til hefðbundinna hópíþrótta.

Næstfámennesta þjóðin í þessum hópi eru Slóvenar, en fjögurra manna teymi þeirra hlaut bronsverðlaun í róðri á leikunum í Barcelona árið 1992. Slóvenar eru rúmlega tvær milljónir.

Þá má geta þess að Íslendingar eru fimmta fámennasta þjóðin sem yfirhöfuð hefur unnið til verðlauna á sumarólympíuleikum. Sú fámennasta er Bermúda, þar sem búa um 66 þúsund manns, en Bermúdabúar eignuðust sinn fyrsta og eina verðlaunahafa þegar þeir unnu bronsverðlaun í hnefaleikum í Montréal árið 1976. - sh

Stokkhólmur

Flottur með sig og sjarmerandi

Eftir: Sigþrúði Karlsdóttur

Bara Gamli bærinn er flugs virði svo að ekki sé minnst á allt hitt. Gamla stan, Gamli bærinn, í Stokkhólmi er á eyju í Mälaren suður undan Norrmalm þar sem er hinn eiginlegi miðbær Stokkhólms með helstu verslunargötunum. Milli fastalandsins og eyjarinnar, þar sem Gamli bærinn stendur, er Helgelandsholmen. Þar er sænska þinghúsið og ýmis ráðuneyti. Þétt upp við eyna vestan megin er Riddarholmen. Þar er greftrunarkirkja sænskra konunga, frá 18. öld, og Hæstiréttur Svíþjóðar.

Gamli bærinn sést ekki glöggt frá fastalandinu á norðurbakkanum því að hann er í felum á bak við konungshöllina, Kungliga Slottet, sem lokið var við að reisa nyrst í Gamla bænum árið 1760. Konungshöllin er nú eingöngu notuð við opinberar athafnir en sænska konungsfjölskyldan býr í Drottningholmhöll vestan við Stokkhólm.

Elstu mannvirki í Gamla bænum eru frá 13. öld. Þarna eru þröngar götur eins og þær voru í evrópskum bæjum á miðöldum, steinlögð stræti og fornlegt yfirbragð á sérhverju húsi. Í skipulagi og byggingarstíl hafa menn þóst greina sterk áhrif frá húsagerðarlist í norðanverðu Þýskalandi.

Þarna eru þröngar götur eins og þær voru í evrópskum bæjum á miðöldum.

Nafnið á bænum

Fram á miðja 19. öld var yfirleitt talað um „sjálva staden", „sjálfan bæinn", þegar átt var við Gamla stan. Það var í sjálfu sér ofur eðlilegt því að á norður- og suðurbakkanum var að heita má sveit eða dreifbýli allt fram á 19. öld, svæði sem nefnd voru Norðurás og Suðurás, Norrmalm og Sörrmalm. Á uppdráttum og í bókum frá miðri 19. öld er farið að tala um „staden mellan broarna", „bæinn á milli brúnna", eða „staden inom broarna", „bæinn fyrir innan brýrnar". Þessa nafngift notuðu menn allt til ársins 1980 á uppdráttum og í formlegu ritmáli og frá árinu 1934 var það einnig látið ná til eyjanna Helgelandsholmen og Strömsborg. Líklegast þykir að nafnið Gamla stan, Gamli bærinn, hafi orðið til í daglegu tali Stokkhólmsbúa á fyrri hluta síðustu aldar. Árið 1957 var opnuð stöð á eynni fyrir neðanjarðarlestir sem nefnd var Gamla stan. Nafnið Gamla stan á þessu einstaka borgarhverfi var svo formlega tekið upp árið 1980.

Framhald í Borgarblaði Icelandair

Strandgatan í Stokkhólmi gefur ekkert eftir öðrum strandgötum.

Stokkhólmur
Fargjald aðra leið frá
16.300 kr.

Flug og gisting í 2 nætur
í Stokkhólmi frá **48.900 kr.**

Á mann í tvíbýli á Freys Hotel * * * í Stokkhólmi.
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

Ferðasaga frá Helsinki

Eftir: Ómar Friðriksson

Ómar Friðriksson, bóndi frá Ytra-Hákoti skrifar frá Helsinki.

Margt er við að vera hér í höfuðborg Finnlands. Í miðbæ Helsinki eru fallegar byggingar frá síðustu öldum en einnig nýleg hús með hinum fræga finnska arkitektúr. Finlandiahúsið, sem teiknað var af Alvar Aalto, vakti óskipta athygli okkar félaganna úr Búnaðarfélagi Norðurhéraðs.

Í gærkveldi drukkum við og átum af lyst á rússnesku veitingahúsi, kavíar, hreindýr og bjarnarsteik. Félagar mínir kunnu sér ágætlega hóf en Magnús frá Reykjum og Randver bróðir hans þurftu aðstoð. Eyvindur var með skásta móti.

Framhald í Borgarblaði Icelandair

Helsinki
Fargjald aðra leið frá
17.900 kr.

Flug og gisting í 3 nætur
í Helsinki frá **53.900 kr.**

Á mann í tvíbýli á Radisson Sas Seaside * * * í Helsinki
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

Kaupmannahöfn

Alltaf eitthvað um að vera og jólastemningin engu lík

Eftir: Eiríks S. Kárason

Í H.C. Andersen höllinni hjá Tívolí er nú sérstæð bandarísk sýning sem farið hefur vítt og breitt um heiminn, „The Bodies" heitir hún og ber nafn með rentu. Á sýningunni fá gestir innsýn inn í mannslíkamann og það sem gerir það engu öðru líkt að skoða sýninguna er að hér eru raunverulegir líkamshlutar til sýnis, varðveittir með nýrri aðferð sem kölluð er upp á ensku Plymer Preservation. Eflaust eru þeir margir, sem kæra sig ekkert um að fá að sjá hvernig þeir eru samsettir innvortis, en þeir sem hafa ánægju af að kynnast undrum mannslíkamans ættu að gera sér ferð í H.C. Andersen höllina.

Sýningin mun ekki verða sett upp annars staðar á Norðurlöndum. H.C. Andersen höllin er við H.C.Andersen Boulevard 20.

Víkingar í nútímaumhverfi - Hin „nýja" fortíð Danmerkur

Í maí í vor var fornaldardeild Þjóðminjasafnsins í Kaupmannahöfn opnuð á nýjan leik eftir miklar og gagngerar umbætur þar sem beitt er margs konar nútímatækni til að gera þessa frábæru forndeild, sem margir Íslendingar hafa skoðað á undanförnum árum, að einstaklega heillandi heimi, a.m.k. í hugum þeirra sem vilja sjá sýnishorn af því hvaðan þeir eru komnir. Hér er að finna gull- og silfursjóði Víkinga, hinn einstæða 3.400 ára gamla Sólarvagn og Egtvedstúlkuna sem tölti um árbakka og engjar fyrir þremur þúsundum ára. Jafnvel þó ekki sé staldrað við nema í stutta stund í forndeild Þjóðminjasafnsins fá menn góða innsýn í forsögu Danmerkur frá ísöld fram á víkingaöld auk þess sem brugðið er upp myndum af hvað var að gerast í öðrum löndum í Evrópu á sama tíma.

Framhald í Borgarblaði Icelandair

Kaupmannahöfn
Fargjald aðra leið frá
15.300 kr.

Flug og gisting í 2 nætur
í Kaupmannahöfn
frá **48.900 kr.**

Á mann í tvíbýli á Dgi-byen * * * í Kaupamannahöfn
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

*Flug aðra leiðina með sköttum. Verð gildir frá 15. ágúst 2008.

HANDKNATTLEIKSLIÐ ÍSLANDS Í ÚRSLIT Á ÓLYMPÍULEIKUNUM

Geir var viss um sigur þegar staðan var 5-0

Forsætisráðherra segir sigurinn gegn Spánverjum stærsta sigur íslenskrar íþróttasögu. Árangur landsliðsins hafi góð áhrif á þjóðarsálina. Menntamálaráðherra segir liðið miðla miklu til unga fólksins og vera því góð fyrirmynd.

Geir H. Haarde forsætisráðherra horfði á síðari hálfleik Íslands og Spánar á Gaddstaðaflötum við Hellu þar sem hann var við setningu viðamikillar landbúnaðarsýningar. Þar fagnaði hann úrslitunum í fjölmenni.

Með fyrri hálfleik fylgdist Geir hins vegar í bílnum á leið austur. Og það var strax þá sem hann var viss um íslenskan sigur. „Ég var sannfærður um sigur þegar við vorum komnir í fimm núll," sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann telur árangurinn stórkostlegan þó úrslitin í gær komi ekki alveg á óvart í ljósi þess hve vel liðið hafi staðið sig á mótinu fram til þessa. „Þetta er stærsti sigur í íslenskri íþróttasögu hingað til, og það er aldrei að vita hvað gerist á sunnudaginn," segir Geir, sem líkt og sjálfsagt þorri þjóðarinnar fer snemma á fætur í fyrramálið til að horfa á úrslitaleikinn.

Geir segir Ísland eiga raunhæfa möguleika á gullverðlaunum; leikur liðsins til þessa beri þess merki. „Menn mega þó ekki vera vanþakklátir ef við fáum, í gæsalöppum, bara silfrið því það er auðvitað stórkostlegt að ná svo langt. Frakkarnir eru mjög sterkir en fyrst við gátum unnið Rússa og Þjóðverja, komist í gegnum riðilinn og unnið svo Pólverja og nú Spánverja getum við auðvitað unnið Frakka á góðum degi."

Geir segir gengi íslenska liðsins hafa góð og jákvæð áhrif á þjóðarsálina. Gott sé fyrir þjóðina að fá jákvæðar fréttir um þessar mundir.

„Þetta er glæsileg frammistaða og sýnir hverju menn fá áorkað ef þeir eru jákvæðir og liðsandinn er góður," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Hún segir að starfsmenn utanríkisráðuneytisins hafi reynt að fylgjast með leiknum eftir því sem kostur var. „Hér var mikil stemning og gaman að fylgjast með hvað handboltamennirnir okkar eru í góðu formi og vel stemmdir."

Hún ætlar að fylgjast spennt með leiknum á sunnudagsmorguninn. „Við krossum fingur og óskum þeim alls hins besta," segir Ingibjörg Sólrún.

„Þetta er merkilegasti íþróttaviðburður sem við höfum upplifað," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamála- og íþróttaráðherra, sem segir það töfrum líkast að horfa á liðið spila. „Mér finnst þeir vera svo einlægir og mannlegir. Og mér finnst þeir miðla svo miklu til allra kynslóða, ekki síst ungu kynslóðanna. Þetta skiptir okkur máli og auðveldar baráttuna við að hvetja fólk til að hreyfa sig meira og hugsa meira um heilsuna. Þetta hefur jákvæð áhrif þvert yfir samfélagið og við stöndum í mikilli þakkarskuld við þá alla."

Þegar er hafinn undirbúningur fyrir heimkomu landsliðsins á miðvikudag. „Það verður tekið á móti liðinu með pomp og prakt, eins og svona hetjur eiga skilið," segir Þorgerður. Og auðvitað verði öllum Ólympíuförunum fagnað.

ÚRSLITUNUM FAGNAÐ Geir H. Haarde fylgdist með síðari hálfleiknum í gær í hópi annarra ráðherra, þingmanna og fleira fólks við setningu landbúnaðarsýningarinnar á Gaddstaðaflötum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÁSKELL ÞÓRISSON

bjorn@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is

ERLEND VIÐBRÖGÐ

Danmörk: „Sensasjón!"

Fréttinni af undanúrslitaleiknum var gerð góð skil á forsíðu fréttavefjar Politiken. „Sensasjón: Ísland í handboltaúrslitunum", sagði þar í fyrirsögn. Þar muni „leikmennirnir frá einu minnsta landi Evrópu reyna að vinna fyrstu Ólympíugullverðlaun þjóðarinnar nokkru sinni".

AFP: Ísland malar Spán

„Ísland, sem ekki hafði verið talið sigurstranglegra fyrir leikinn, malaði Spán 36-30 í undanúrslitum handbolta karla og ná með því í fyrsta sinn í gullverðlauna-úrslitaleik," skrifar AFP-fréttastofan. Spánverjar hafi verið „teknir í bólinu" af baráttuglöðum Íslendingum og þeir hafi aldrei náð sér á strik gegn „mótherja sem hefur sett mótið á annan endann með því að taka hvern risann af öðrum af lífi", segir þar.

Þýskaland: „Þýskur" úrslitaleikur

Fréttavefur þýska blaðsins Rhein-Zeitung gerir það að aðalumfjöllunarefni að í báðum liðunum sem leika til úrslita, því franska og því íslenska, sé fjöldi leikmanna sem leika eða hafa leikið með þýskum félagsliðum. Að Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara meðtöldum bendir blaðið á að sex af fjórtán manna heildarliði Íslendinga leiki með þýskum liðum.

Foxsports: Ísland malar Spán

Bandaríska fréttastofan Fox segir Íslendinga hafa bætt einu höfuðleðri í beltið með því að sigra Spán eftir að hafa sigrað stórþjóðir eins og Rússa, Þýskaland og Pólland.

Ókrýndur prestur handboltalandsliðsins:

Hefði sleppt ættarmóti fyrir leikinn

„Ég gat auðvitað ekki misst af leiknum. Það liggur við að maður hefði sleppt jarðarför fyrir þetta," segir Guðni Már Harðarson sóknarprestur í Lindarkirkju glaður í bragði eftir sigur íslenska landsliðsins á Spánverjum í gær.

GUÐNI MÁR HARÐARSON

Guðni er ókrýndur prestur handboltalandsliðsins og hefur fylgt liðinu út til útlanda. „Ég hef reynt að fylgja landsliðinu á stórmót. Ég fór meðal annars til Pólands í ár til að styðja þá."

Margir af strákunum biðja fyrir leiki að sögn Guðna og hann segir það oft hjálpa þeim. Sjálfur biður hann fyrir þeim alltaf á kvöldin, daginn fyrir leik. „Ég geri það alltaf og ég hugsa að þó nokkuð margir hafi munað eftir þeim í kvöldbæninni í gærkvöldi," segir Guðni sem einnig biður meðan á leik stendur og biður þakkarbæn að leik loknum.

„Ég hef haft ótrúlega góða tilfinningu fyrir þessu móti og ég held að gott partý verði eftir þetta á sunnudaginn. Ég þori samt ekki að segja hvernig fer á sunnudaginn. Sá getur allt sem trúir og ef maður gerir það þá uppsker maður vel," segir Guðni sem er á leið á ættarmót í Danmörku.

„Áður en ég fór var ég búinn að kanna það hvort þetta væri ekki alveg örugglega sýnt og þetta er sýnt á TV2. Annars hefði maður ekki farið," segir Guðni kátur að lokum.

- vsp

„Handboltaáhrif" er eitt nýyrða í íslensku viðskiptalífi:

Ládeyða á markaði meðan á leik stóð

Handboltaáhrif er nýyrði í íslensku viðskiptalífi. Með áhrifunum er vísað til þeirrar ládeyðu sem var á markaðnum þegar Íslendingar kepptu við Spánverja um sæti í úrslitaleiknum á Ólympíuleikunum.

Nánast engin viðskipti áttu sér stað með krónuna. Einhver hreyfing var þó í hálfleik en svo hélst gengisvísitalan óbreytt út leikinn.

„Það voru engin viðskipti á skuldabréfamarkaði meðan á leiknum stóð en það voru 48 viðskipti gerð á hlutabréfamarkaði," segir Kristín Jóhannsdóttir, samskiptastjóri Kauphallarinnar. Hún segir að heildarvelta dagsins hafi verið sæmileg, bæði fyrir hlutabréfa- og skuldabréfamarkað en svo virðist sem fjárfestar hafi tekið sér tveggja klukkustunda hlé í dag.

Ef rýnt er í fortíðina má sjá að íslenska handboltalandsliðið leikur yfirleitt vel í kreppu. Þegar landsliðið stóð á verðlaunapalli í B-keppninni í Frakklandi 1989 var efnahagsástand þjóðarinnar ekki upp á marga fiska. Árið 2002 var niðursveifla á Íslandi en þá lenti íslenska landsliðið í fjórða sæti á Evrópumótinu í Svíþjóð.

Sérfræðingum á markaði kemur því tæpast á óvart nú mitt í allri bölsýninni og krepputali, að „strákarnir okkar" standi undir nafni og tryggi sér verðlaunapening á Ólympíuleikunum. - ghh

VETRARGARÐURINN Það var hreint mögnuð stemning í Smáralindinni þar sem fólk var komið saman til að hvetja strákana okkar áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/KJARTAN

Thor Vilhjálmsson:

Innblástur þjóðinni í heild

„Það er mikið undur að finna bræðralagið með þessum köppum, sem eru óstöðvandi vegna þess að þeir standa saman," segir Thor Vilhjálmsson rithöfundur um íslenska landsliðið í handbolta.

THOR VILHJÁLMSSON

Thor segist hafa horft á leikinn í gær, eins og þjóðin öll, og skemmt sér óskaplega vel.

„Kjarval sagði eitt sinn: Fólk sem aldrei lyftir neinu í samtaki, verður aldrei þjóð.

Vonandi verða þessir rösku drengir innblástur þjóðinni í heild, að standa saman, halda öllu sínu óspilltu og hrinda af sér allri óværu. Þeir leggja sig alla fram, hver og einn með sitt ágæti og allt í þágu heildarinnar og þjóðarinnar þar með," segir Thor.

- kg

Jóhannes Jónsson í Bónus:

Engin viðskipti á meðan á leiknum stóð

„Þetta var stórkostlegt," segir Jóhannes Jónsson oft kenndur við Bónus aðspurður um hvað honum fannst um leik íslenska landsliðsins og Spánverja í gær.

„Engin viðskipti voru hjá okkur á meðan á leiknum stóð en fólk gerði síðan vel við sig í mat og drykk þegar sigurvíman hrísl-aðist um þjóðina eftir leikinn," segir Jóhannes.

JÓHANNES JÓNSSON

Franska liðið er gríðarlega sterkt að mati Jóhannesar en íslenska liðið virðist skipað ofurmennum og því hefur hann fulla trú á þeim á sunnudaginn. „Ég verð nú samt í laxveiði á sunnudeginum en það verður væntanlega ekki byrjað að veiða fyrr en eftir leik," segir Jóhannes. - vsp

Wendel
TÆKI TIL VERKLEGRA FRAMKVÆMDA

Ammann valtarar og jarðvegsþjöppur
Tangarhöfða 1 | 110 Reykjavík | Sími: 551 5464 | www.wendel.is

Ótrúlegt verð

ÚLPUR
3.999.-

JEVA
DENMARK
SINCE 1956
Vandaðar skólatöskur

OPIÐ
til 20
alla daga

Mikið úrval af skólavörum

GOTT VERÐ
99.-

GOTT VERÐ
185.-

GOTT VERÐ
999.-

GOTT VERÐ
230.-

GOTT VERÐ
215.-

GOTT VERÐ
999.-

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Er rétt af Matthíasi Johannessen að birta trúnaðarsamtöl úr dagbókum sínum á netinu?

Já 36,7%

Nei 63,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að Íslendingar verði Ólympíumeistarar í handknattleik karla?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Rannsóknin á orsökum flugslyssins við Madríd:

Samverkandi þættir að baki

SPÁNN, AP Flugmálastjóri Spánar sagði í gær að nokkrir samverkandi þættir hefðu valdið flugslysinu á Barajas-flugvelli við Madríd í vikunni, sem kostaði 153 manns lífið.

Víðtæk rannsókn er í gangi á orsökum slyssins, með þátttöku bandarískra sérfræðinga og fulltrúa flugvélaframleiðandans, meðal annarra. Flugmálastjórinn Manuel Bautista sagði of snemmt að segja til um hvort mannleg mistök hefðu átt hlut að máli eða hvort óviðráðanleg tæknileg bilun hefði orðið.

Bautista sagði í viðtali við AP-fréttastofuna að hann hefði séð myndbandsupptöku af tilraun MD-82-þotu Spanair-flugfélagsins til flugtaks á miðvikudag, sem endaði með þessum ósköpum. Hann vildi þó ekki tjá sig um hana. Samkvæmt fréttum spænsku dagblaðanna El Pais og ABC er á upptökunni ekki að sjá að eldur hafi komið upp í öðrum hreyflinum áður en vélin skall í jörðina, eins og vitni höfðu talið sig hafa séð.

Vélin hafði einu sinni hætt við flugtak vegna loftinntaks-hitanema framan á henni sem ekki virtist virka. Vélin fórst svo þegar flugtak var reynt aftur, en þá hafði verið lokað fyrir þennan nema. Að sögn Bautista er ómögulegt að segja til um það á þessu stigi hvort neminn gefi nokkra vísbendingu um orsök slyssins. **- aa**

HVAÐ OLLI? Aðstandendur fórnarlamba slyssins lesa um það í dagblaði í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tekinn með fíkniefni:

Festist í gaddavír á flótta

LÖGREGLUMÁL Lögregla gómaði í fyrrakvöld karlmann á fertugsaldri eftir að hann hafði fest sig í gaddavír. Hann reyndist vera með ýmsar tegundir af fíkniefnum í fórum sínum.

Maðurinn var handtekinn í Háaleitishverfi. Hann tók til fótanna þegar hann varð lögreglu var. Á vegi hans varð grindverk sem gaddavír var strengdur ofan á. Í honum festist maðurinn þegar hann reyndi að klifra yfir. Lögreglumenn losuðu hann úr prísundinni og óku honum á lögreglustöð þar sem hann var færður í fangageymslu. **- jss**

Hreinsunarátak í miðborginni:

Ekki gripið til dagsekta enn

REYKJAVÍK Ekki hefur enn verið gripið til þvingunaraðgerða gagnvart húseigendum í miðbæ Reykjavíkur sem ekki hafa hlýtt boði um úrbætur á húsum sínum.

MAGNÚS SÆDAL

Samkvæmt bréfi sem fyrsti hópur húseigenda fékk í sumar, var gefinn frestur til 1. ágúst til þeirra úrbóta sem skoðunarmenn borgarinnar kröfðust. Magnús Sædal byggingarfulltrúi segir að ekki hafi komið til sekta. „Við skoðum það seinna í vetur, við höfum ekki sent öll bréfin út. Menn fá nú ekki sektir nema eitthvað verulega mikið sé að," segir Magnús. **- kóp**

Þýsku pari sleppt eftir að fíkniefni fundust í bílnum:

Með fíkniefni í sumarfrí

LÖGREGLUMÁL Þýsku pari var sleppt úr fangelsi í gærdag, eftir að upp hafði komist um tilraun fólksins til þess að smygla fíkniefnum inn í landið.

Við komu ferjunnar Norrænu í fyrradag til Seyðisfjarðar fundu fíkniefnaleitarhundar tollgæslunnar magn af ýmsum tegundum fíkniefna í bifreið fólksins. Hundarnir merktu á bílinn og fundu fljótlega hluta efnanna og vísuðu ferðalangarnir þá á það sem enn var ófundið. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var um nokkrar tegundir fíkniefna að ræða en lítið af hverri tegund. Hjúin, sem eru á milli tvítugs og þrítugs, voru að koma hingað til að eyða hér þriggja vikna sumarfríi. Þau játaði vörslu fíkniefnanna. Málinu var síðan lokið með sektargerðum hjá sýslumannsembættinu á Seyðisfirði í gær. Þar með var fólkið laust allra mála og gat hafið för sína um landið, eins og fyrirhugað hafði verið.

Þetta var í fyrsta skipti sem nýr fíkniefnaleitarhundur embættisins var notaður við leit og lofar frammistaða hans góðu um framhaldið, að því er fram kemur í frétt frá lögreglunni á Seyðisfirði. **- jss**

NORRÆNA Öðru hverju koma upp mál þar sem reynt er að smygla fíkniefnum með ferjunni Norrænu til landsins.



DREKASVÆÐIÐ Bretar, Danir, Færeyingar og Norðmenn hafa skráð sig á olíuráðstefnuna í Reykjavík í byrjun september en á henni verða kynntar niðurstöður rannsókna á Drekasvæðinu á Jan Mayen-hryggnum.

Statoil Hydro hefur áhuga á Drekaleit

Tugir manna frá erlendum olíuleitarfyrirtækjum hafa skráð sig á olíuleitarráðstefnu í byrjun september, þar á meðal frá norska olíurisanum Statoil Hydro. Sérstaða Íslendinga felst í opnu útboði.

ORKUMÁL Mikill áhugi er á olíuráðstefnunni Iceland Exploration Conference sem haldin verður í Reykjavík í byrjun september og hafa um áttatíu menn þegar skráð sig nú þegar enn er vika til stefnu. Ráðstefnan er haldin til að kynna Drekasvæðið og fyrirhugað útboð á sérleyfum til olíuleitar sem íslensk stjórnvöld standa fyrir fljótlega eftir áramótin.

KRISTINN EINARSSON

Kristinn Einarsson, verkefnisstjóri hjá Orkustofnun, segir að það séu fyrst og fremst Norðmenn, Bretar, Danir og Færeyingar sem hafi skráð sig á ráðstefnuna og þá einkum fólk frá smáum og millistórum olíuleitarfyrirtækjum sem hafa áhuga á að fylgjast með og jafnvel að gera tilboð í sérleyfi til olíuleitar. Kristinn staðfestir að fulltrúar norska olíurisans Statoil Hydro verði á ráðstefnunni.

„Við höfum kynnt þetta fyrir þeim eins og öðrum. Við vorum á sölusýningu á nýjum tækifærum í London í mars og höfðum þá samband við ýmsa á staðnum. Við höfum síðan sent bréflegar upplýsingar til um hundrað aðila þannig að Statoil er ekki eina félagið. Það eru til fleiri félög af svipaðri stærðargráðu og stærri en Statoil í olíuleitinni. Við vitum að fulltrúar frá þessum olíurisum fylgjast með okkur en ég veit ekki ennþá hvort þeir koma," segir hann.

Um svipað leyti og Íslendingar opna fyrir olíuleit á Drekasvæðinu verða svæði opnuð í Rússlandi, Grænlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Kristinn segir að alltaf sé í gangi leit að nýjum svæðum en stöðugt fleiri svæði lenda undir áhrifum ríkisolíufélaga eða olíufélaga sem séu bundin við ákveðin lönd. Statoil Hydro sé til dæmis að leita á hafsvæðinu vestan við Grænland.

„Rússarnir eru til dæmis ekki mikið fyrir að hleypa öðrum að hjá sér. Sérstaðan hjá okkur er sú að við ætlum ekki að koma á mót ríkisolíufélagi heldur verður þetta frjálst og opið útboð. Við gætum að vísu neyðst til að stofna ríkisolíufélag til að nýta okkur réttindi kkar Noregsmegin á Jan Mayen-hryggnum en við tökum afstöðu til þess þegar þar að kemur."

Á ráðstefnunni mun norska olíuleitarfyrirtækið Wavefield Inseis, sem fékk leitarleyfi á Drekasvæðinu 2001, kynna fyrstu niðurstöður á hljóðbylgjumælingum á Drekasvæðinu í sumar og sagt verður frá rannsókn Hafrannsóknastofnunar á 10.500 ferkílómetra svæði á botni Drekasvæðisins og rannsókn á lífríkinu á botninum. **ghs@frettabladid.is**

Femínistar fræða fólk:

Segja NEI á menningarnótt

FÉLAGSMÁL Karlahópur Femínistafélags Íslands mun dreifa bæklingum, póstkortum og öðru efni á menningarnótt til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi. Forvarnarstarfið er liður í átakinu „Karlmenn segja NEI við nauðgunum“, sem karlahópurinn hefur staðið fyrir undanfarin fimm ár.

Í tilkynningu frá hópnum kemur fram að hann leggi áherslu á að umræðan um kynbundið ofbeldi standi allt árið um kring. „Með þessu vill karlahópurinn leggja sitt af mörkum til að tryggja að allir skemmti sér á menningarnótt.“ - sh

RÚSTIR ÞRIÐJU BYGGINGARINNAR Úðarakerfi varð ónothæft þegar vatnsleiðsla brast. NORDICPHOTOS/AFP

Árásin á Tvíburaturnana:

Eldur olli hruni þriðja hússins

BANDARÍKIN, AP Eina ástæða þess að þriðja háhýsið í New York hrundi þann 11. september árið 2001 er eldurinn sem lék um bygginguna í kjölfar árása hryðjuverkamanna.

Þetta er niðurstaða rannsóknar, sem bandarísk stjórnvöld létu gera og birt var í gær. Samsæriskenningar hafa verið um að bandarísk stjórnvöld hafi viljandi sprengt þessa þriðju byggingu til grunna.

Tvíburaturnarnir tveir hrundu eftir að farþegaþotum var flogið á þá, en þriðja byggingin, hin 47 hæða World Trade Center 7, hrundi síðar um daginn. Samkvæmt þessari nýju rannsókn varð úðarakerfi byggingarinnar vatnslaust eftir að vatnsleiðsla rofnaði þegar stóru turnarnir tveir hrundu. - gb

DÓMSTÓLAR

Fleygði glasi í andlit annars

Rúmlega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, en hann fleygði glerglasi í andlit annars manns fyrir utan Kaffibarinn í miðbæ Reykjavíkur í desember í fyrra. Sá sem glasið fékk í andlitið hlaut þriggja sentímetra skurð á enni og mar á nefi.

200.000 NAGLBÍTAR +LÚÐRA SVEIT VERKA LÝÐSINS

„Sterkari saman“ á tónleikum í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu klukkan 21.30 í kvöld

Rokksveitin 200.000 naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins blása til tónleika þar sem frumflutt verða lög af væntanlegri plötu. Tónleikarnir eru í boði ASÍ sem gefur tóninn undir yfirskriftinni „Sterkari saman“. Misstu ekki af þessari kraftmiklu og einstöku tónlistarupplifun.

Alþýðusamband Íslands

ENNEMM / SÍA / NM35047

Hengillinn

Ævintýri á gönguför

Boðskort

Sunnudaginn 24. ágúst kl. 14:00 opnar Orkuveita Reykjavíkur ljósmyndasýningu Önnu S. Sigurðardóttur og Tryggva Þormóðssonar í Hellisheiðarvirkjun.

Anna og Tryggvi hafa um árabil gengið á Hengilssvæðinu og safnað fjölda mynda úr ferðum sínum. Af því tilefni er þér boðið að vera við opnunina og þiggja kaffi og meðlæti.

Þér er velkomið að mæta á gönguskónum, en ásamt fjölskrúðugum myndum eru lýsingar á helstu gönguleiðum svæðisins.

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.280 **+0,88%**

Fjöldi viðskipta: 196
Velta: 1.970 milljónir

MESTA HÆKKUN

FØROYA BANKI	6,14%
SPRON	2,98%
ICELANDAIR	2,87%

MESTA LÆKKUN

ATLANTIC PETROL.	-2,37%
BAKKAVÖR	-1,26%
ALFESCA	-0,45%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,70 -0,45% ... Atorka 5,42 -0,37% ... Bakkavör 27,45 -1,26% ... Eimskipafélagið 14,25 +0,35% ... Exista 8,20 +2,50% ... Glitnir 15,60 +1,30% ... Icelandair Group 19,70 +2,87% ... Kaupþing 714,00 +0,85% ... Landsbankinn 23,95 +1,06% ... Marel 86,60 +0,00% ... SPRON 3,46 +2,98% ... Straumur-Burðarás 9,48 +0,11% ... Össur 90,50 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Flöskuvatn á útleið?

Að undanförnu hafa umhverfisverndarsamtök vestanhafs beint spjótum sínum að flöskuvatni, og svo virðist sem sú barátta sé farin að bera árangur. Á mánudag ákvað borgarráð London í Ontario, Kanada að banna sölu á flöskuvatni í öllum byggingum í eigu borgarinnar, þar á meðal íþróttamannvirkjum. London Ontario er að vísu ekki mjög stór á kanadískan mælikvarða, en þar býr þó nærri hálf milljón manns.

Fjölmargar aðrar borgir í Kanada og Bandaríkjunum undirbúa sams konar aðgerðir og margar stærstu borgir á vesturströnd Bandaríkjanna, San Francisco, Seattle og Santa Barbara hafa þegar skorið upp herör gegn sölu á flöskuvatni. Borgaryfirvöld í háskólabænum Davis í Kaliforníu hafa einsett sér að útrýma notkun á einnota vatnsflöskum með öllu.

Jafn illa séð og Hummer-jeppar

Bent hefur verið á að árlega fari um 1,5 milljón tunnur af olíu í að framleiða plastflöskur fyrir flöskuvatn og að flutningur á flöskuvatni heimshorna á milli skapi enn meiri mengun. Einn helsti baráttumaðurinn gegn flöskuvatni í Kanada, David Suzuki, sagði reyndar í samtali við The Globe and Mail í Ontario að „flöskuvatn væri búið að vera“, og að „innan skamms yrði litið á fólk sem drekkur flöskuvatn sömu augum og þá sem keyra um á risajeppum“. Það er spurning hvernig þessi herferð umhverfisverndarsinna gegn flöskuvatni leggst í stærsta vatnsútflytjanda íslands, Jón Ólafsson.

Icebank úr mínus í plús

„Fyrsti fjórðungur var afleitur,“ segir Agnar Hansson, bankastjóri Icebank. Bankinn hagnaðist um 560 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við rúmlega 3,3 milljarða tap á fyrsta fjórðungi ársins. Tap á fyrri hluta árs nam 2,8 milljörðum samanborið við tæpa 4,2 milljarða hagnað í fyrra.

Viðsnúningur á milli fjórðunga liggur að mestu í gengishagnaði og auknum þóknanatekjum. Þá hafa vaxtatekjur aldrei verið hærri og standa undir rekstrarkostnaði bankans, að því er fram kemur í uppgjöri Icebank.

- jab

Seðlabankastjórar funda í Wyoming

„Hægja mun á verðbólgu síðar á þessu ári og því næsta.“ Þetta sagði Seðlabankastjóri Bandaríkjanna, Ben Bernanke á fundi stjórnenda seðlabanka heimsins sem haldinn er árlega í Jackson Hole í Wyoming. Bernanke gaf til kynna að stýrivextir í Bandaríkjunum yrðu óbreyttir.

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri situr fundinn fyrir Íslands hönd.

Í ræðu sinni benti Bernanke á að lægra orku- og hráefnaverð hefði slegið á verðbólguþrýsting, en mikilvægt væri þó að seðlabankar kæmu í veg fyrir að verðbólguvæntingar ykjust að nýju. Þá myndi ókyrrð í fjármálaheiminum áfram ógna hagvexti. Þá ræddi Bernanke nauðsyn þess að reglur á fjármagnsmörkuðum yrðu teknar til gagngerrar endurskoðunar svo komast mætti hjá því að krísur líkt og sú sem nú gengur yfir endurtækju sig.

Helstu umræðuefni fundarins, sem lýkur í dag, er hvernig seðlabankar geta komið böndum á verðbólgu og hvernig koma megi böndum á lánsfjárkrísuna.

- msh



BEN S. BERNANKE Talið er að dragi úr verðbólguþrýstingi á síðari hluta ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Golf á Spáni í september
Fararstjóri: Björn Eysteinsson

Real de Faula / Alicante Golf
11.–20. september
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting á 4 Hotel Villaitana og 5* Hotel Hesperia, 4 golfhringir á Real de Faula, 5 golfhringir á Alicante með golfbíl, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.*

Alicante Golf
11.–20. september
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á 5 Hotel Hesperia, 7 golfhringir með golfbíl, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.*

Alicante Golf
20.–27. september
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á 5 Hotel Hesperia, 5 golfhringir með golfbíl, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.*

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Fjölmargir vilja frysta lán frá Íbúðalánasjóði

Íbúðalánasjóður býðst til að frysta lán þeirra sem hafa keypt sér nýtt húsnæði en ekki getað selt það eldra. Mikið er um þetta að sögn sjóðsins. Bankastjóri Landsbankans segir að hvert og eitt svona mál sé skoðað. Reynt sé að koma til móts við viðskiptavini.

FÓLK Í ÞRENGINGUM FÆR AÐ FRYSTA LÁN Íbúðalánasjóður býðst til þess að frysta lán þeirra sem keypt hafa húsnæði án þess að geta selt það eldra. Bankastjóri Landsbankans segir bankana líta á hvert tilvik fyrir sig og minnir á að skuldirnar haldi áfram að safna vöxtum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er nokkuð algengt,“ segir Gylfi Örn Guðmundsson hjá Íbúðalánasjóði, um að fólk sem hafi keypt sé nýtt húsnæði, nái ekki að selja hið eldra.

Sjóðurinn hefur ákveðið að heimila þeim sem eiga tvær húseignir og hafa ekki getað selt aðra, að fresta afborgunum af lánum sjóðsins. Sama á við um þá sem eru að byggja og eru með lán hjá sjóðnum á nýja húsinu eða því sem ekki hefur tekist að selja. Hingað til hefur sjóðurinn gefið fólki kost á að fresta afborgunum hafi það orðið fyrir áföllum, eins og atvinnumissi.

Þeir sem sækja um þetta til sjóðsins þurfa að hafa keypt fasteign eftir 1. júlí í fyrra, reynt hafi verið að selja aðra eignina og „fjárhæð láns/lána, að lokinni frystingu, fari ekki yfir 90% af kaupverði/söluverði“. Íbúðalánasjóður heimilar einnig að lán á báðum eignum verði fryst.

Gylfi Örn segir að sjóðurinn hafi ekki kannað umfang þessa, en mjög margir hafi haft samband við sjóðinn vegna greiðsluerfiðleika. Því hafi verið farið fram á þetta við félagsmálaráðuneytið.

Hvíli lán frá Íbúðalánasjóði á annarri eigninni eingöngu er hægt að sækja um greiðslufrest á því láni, segir í tilkynningu á vef Íbúðalánasjóðs.

„Það streyma inn umsóknir til okkar,“ segir Gylfi Örn.

Ásta Sigrún Helgadóttir, hjá Ráðgjafarstofu heimilanna, segir aðgerðirnar jákvæðar. „Þetta gerist auðvitað þegar fasteignamarkaðurinn kólnar. Þeir sem keyptu nýtt húsnæði en náðu ekki að selja hafa kannski þurft að fleyta sér áfram á yfirdráttarláni. Það segir sig sjálft að það verður ákaflega kostnaðarsamt.“

Hún segir erfitt að segja nokkuð um hvort bankarnir ættu að grípa til sambærilegra ráðstafana. „Íbúðalánasjóður hefur félagslegt hlutverk, en bankarnir hafa önnur markmið og engar skyldur verða lagðar á þá.“

Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir aðgerðir sjóðsins jákvæðar. „Ég held að ég geti fullyrt fyrir hönd allra banka að reynt sé að fara yfir hvert svona tilvik fyrir sig og gera það sem er skynsamlegast fyrir viðskiptavininn. Það verður þó að hafa í huga að þótt afborgunum sé frestað um stund þá halda vextirnir áfram að tikka, svo fólk verður að hugsa hlutina ekki bara til skemmri tíma heldur líka til lengri tíma. Í einhverjum tilvikum kann að vera skynsamlegast fyrir fólk að sætta sig við lægra verð og selja aðra íbúðina.“

ingimar@markadurinn.is

Ætla að rýmka fjárfestingarheimildir

„Markmiðið er að einfalda og draga úr hömlum á fjárfestingum erlendra aðila hér á landi,“ segir Jón Þór Sturluson, formaður nefndar viðskiptaráðherra um málið.

Nefndin var skipuð í fyrrahaust og á að endurskoða lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Töluverðar takmarkanir eru á fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi, en einnig eru hömlur á fjárfestingu í orkuvinnslu og flugrekstri.

Nefndin átti að ljúka störfum í byrjun sumars en er enn að. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er vinnan hins vegar á lokasprettinum og útlit fyrir að vinna hennar verði nýtt til frumvarps sem viðskiptaráðherra leggi fram í vetur.

Álfheiður Ingadóttir, fulltrúi Vinstri grænna í nefndinni, segir að í raun séu engar hömlur á erlendri fjárfestingu nema í sjávarútvegi. „Við teljum ástæðulaust að hreyfa við því.“ Hún segir að hömlur á fjárfestingum erlendra aðila séu ekki ástæða þess að útlendingar hafi lítið fjárfest hérlendis. „Það þarf að finna aðrar skýringar á því.“

Fram kom í blaðinu í gær að Norðurál hefur sýnt áhuga á því að fjárfesta í orkuvinnslu hérlendis og þreifað fyrir sér um hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Hitaveitan mun sjá álveri í Helguvík fyrir rafmagni.

- ikh

ÁLVERSSTARFSMENN Stórnvöld stefna að því að rýmka fyrir fjárfestingar útlendinga hér. MYND/EIRÍKUR KRISTÓFESRSSON

Mjög dregur úr afkomu ÍLS

„Sjóðurinn á að reka sig sem næst núlli og stefnir því í ágæta afkomu,“ segir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs.

GUÐMUNDUR BJARNASON

Samkvæmt nýbirtu uppgjöri hagnaðist sjóðurinn um 466 milljónir króna á fyrri helmingi ársins. Samdráttur milli ára nemur 75 prósentum.

Guðmundur segir erfiðar aðstæður á fjármála- og fasteignamarkaði skýra muninn á milli ára. Fyrri hluti síðasta árs hafi verið mjög góður en slakari á hinum helmingnum. Sérstaklega hafi verðbólguskot sett strik í reikninginn. Eigið fé sjóðsins í lok júní nam rúmum 20,6 milljörðum króna, sem er svipað og á sama tíma í fyrra. Þá var eiginfjárhlutfall átta prósent en var sjö í fyrra. Guðmundur segir margt benda til að draga muni úr verðbólgu á seinni hluta árs og muni þá staðan batna.

- jab

FRÁ ÓSLÓ Verðbréfafyrirtækið Car í Noregi er fyrst til að falla af þeim sem spáð hafa íslenskum bönkum hvað mestum hrakförum.

Kreppan leggur norskt fyrirtæki

Í vikunni varð norska verðbréfafyrirtækið Car gjaldþrota. Starfsemi fyrirtækisins hefur ekki farið hátt hér á landi fyrir utan það að greinandi þess spáði Kaupþingi miklum hrakförum í júní síðastliðnum.

Í sumar var haft eftir Tom Svendsen, greinanda félagsins, í Dagens Næringsliv í Noregi, að EDGE innlánsreikningar Kaupþings væru til marks um örvæntingarfulla leit bankans að peningum þar sem bankinn rambaði á barmi gjaldþrots.

Dagens Industri í Svíþjóð greinir nú frá því að Car hafi orðið að hætta starfsemi vegna þess að fyrirtækið uppfylli ekki kröfur fjármálaeftirlits um eiginfjárstöðu.

- óká

WILHELM PETERSEN Forstjóri Atlantic Petroleum segir uppgjör félagsins í takt við væntingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hagnast á gengismun

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum hagnaðist um 2,8 milljónir danskra króna á öðrum fjórðungi ársins. Þetta jafngildir 45,5 milljónum íslenskra króna samanborið við tap upp á 35 milljónir danskra króna á sama tíma í fyrra.

Félagið tapaði 31,4 milljónum danskra króna á fyrri helmingi ársins samanborið við 39,3 milljóna króna tap í fyrra.

Viðsnúningurinn nú er að mestu tilkominn vegna gengishagnaðar, líkt og fram kemur í uppgjöri olíuleitarfélagsins.

Wilhelm Petersen, forstjóri Atlantic Petroleum, segir uppgjörið í takt við væntingar þrátt fyrir tafir á framkvæmdum.

- jab

www.volkswagen.is

Eigðu afganginn!

Þeir sem bera saman verð og gæði velja Volkswagen

Volkswagen Golf	Toyota Auris	Ford Focus
Golf United 1,6 – Beinskiptur, bensín	Auris Sol 1,6 – Beinskiptur, bensín	Focus Trend 1,6 – Beinskiptur, bensín
Verð: 2.690.000 kr.	**Verð: 3.180.000 kr.***	**Verð: 2.850.000 kr.***
Eyðsla: 7,4 l / 100 km. Blandaður akstur	Eyðsla: 6,9 l / 100 km. Blandaður akstur	Eyðsla: 6,7 l / 100 km. Blandaður akstur
Hestöfl: 102	Hestöfl: 124	Hestöfl: 100
Sóllúga: Já	Sóllúga: Nei	Sóllúga: Nei
ESP stöðugleikastýring: Já	ESP stöðugleikastýring: Já	ESP stöðugleikastýring: Já
Hiti í framsætum: Já	Hiti í framsætum: Nei	Hiti í framsætum: Nei
Þokuljós að framan: Já	Þokuljós að framan: Já	Þokuljós að framan: Já
Hiti í hliðarspeglum: Já	Hiti í hliðarspeglum: Já	Hiti í hliðarspeglum: Nei
Álfelgur: Já	Álfelgur: Nei	Álfelgur: Nei
Leðurstýri: Já	Leðurstýri: Já	Leðurstýri: Já
Rafdrifnir hliðarspeglar: Já	Rafdrifnir hliðarspeglar: Já	Rafdrifnir hliðarspeglar: Já
Armpúði milli framsæta: Já	Armpúði milli framsæta: Nei	Armpúði milli framsæta: Nei

Þegar þú velur Golf fram yfir Auris eins og í dæminu hér til hliðar er „afgangurinn“ **490.000 kr.**

Þegar þú velur Golf fram yfir Focus er „afgangurinn“ **160.000 kr.**

*samkvæmt verðlista viðkomandi umboðs

Fáðu þér betur búinn bíl og sparaðu háar fjárhæðir í leiðinni

Þegar þú berð saman verð og gæði kemur í ljós að þú færð betur búinn bíl og sparar um leið háa fjárhæð ef þú velur Volkswagen. Það er ótrúlegt en satt að nýr Golf, með öllum sínum gæðum og búnaði, kostar minna en aðrir bílar í sama flokki. Ekki spillir fyrir að þú þarft aðeins að greiða 20% út, t.d. með uppítöku, og færð það sem upp á vantar að fullu lánað í erlendri mynt. Komdu núna og tryggðu þér Golf – og notaðu afganginn í eitthvað annað.

Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

Fíton/SÍA

zetor

Raftækniskólinn er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli, sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

Námskeið í smíði og samsetningu

Gítarmagnara

Á námskeiðinu getur þú sett saman þinn eigin lampagítarmagnara undir handleiðslu kennara. Innifaldir í námskeiðinu eru sérvaldir hágæða íhlutir frá Trinity Amps í Toronto. Kjörgripur fyrir gítarleikara og aðra tónlistarmenn sem vilja eignast frábæran lampamagnara, og smíða hann sjálfir!

Námskeiðið er alls 30 kennslustundir og hefst í þriðjudaginn 4. nóvember.
Nánari upplýsingar í síma 514 9000, á www.tskoli.is eða með fyrirspurn á vgv@tskoli.is.

Raftækniskólinn
Tækniskólinn

www.tskoli.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

BÓNUS FERSKUR KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
í álbakka **539 kr./kg.** MERKT VERÐ 899 KR./KG.

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

Búrfells samlokuálegg
138 kr.pk. MERKT VERÐ 230 KR.PK.

Bónus hangiálegg í sneiðum
aðeins **1798 kr./kg.**

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

Ferskar grísalundir
1319 kr./kg. MERKT VERÐ 2198 KR./KG.

Ferskt grísagúllas
1122 kr./kg. MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

Ferskt grísasnitsel
1122 kr./kg. MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

Ferskar grísakótilettur
1068 kr./kg. MERKT VERÐ 1779 KR./KG.

Ferskt grísahakk
528 kr./kg. MERKT VERÐ 879 KR./KG.

Ferskar grísarifjur
659 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

Ferskt grísasnitsel í raspi
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

Ferskar grísakótilettur í raspi
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

Ferskir grísaskankar
179 kr./kg. MERKT VERÐ 298 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

25%
AFSLÁTTUR
KS FROSINN LAMBAHRYGGUR
975 kr./kg. MERKT VERÐ 1298 KR./KG.

1079
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1079 kr./kg.

863
OS SKÓLAOSTUR
STÓRT STYKKI
20% LÆGRA VERÐI **863 kr./kg.**

98
Myllu heimilisbrauð hálft
385g 98 kr stk.

115

898
Bónus hamborgarhryggur
898 kr./kg.

40%
AFSLÁTTUR
Holta blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

499
KS frosið lambasúpukjöt
1.FLOKKUR **499 kr./kg.**

25%
AFSLÁTTUR
KF kofareykt sveitabjúgu
299 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR
Ali ferskur grísahnakki úrbeinaður
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

499
Ali ferskur grísabógur
499 kr./kg.

115
Pepsi MAX 2 ltr. 115 kr.
Egils 7-up 2 ltr. 115 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Dagdraumar og framavonir:

Óskastundin

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Öll þráum við óskastundina, stundum oft á dag. ég vildi, ég óska … Þráin, viljinn að heimta það torsótta, óvænta, er efld með öllum ráðum í vitund okkar: hinn óvænti vinningur, hamingjustundin, sæla augnabliks er lofuð og upphafin allt í kringum okkur en er torfengin: til forna stigu óskasteinar upp úr djúpum brunnum utan alfaraleiða og flutu þar skamma næturstund.

Í dag rætist sú ósk borgarbúa að þeir komi saman á torgum og dreift samfélag borgar okkar verði eitt mannhaf: við komum saman. Og gríðarleg þátttaka borgarbúa í hátíð dagsins er til marks um að við náum saman þegar við hörfum inn í gamla kvosina og holtadrögin umhverfis. Göturnar fyllast af gangandi fólki og borgin iðar af lífi. Óskin um lifandi borgarlíf verður staðreynd.

Og fólk talar þá saman. Borgarbúar hafa um margt að tala þessa dagana. Borgin okkar hefur fengið nýja en þó gamla stjórn. Víst vildu margir borgarbúar geta kosið nýja borgarstjórn, veitt nýjum og sterkari meirihluta skýrara umboð en nú ríkir í borginni. Það finna fulltrúar sem nú sitja í borgarstjórn. Það sundraða vald sem þar hefur ríkt um langa hríð finnur þá megnu óánægju sem logar enn meðal umbjóðenda borgarfulltrúanna. Margt breyttist ef þá bitru virkjun mætti gangsetja strax og hætt við að margir yrðu þá að verja sæti sín á framboðslistum. En það verður ekki, hvorki hér né í öðrum sveitarfélögum þar sem sundrung og valdabarátta hefur laskað sveitarstjórnir. Ekki er hægt að breyta sveitarstjórnarlögum þannig að kosið verði upp á nýtt í hvert sinn sem meirihlutasamstarf hrekst milli fylkinga sökum eiginhagsmunapots kjörinna fulltrúa. Í Reykjavík hefur harmleikur verið endurtekinn sem farsi.

Ungur leiðtogi sjálfstæðismanna hefur loksins heimt það vald sem henni bar greinilega fyrir mörgum mánuðum. Vanmat sjálfstæðismanna á kvenlegri forystu í sínum flokki ræðst ekki af öðru en rótgróinni íhaldssemi sem hefur valdið flokknum skaða sem mögulega verður ekki bættur. Afdráttarlaus afstaða hins nýja borgarstjóra í fjölda mála er fagnaðarefni. Reykvíkingar vilja skýrar línur, áhugi þeirra á framfaramálum sínum er líka skýrari eftir valdabrölt síðustu missera. Þeirra óskir eru skýrari um sumt en annað ekki: vilja þeir reisa fleiri gufuaflsvirkjanir á gropnu Hengilssvæðinu í túnfæti Hvergerðinga? Ekki vildu þeir hafa þær í Laugardalnum. Vilja þeir sjá hafnaraðstöðu sína flytjast út í eyjar eða í nálægar víkur? Sætta þeir sig við að þvergirðingsleg afstaða flugmálayfirvalda standi áfram í vegi fyrir hraðri leit að nýju flugvallarstæði?

Óskastundina fær maður aldrei gripið, stundum hittir óskastundin mann óvænt. Þennan dag þegar borgarbúar koma saman hlýtur sú ósk að vera rík í brjóstum þeirra að borgarstjórn Reykjavíkur nái saman þokkalegri liðsheild og nái að vinna borgarbúum gagn.

Því eins og gærdagurinn sýndi okkur verða menn að vinna til þess að fá óskir sínar uppfylltar. Þrotlaus vinna, bjartsýni og gleði til verka skila liðsheild árangri. Dagdraumar og framavonir rætast ekki nema menn vinni fyrir þeim, rétt eins og okkar menn í Beijing sýndu í gær, rétt eins og þeir munu sýna sjálfum sér og öllum heiminum á morgun. Óskir okkar duga skammt og rætast aðeins í framkvæmdinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

FRÁ DEGI TIL DAGS

Höfðingleg heimsókn

Á meðan borgarmála- og ólympíufárið mikla geisar hafa smærri, en þó ekki endilega ómerkilegri, viðburðir viljað lenda utan kastljóssins. Einn slíkra viðburða var höfðingleg heimsókn Jóseps nokkurs Parry hingað til lands, en hann dvaldi hér dagana 17. til 20. ágúst og snæddi meðal annars hádegisverð með Geir H. Haarde forsætisráðherra. Parry þessi er starfsbróðir Geirs í öðru litlu eyríki, Nevis í Karíbahafi, sem er hluti af hinu stærra eyríki St. Kitts og Nevis. Á Nevis búa hvorki meira né minna en tólf þúsund manns. Hér kynnti Parry sér meðal annars nýtingu jarðvarma.



Eitt litlasta landið

Á meðal eyjaskeggjanna tólf þúsund má eflaust finna einn, jafnvel maka þjóðhöfðingja, sem álítur Nevis „stórasta land í heimi“, þótt það sé raunar mun nær því að vera eitt litlasta land í heimi. Eins og Ísland.

Engin verðlaun

Það er þó engin ástæða til að gera lítið úr þjóðinni, þótt hún sé vissulega afar lítil. Eins og sannast hefur á síðustu dögum eru smáþjóðum allir vegir færir. Ólíkt Íslendingum hafa íbúar St. Kitts og Nevis, alls um fjörutíu þúsund, hins vegar aldrei unnið til verðlauna á Ólympíuleikum. Eini þátttakandi þeirra á leikunum í ár er hundrað metra hlauparinn Kim Collins, sem hafnaði í fimmta sæti í sínum riðli í undanúrslitahlaupi.

Eins og íslensku handboltamennirnir er Collins þjóðhetja í heimalandi sínu. Ólíkt þeim komst hann hins vegar ekki upp úr undanúrslitum og hefði það líklega orðið stoltum Geir Haarde tilefni til háðsglósa ef heimsóknina hefði borið að fáeinum dögum síðar.

stigur@frettabladid.is

Borgarstjóri mánaðarins

Borgarstjóri ágústmánaðar er Hanna Birna Kristjánsdóttir. Við óskum henni velfarnaðar í starfi sem hún er vel að komin, jafn glæsileg, skelegg og hraðvirk sem hún birtist okkur. Einhverntíma hefði verðskulduð tign hennar þótt til tíðinda en nú er þetta bara dapurleg neðanmálsfrétt eins og gat að líta í blaðinu í gær: „Hanna Birna borgarstjóri“, örfrétt neðst á síðu, eins og um væri að ræða nýjan hreppstjóra á Ströndum.

Hanna Birna tekur við á ömurlegum tíma. Hún reynir að brosa framan í vélarnar en það glampar á blóð á bakvið. Yfir öxl hennar má sjá þrjá borgarstjóra liggja í valnum. Þann fyrsta felldi hún óvart, þann næsta felldi hún með þögninni en þann þriðja tók hún sjálf af lífi. Enda hafði stálkonan þá lært vel til verka og auk þess eignast eigið hnífasett.

Fjórði meirihluti kjörtímabilsins, sem alveg má kalla Leið 4 Vonarstræti – Vígaslóð, birtist okkur blóðugur upp að öxlum með beittan hníf í hendi. Hann virkar því sterkur. Hér er einbeitt fólk og grimmt að taka við. Hanna Birna vó Vilhjálm Þ, Dag B og Ólaf F en Óskar Bergsson bakstakk félaga sína í minnihlutanum, fólkið sem hafði gefið honum allan heimsins séns, allt það pólitíska pláss sem hann vildi og meira að segja stól í sjálfu borgarráði að auki: Gjörðu svo vel, Óskar minn. Sjaldan launar kálfurinn ofeldið.

En Óskar er smiður og vanur að sjá verk sín rísa. Bitra var hinn bitri sannleikur sinnaskipta framsóknarmannsins. Og sjálfur hefur maður nettan skilning á því. Hugtakið umhverfisvernd hefur líklega hámarkað áhrif sín þegar ekki má lengur bora eftir peningum á Hellisheiði, þeim

HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Borgarmál

yndisfagra stað. Nú þegar kreppir að og allur heimurinn leitar að umhverfisvænum orkugjöfum má það teljast hugsjónalegur flottræfilsháttur að ætla sér að sitja á gullinu græna og neita sér um nýtingu þess bara vegna þess að stöðvarhúsin eru ekki nógu flott og leiðslurnar ljótar. Því verður vart neitað að tækifæri okkar sem þjóðar hljóta að liggja í nýtingu jarðvarmans, hinnar „hreinu olíu“. Og við hljótum að geta fundið leið til að gera það í sátt við umhverfið og VG.

Við vonum því að Leið 4 láti ekki aðeins blóðverkin tala og beiti hnífum sínum á annað en kollegana í borgarstjórn. En þó mætti nýi borgarstjórinn byrja á því að að skera niður í eigin ranni.

Enn á ný sest Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson í virðulegan stól á vegum borgarbúa. Eftir að hafa opinberað stórfellt vanhæfi á stóli borgarstjóra og staðið fyrir ómerkilegasta skollaleik í stjórnmálasögu seinni tíma, leik sem nú hefur opinberast kjósendum svo við blasir að höfundar hans stálu hálfu ári úr lífi heillar borgar til þess eins að tryggja eigin rassi mýkri sessu, hefur nú bæst á tossablað hans boðsferð í laxveiði á vegum Baugs, mánuði áður en Orkuveitan gekk til sængur með einkarisanum. Út með manninn og það strax.

Og út með hina líka. Ekki bara ráðherrann sem flaut með í för, (í Svíþjóð og Noregi væri Gulli Þór að segja af sér núna) heldur líka Kjartan Magnússon, höfuðpaurinn í janúarplottinu mikla. Hvernig getur hann setið áfram eftir öll loforðin sem hann gaf Ólafi F? Hvernig getur hann boðið okkur upp á bros sitt eftir að hafa orðið uppvís að því að beita mafíubrögðum á veikan mann, gert honum „tilboð sem hann gat ekki hafnað“? En í staðinn fyrir að hann taki pokann sinn er siðferðisumeistarinn settur yfir barnaskóla borgarinnar…

Nei. Hanna Birna ætlar ekki að losa okkur við þessa menn. Hún ætlar að dragnast með draugana út kjörtímabilið vegna þess að sjálf er hún samsek og meðsek í flestum þeirra gjörðum. Hún stóð þögul að baki janúarplotturunum kvöldið illa á Kjarvalsstöðum og naut svo góðs af gjörðum þeirra í 200 daga en uppsker nú fyrst almennilega. Og hún skrifaði líka upp á málefnasamninginn við Ólaf F sem gekk gegn öllum stefnumálum flokksins hennar. Enda nú búin að semja nýjan samning sem er viðsnúningur á öllu sem hún samþykkti í janúar. Hversu margar skoðanir getur einn flokkur haft á einu kjörtímabili?

Það er sorglegt að sjá öflugan og efnilegan stjórnmálamann komast til valda með slíku brölti. Að þurfa að klofa yfir klaufaskap forvera sinna, kokgleypa allt þeirra rugl og samsinna lygum þeirra, og sitja svo uppi með þrjótana innanborðs, starfa í skugganum af gerðum þeirra út kjörtímabilið og ganga til kosninga með sakbitnar varir. Af öllum þessum sökum verður Hanna Birna alltaf borgarstjóri mánaðarins, því mánuðurinn janúar 2008 mun fylgja henni um ókomin ár.

Er óvissan framtíðin?

UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson skrifar um efnahagslíf.

JÓN GUNNARSSON

Við erum á tímamótum, íslenskt efnahags- og atvinnulíf er að ganga í gegnum þrengingar. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að skilningur og traust ríki á milli þeirra sem ábyrgð bera á undirstöðum samfélagsins, vinnuveitenda, verkalýðsfélaga, ríkisstjórnar og sveitarfélaga.

Það kreppir að og stefnir í ástand á atvinnumarkaði sem við höfum ekki séð um áraraðir. Við þeim aðstæðum þarf að bregðast með aukinni atvinnu- og verðmætasköpun.

Við erum rík þjóð, eða eins og iðnaðarráðherra orðaði það í einni af sínum fleygu ræðum, „blessuð þjóð“, fyrir þá orku sem við eigum óbeislaða. Tækifærin liggja í nýtingu náttúruauðlinda okkar og sérstaklega verður að horfa til landsbyggðarinnar þegar ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar. Langtímalausnir í efnahagsmálum liggja í því að efla framleiðslu og auka útflutningstekjur okkar. Við höfum ekki efni á að framleiðslulína orkufreks iðnaðar á Íslandi hiksti. Í þeirri uppbyggingu verður að vera samfelld framleiðsla. Sjávarútvegur hefur verið grunnur okkar velferðasamfélags. Það þarf meira til og þess vegna verður að virkja orkuauðlindir og skapa umhverfi sem hvetur erlend fyrirtæki til að koma með atvinnuskapandi starfsemi til landsins. Þeirri óvissu sem skapast hefur við misvísandi skilaboð frá stjórnmálamönnum í þessu máli verður að linna. Fram hefur komið hjá ráðherra að fyrirtæki með fjölbreytta orkufreka starfsemi hafi áhuga á uppbyggingu hér á landi. Mikilvægt er að hraða þeirri undirbúningsvinnu sem nauðsynleg er og að þau fyrirtæki sem um er að ræða geti treyst því að full alvara sé við samningaborðið. Ef ekki verður þannig búið um hnútana snúa þau sér einfaldlega annað. Með nýjum meirihluta í Reykjavík hefur óvissunni verið eytt hvað varðar frekari virkjanaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Reikna má með að ráðist verði óhikað í Bitruvirkjun og framhald geti orðið á viðræðum við stórfyrirtæki sem hyggur á atvinnustarfsemi sem skapar hundruð hátæknistarfa á Suðurlandi. Misvísandi skilaboð höfðu stefnt þeim viðræðum í hættu. Með sama hætti verður að eyða allri óvissu varðandi framkvæmdir við álver í Helguvík og á Bakka. Stjórnvöld verða að hafa það sem forgangsatriði að greiða götu þeirra framkvæmda sem best þau geta. Óvissa er eitthvað sem ekki gengur upp í viðskiptum og það er óskhyggja að reikna með því að Ísland sé eini valkosturinn fyrir fyrirtæki sem starfa á alþjóðamarkaði.

Höfundur er alþingismaður.

Tækifæri í eldfjöllum

UMRÆÐAN
Hinrik Ólafsson skrifar um jarðfræði.

HINRIK ÓLAFSSON

Náttúra Íslands er stórbrotin. Það er sama hvar litið er á þessari eldfjallaeyju alls staðar getur maður með góðum vilja og örlítilli innsýn í jarðfræði getið sér til hvernig land hefur mótast í gegnum árþúsundin og jafnvel lengur. Dæmin eru út um allt meira að segja í Reykjavík. Ísland er ungt land jarðfræðilega séð, aðeins 16 milljón ára gamalt og enn í mótun. Í raun „nýfætt“ landsvæði ef maður notar myndlíkingu við kornabarn. Einhvers staðar las ég að jörðin væri 3.600 milljón ára gömul.

Ég sem leiðsögumaður og áhugamaður um jarðfræði Íslands hef umbreytt þessum stærðum gróflega og barnslega fyrir sjálfum mér og öðrum til betri skilnings á ungviðinu, Íslandi.

Ef við ímyndum okkur að jörðin sé 50 ára þá er Ísland þriggja mánaða gamalt. Þetta er ágætt að hafa í huga þegar maður ferðast um þessa viðkvæmu og „nýfæddu“ náttúru sem Ísland geymir.

Flestir ferðamenn vilja fræðast meira og spyrja þegar lengra líður á Íslandsferðina um heimsókn á jarðfræðisafn. Þá er í raun fátt um að velja sem gefur heildarmynd af fræðunum.

Einhvers staðar las ég að eldjföllin væru upphaf alls lífs á jörðinni, lofthjúpsins og meira til! Þrátt fyrir allt eru eldfjöll og eldvirk svæði jafnframt heillandi og óhugguleg. Það er allavega mín upplifun og flestra þeirra sem ég hef ferðast með á Íslandi.

Flestir erlendir ferðamenn reka upp stór augu yfir hvernig landslag Íslands er og finnst margt framandi í náttúrunni svo ekki sé talað um sögu og menningu þessarar þjóðar. Ég sem leiðsögumaður reyni af fremsta megni að útskýra og svara spurningum um jarðmyndanir ásamt öllu hinu sem þarf útskýringar við. Söfnin á Íslandi eru frábær viðbót til að ná utan um öll herlegheitin. Betur má ef duga skal.

Grunnþekking flestra ferðamanna sem koma til Íslands á jarðfræði er almennt lítil sem engin. Ekkert óeðlilegt við það. Fá landsvæði hafa jafn skýr jarðfræðidæmi og Ísland. En aukin umræða og vitund undanfarna áratugi um hnattræna hlýnun, breytt veðurfar, bráðnun jökla og hafíss er farin að hljóma sí og æ í flestum fjölmiðlum sem ógnar-spennusaga. Alltaf kemur eitthvað nýtt fram. Hægt er að greina út frá þessu aukin áhuga m.a. útlendra ferðalanga hér á landi á jarðfræði.

Ísland er líkt og rannsóknarstofa í jarðvísindum og í fleiru er tengist náttúrunni. Það er einstakt að hafa slík náttúrufyrirbrigði að sýna í ferðaþjónustu á Íslandi. En þrátt fyrir þetta vakna margar spurningar ferðalanga sem erfitt getur reynst að svara nema með vitneskju vísindamanna á þessu sviði eða með samantekt í myndum og máli.

Flestir ferðamenn vilja fræðast meira og spyrja þegar lengra líður á Íslandsferðina um heimsókn á jarðfræðisafn. Þá er í raun fátt um að velja sem gefur heildarmynd af fræðunum.

Það fyrirfinnast söfn eða sýningar er tengjast jarðfræði að einhverju leyti hér á landi. Þau eru oftast samansett um afmarkaða þætti hennar. Eins og einstakt steinasafn Petru á Stöðvarfirði, ásamt frábærum eldgoskvikmyndum Osvalds og Vilhjálms Knudsen í Reykjavík (Volcano Show) svo eitthvað sé nefnt. En það vantar safn sem gefur bæði hnattræna og Íslandstengda jarðfræðilýsingu.

Því undrast ég seinagang hins opinbera þegar ég las nýverið í Fréttablaðinu áhugaverða grein um Harald Sigurðsson, einn fremsta jarðvísindamann heims. Þar greinir hann frá því að safnmunir er tengjast jarðfræði sem hann hefur safnað og afhent menntamálaráðuneytinu ásamt hugmyndum hans um stofnun eldfjallsafns í Stykkishólmi séu að renna okkur Íslendingum úr greipum. Hann hugi að því þessa dagana að færa munina og hugmyndir sínar til Hawaii. Allt vegna seinagangs í menntamálaráðuneytinu við að finna þessu máli farveg.

Með stofnun safnsins og staðsetningu í Stykkishólmi myndi skapast frábær umgjörð fyrir slíkt safn. Eftir hringferð um Snæfellsnesið, sem hefur að geyma flest þau jarðfræðidæmi sem fyrirfinnast á Íslandi, væri kjörið að fá samantekt og nánari fræðslu á slíku safni.

Svo ekki sé talað um þekkingu og reynslu Haraldar sem fræðimanns um víða veröld sem ferðamenn og fleiri fengju að njóta.

Ég held ég geti fullyrt að fáir íslenskir vísindamenn hafi hlotið viðlíka reynslu og frama eins og Haraldur á sínu sviði. Slíkt safn myndi efalaust draga að sér erlenda fræðimenn og stúdenta. Safnið gæti verið rannsóknarsetur fyrir fræðimenn um víða veröld.

Þessa dagana eru 1000 jarðfræðingar að funda um fræðin í Reykjavík. Jarðfræðingar sem stunda rannsóknir tengdar m.a. eldvirkni þurfa að ferðast mikið til að geta séð og lært. Því gæti slíkt safn verið þeirra bakland og miðstöð meðan þeir dvelja á Íslandi.

Haraldur hefur stundað rannsóknarstörf víða um heim og komið fram með athyglisverðar kenningar sem vakið hafa athygli. Ekki bara innan fræðanna heldur líka hjá almenningi. Það hafa verið gerðir sjónvarpsþættir um rannsóknir hans og kenningar sem hafa verð sýndir víða um heim. Hann hefur verið leiðbeinandi doktorsnema um langt skeið ásamt því að vera vinsæll fyrirlesari um fræðin.

Látum ekki svona tækifæri renna okkur úr greipum. Hér er einstakt tækifæri til að gefa nánari innsýn inn í leyndardóma eldfjallanna.

Einstakt tækifæri fyrir ferðaþjónustuna og landsbyggðina. Slíkt safn mun skapa eftirtekt og síðar störf þegar fram líða stundir. Hér er tækifæri fyrir menntamálaráðherra að hafa snör handtök sem hún er þekkt fyrir.

Höfundur er áhugamaður um jarðfræði.

ÓSKA EFTIR AÐ KAUPA ENSKT LINGAFON NÁMSKEIÐ

Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið útgefið 1978 eða síðar. En útgáfuár bóka er skráð áberandi fremst í bókum.

Upplýsingar í síma 865 7013
Björgvin Ómar Ólafsson

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI

Núna er allt í lagi

Emilíana Torrini í helgarviðtali um nýju plötuna, hvernig Ítalir reyna að myrða með mat og andúð sína á álverum.

Matur
fylgir Fréttablaðinu á sunnudag

Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, tínir skógarsveppi og býr til rísottó. Nanna Rögnvaldar skrifar um blómkál, hvítkál, kínakál og spergilkál.

Opnan er með bláberjauppskriftum að sultu, bláberjaböku og bláberjaeftirrétti.

Þórunn, dóttir Eymundar Magnússonar í Vallanesi, gefur uppskrift að brauði úr byggi.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

MAÐUR VIKUNNAR

Traust og þægileg í umgengni

Stjarna Hönnu Binu Kristjánsdóttur hefur risið hratt í íslenskum stjórnmálum síðustu ár. Hún var kosin í borgarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn árið 2002 og varð oddviti borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins í júní síðastliðnum. Í fyrradag varð hún borgarstjóri Reykjavíkur. Hanna er maður vikunnar.

Hanna er fædd árið 1966. Hún ólst upp á krataheimili í Hafnarfirðinum. Faðir hennar, Kristján Ármannsson, var járnsmiður og móðir, Aðalheiður J. Björnsdóttir, starfaði í verslun. Hún á tvö systkini, þau Guðfinnu og Theódór. Mikið fjör var á heimilinu og gjarnan rætt um pólitík. Heldur minna fór fyrir Hönnu á heimilinu en Guðfinnu og Theódóri. Hún var snemma mjög samviskusöm, einbeitti sér að náminu og las mikið. Hún hefur ávallt verið mikil fjölskyldumanneskja og sækir mikið til fjölskyldu sinnar. Hún er gift Vilhjálmi Jens Árnasyni heimspekingi og á með honum tvær dætur, þær Aðalheiði og Theódóru Guðnýju.

Hún er með verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands og stúdentspróf frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún lauk BA-prófi í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands árið 1991 og Masters-prófi frá Edinborgarháskóla tveimur árum síðar. Þar sérhæfði hún sig í umhverfisstefnu Evrópusambandsins. Má hafa það til marks um framsýni hennar, enda bæði umhverfis- og Evrópumálin ofarlega á baugi nú.

Hún kenndi sig ekki strax við Sjálfstæðisflokkinn. Hún hallaðist um tíma að jafnaðarstefnunni og kaus til dæmis kratann Guðmund Árna Stefánsson í Hafnarfirði í fyrstu sveitarstjórnarkosningunum sem hún hafði kosningarétt til. Pólitískt áhugasvið hennar er víðtækt en hún trúir einkum á mikilvægi frelsis einstaklingsins. Hún gat því samsamað sig hinum frjálslynda armi Sjálfstæðisflokksins.

Hún starfaði með Árna Sigfússyni, núverandi bæjarstjóra Reykjanesbæjar, þegar hún sat í öryggismálanefnd Reykjavíkurborgar 1990 til 1991. Eftir það hófst af alvöru þátttaka hennar í starfi flokksins. Árið 1994 setti hún ásamt vinkonu sinni Ásdísi Höllu Bragadóttur athafnamanni Sjálfstæðar konur á laggirnar – hóp hægri sinnaðra kvenna sem meðal annars beitti sér fyrir framgangi jafnréttismála innan Sjálfstæðisflokksins. Þær störfuðu saman í kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Reykjavík árið 1994. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði þá fyrir R-listanum og tók Hanna það nokkuð nærri sér. Hún sat í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1995 til 1999. Ásdís var formaður sambandsins síðari tvö árin. Hanna varð framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins árið 1995 og aðstoðarframkvæmdastjóri flokksins árið 1999.

Hún er góður og traustur vinur og þægileg í umgengni. Hún býr yfir miklu jafnaðargeði og það er auðvelt að gera henni til geðs – venjulega nægir að hún fái góðan café latte. Henni finnst gott að hafa það notalegt og lesa góðar bækur. Sjálf lýsir hún sér alltaf sem nörd.

Hún er ekki úthverf að eðlisfari en hefur þróað með sér mannblendni, enda nauðsynleg stjórnmálamönnum. Sem ung kona sótti hún gjarnan skemmtanir með vinum sínum, einkum um helgar, en sóttist ekki eftir því að verða miðja athyglinnar.

Hún er mikið borgarbarn og ekki mikið fyrir útivist. Vinir hennar gantast með það að hún verði lasin þegar hún sé komin út fyrir Ártúnsbrekkuna. Hún hefur þó ferðast mikið, bæði innan- og utanlands. Hún gekk nýlega Fimmvörðuháls og er sögð hafa verið mikill göngugarpur. Hún er ekki heldur mikill áhugamaður um líkamsrækt. Hún var lengi með skilti inni hjá sér þar sem stóð: „Ef þú finnur fyrir löngun til að hreyfa þig, þá skaltu leggjast niður þar til hún líður hjá.“

Hanna er heiðarleg, hreinskilin, réttsýn og samviskusöm – jafnvel úr hófi fram. Hún er fljót að taka ákvarðanir og fylgir þeim eftir. Hún á gott með að greina að aðal- og aukaatriði. Hún er ákveðin og rökföst, en einnig sanngjörn og góður sáttasemjari. Hún er mikill fagurkeri og smekkvís. Hún er utan við sig og er ekki alltaf viss um hvar hún hafi lagt lyklana eða veskið sitt.

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

ÆVIÁGRIP

Hanna Birna Kristjánsdóttir fæddist í Hafnarfirði hinn 12. október árið 1966 og ólst þar upp. Foreldrar hennar eru Kristján Ármannsson og Aðalheiður J. Björnsdóttir. Hún er gift Vilhjálmi Jens Árnasyni heimspekingi og á með honum tvær dætur, þær Aðalheiði og Theódóru Guðnýju. Fjölskyldan býr í Reykjavík.

Hanna lauk verslunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands og stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún er með BA-próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og Master í alþjóðlegum og evrópskum stjórnmálum frá Edinborgarháskóla.

Hanna sat í öryggismálanefnd Reykjavíkur 1990 til 1991. Hún var deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu 1994 til 1995. Hún hóf ung þátttöku í stjórnmálum og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hún varð framkvæmdastjóri þingsflokks Sjálfstæðismanna 1995 og aðstoðarframkvæmdastjóri flokksins 1999. Hún sat í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1995 til 1999. Hún var kosin í borgarstjórn árið 2002 og varð oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í júní síðastliðnum. Hún varð borgarstjóri Reykjavíkur 21. ágúst 2008.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR?

Sló í gegn í grunnskóla sínum í Hafnarfirði þegar hún klæddi sig upp sem Agnetha Fältskog og söng með tilþrifum Abbaslagarann Mamma Mía ásamt vinkonu.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hún er frábær, pólitísk, öflug, sterkur karakter, sjálfstæð, mikil vinkona, skemmtileg, góð - ég á ekki nógu mörg orð til að lýsa aðdáun minni á henni.“

Ásdís Halla Bragadóttir, athafnamaður og vinkona.

HVAÐ SEGIR HÚN?

„Ég vil að borgarbúar hafi aukið val á öllum sviðum. Þannig vil ég skoða alla málaflokka sem borgin vinnur að, allt frá skólamálum til málefna eldri borgara, skipulagsmála og samgöngumála.“

Hanna um borgarmálin í Fréttablaðinu 3. nóvember 2005.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

ÚTSALA
REKKJUNNAR

HEILSUKODDAR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR

10-60%
AFSLÁTTUR!

SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

SÝNINGARÚM
OG HÚSGÖGN
50%
AFSLÁTTUR

ÞRÝSTIJÖFNUNAR-
SVAMPSRÚM
(Queen Size 153x203)
FRÁ kr.
86.400

FJÖLSTYLLANLEG
HEILSURÚM
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

Rúm með latex-heilsudýnu
Almennt verð kr. 247.108
ÚTSÖLUVERÐ Kr. 190.100

KING KOIL
(Queen Size 153x203)
FRÁ kr.
89.900

COMFORT solutions®
By King Koil®

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ÚTSALA -30% ÚTSALA -50

HÚSASMIÐJA

30%
afsláttur
af öllum
búsáhöldum



30%
afsláttur
af öllum
ljósum

20%
afsláttur
af öllum
smáraftækjum



30-60%
afsláttur
af öllum
flíspeysum

30-50%
ALLAR
POTTAPLÖNTUR
AFSLÁTTUR
blómaval
heillandi heimur

RÝMINGARSALA

Allt að **50%** afsláttur

Í TIMBURSÖLUNNI SÚÐARVOGI

OPIÐ laugardag **9 - 16**

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF HEILUM BÚNTUM

Girðingarstaur
fúavarinn

70 mm, lengd 180 sm 600008	**369**	120 mm, lengd 270 sm 600010	**1.549**
100 mm, lengd 240 sm 600009	**999**	140 mm, lengd 270 sm 600011	**2.569**

Járnstaur
40x40 mm, 180 sm
224981

799 kr/stk

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

% ÚTSALA -80% ÚTSALA

AN ÚTSALA

39.998
60.868

Hleðslusett
Worx, 18V, stingsög, hjólsög, borvél, ljós, 2 rafhlöður
5244874

Innimálning

Hefðbundin málning úr akrýlblöndu á veggi innanhúss, gljástig 10

3.999
8.795

10 ltr
Beinhvítt/hrímhvítt
719963-7

29.990
38.990

Hunter Classic
11,8 Kw, grillflötur 60x40 sm, þrír ryðfríir brennarar
3000237

1.599
2.979

Verkfæratöskur
2 saman, 12,5" og 19"
5024489

Gott fyrir haustið

öll vindsett
2.999

vind og vatnsheld, dömu/herra/barna, margir litir
5870040-145

Ótrúlegt verð

999

Reiðhjólahjálmar
dömu/herra/barna,
5872037-5872067

Electrolux

Frábært verð

76.990

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Ofn, Electrolux EO8 63100X
8 eldunarkerfi, 3falt gler í hurð. Barnalæsing.
1830118

Allar Disney plastvörur

30% AFSLÁTTUR

999
1.995

Lyklasett Toolux
8 stk. 6-19 mm
5099146

Við berjum niður verðið!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Silfur Egils og málmgjall Matthíasar

Í dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um gjöfulan rifsberjarunna, nýbirt trúnaðarbaktöl og góðan penna sem fór í Flokkskjaft.



KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 15. ÁGÚST.

Uppskeruhátíð í Fischersundi

Sem borgarbarn er ég ekki nema rétt stautlæs á bók náttúrunnar en þegar líður á sumarið og greinarnar á rifsberjarunnanum hérna að húsabaki taka að svigna undan berjum verð ég alltaf jafnundrandi á gjafmildi Skaparans – eða Darwins – svo að ég móðgi ekki þá miklu náttúrufræðinga sem telja að Skaparanum hafi ekki enn tekist að sanna tilveru sína með vísindalegum hætti.

Þessi runni er óttalegur einstæðingur sem teygir greinar sínar yfir gamalt grindverk í átt að ljótasta bílastæði landsins.

Mér vitanlega hefur enginn maður nokkru sinni vikið áburðarlúku eða hrossataðsköggli, að þessum runna sem þrátt fyrir vanþakklæti heimsins stendur sína plikt og framleiðir ókeypis hráefni í fínasta sultutau eins og ekkert sé sjálfsagðara fyrir þá sem nenna að hafa fyrir því að bera sig eftir björginni.

Svona er náttúran okkur til fyrirmyndar.

Mikil hamingja mundi ríkja í heiminum ef mannkynið hefði rænu á því að læra þá auðmýkt sem er tilgangur lífsins af rifsberjarunnanum hérna á bakvið Fischersund 3 og manneskjurnar færu allt í einu að lifa samkvæmt því lögmáli sem við höfum lengi móast við að trúa – að sælla sé að gefa en þiggja. Enda hefur það ekki verið vísindalega sannað.

Þessi móralska lexía er að sjálfsögðu útúrdúr.

Í þann eina og hálfa áratug sem liðinn er síðan ég flutti hingað í Grjótaþorpið hef ég stundað rányrkju á þessum rifsberjarunna. Rányrkja er sú framkoma að þiggja allt en gefa ekkert á móti. Ég er meira að segja svo ómerkilegur í framkomu minni við runnann að ég nenni ekki sjálfur að tína af honum berin sem hann býður fram endurgjaldslaust heldur fæ ég frú Sólveigu til að gera það. Sjálfur tek ég við uppskerunni og sýð sultu – eða öllu heldur rifsberjahlaup – sem allir lofa fyrir bragðgæði og enginn spyr: Hver tíndi berin sem eru uppistaðan í þessu lostæti?

Heimatilbúið sultutau er sennilega ekki í frásögur færandi miðað við það sem kjörnir borgarfulltrúar hafa afrekað í dag, sem sé að hvolfa við öllum stólum í Ráðhúsinu, reka borgarstjórann, standa skrökvandi framan í fjölmiðlum og lofa betri tíð og stórstígum framförum og ætla að stunda nám erlendis meðfram því að stjórna höfuðborg Íslands í hjáverkum.

Það er varla hægt að minnast ógrátandi á grínharmleikinn í borgarstjórn Reykjavíkur, braskið í þessu Kolaporti valdanna.

Ástæða þess að lög gera ekki ráð fyrir því að efnt sé til aukakosninga í sveitarfélögum er sú að í sveitarstjórnarmálum er ekki reiknað með því að sveitarstjórnir þykist þurfa að mynda „starfhæfan meirihluta“ eins og tíðkast á Alþingi heldur geti venjulegar manneskjur sem bjóða sig fram til þjónustu við sveitunga sína til að sjá um skólahald og sorphreinsun komist að niðurstöðu um hvort kaupa skuli nýjan strætisvagn með einfaldri atkvæðagreiðslu.

Það er sem sagt ekki reiknað með því í lögunum að sveitarstjórnarmenn láti stjórnast af flokkspólitík eins og alvöru stjórnmálamenn heldur láti samviskuna stjórna sér.

MÁNUDAGUR, 18. ÁGÚST.

Vökvi og hamingja

Fór í sund. Mér líður vel í vatni.

Skyldu hvalir vera lukkulegri en menn?

MIÐVIKUDAGUR, 20. ÁGÚST.

matthias.is og jonas.is

Nú eru dagbækur Matthíasar Johannessen til umræðu. Þessi fyrrverandi skömmtunarstjóri frétta gerist nú örlátari á fréttamola en á þeim tímum sem hann streðaði við að boða rétttrúnað og fagnaðarerindi Flokksins. Það var á þeim tíma þegar Mogginn gegndi svipuðu hlutverki á Íslandi og Pravda gerði í Sovétríkjunum og Rénmín Ribào í Beijing.

Þessi sami Matthías brást heldur ónotalega við greinarstúf sem ég skrifaði í Fréttablaðið fyrir nokkru til að vekja athygli á því að dagbókarfærslur hans sem hann kýs að birta á Netinu staðfestu að Moggi Matthíasar hafi fremur verið verkfæri í höndum harðsnúinna hægrimanna en venjulegur fréttamiðill.

Matthías svaraði efni greinarinnar litlu en kaus þess í stað að reyna að sulla á mig leðju þeirrar kaldastríðs skotgrafar sem svo lengi var athvarf hans. Alla vega fór þessi grein mín afarilla í skáldið sem virðist þrátt fyrir virðulegan aldur hafa megna óbeit á því að menn skilji hann og verk hans öðrum skilningi en hann gerir sjálfur.

Á sínum veldistíma á Moggann skrifaði M margt og mikið í bundnu máli og óbundnu og þótti mér eins og svo mörgum sem voru of heimskir til að skilja rétttrúnaðarkenningu Flokksins að ritstjóranum tækist best upp þegar skáldið skrifaði viðtöl við hina og þessa karla.

Nú er tími M-viðtala liðinn en þess í stað birtir Matthías á vefsetri sínu baktöl sem hann hefur átt við hina og þessa ráðamenn í Flokknum og öðrum flokkum.

Tilgangurinn með því að birta núna trúnaðarbaktöl sem M á í fórum sínum en tímdi ekki að spandera á lesendur Moggans virðist vera sá sami og hjá öðru góðskáldi hér forðum tíð, sem leiddist líf pensjónistans og vildi rísa upp úr körinni með það silfur sem því hafði áskotnast um dagana og dreifa því yfir Alþingi til að koma af stað illindum og vekja á sér athygli.

Ekki er hægt að segja að allt sem leynist á kistubotnum Matthíasar sé silfur en innan um og saman við glyttir í þá málmtegund sem eitt sinn var kölluð selsemgull; mest er þó af málmgjalli hjá þessum mikla alkemista hinnar gylltu þagnar.

Jafnvel þótt Matthíasi verði ekki að þeirri frómu ósk sinni að koma af stað verulegum illindum í ellinni fremur en skáldinu á Mýrum þá verð ég þó sem gamall aðdáandi að segja það um Matthías að þar fór góður penni í Flokkskjaft.

Ekki var Egill Skallagrímsson jafnglúrinn í pólitík og Matthías þótt hann væri í þjónustu mikilla stórmenna og var þó Egill ekki síðra skáld en Matthías.

Þrátt fyrir góðar undirtektir virðist Matthías vera óánægður með hversu seinir menn eru til að fatta að þessi skrif séu fagurbókmenntir. En vonandi fer fólk að átta sig. Hér er til dæmis ein dagbókarfærsla.

„23. desember, mánudagur.

Davíð Oddsson heimsótti okkur Styrmi niður á Morgunblað í dag. Hann sat hjá okkur í tæpa þrjá tíma og við spjölluðum um allt milli himins og jarðar. […] Davíð talaði um að Friðrik Sóphusson mundi hætta í ríkisstjórninni, sjálfur vildi hann helzt verða forstjóri Landsvirkjunar en Sigríður Dúna, kona hans, vildi fremur að hann yrði sendiherra.“

Bókmenntir? Um það skal ég ekki dæma en annar gamall ritstjóri, Jónas Kristjánsson, sem einnig fer á kostum á veraldarvefnum kemst svo að orði á jonas.is um það sem stendur á matthias.is:

„Trúnaðarfyrrndar dagbækur Matthíasar Johannesen gefa góða sýn inn í spilltan heim Morgunblaðsins. Þar reyndu ritstjórar að stjórna pólitík landsins. Að hatast í Ólafi R. Grímssyni. Að raða í valdastiga Sjálfstæðisflokksins. Að ákveða, hvað þjóðin mætti og mætti alls ekki vita. Að upphefja suma vinstri pólitíkusa og hamla gegn öðrum. Vinstri pólitíkusar töldu sig hólpna, ef þeir fengu að borða hádegissnittur með slúðri hjá Matthíasi og Styrmi. Skrítið var samspil félaganna við Davíð Oddsson í undarlegu lygaslúðri um forsetann. Dagbækur Matthíasar segja ljóta sögu af eina sorpriti landsins.“

FIMMTUDAGUR, 21. ÁGÚST.

Hversu margar konur?

Í dag fékk Reykjavík nýjan borgarstjóra. Hanna Birna er fjórða konan sem gegnir þessu hlutverki. Hvað ætli þurfi margar konur í pólitík til að útrýma þeirri spillingu sem einkennt hefur stjórnarfar karla?

MENNING ER MÁLIÐ
Búlúlala-
Öldin hans Steins
Kómedíuleikhúsið flytur ljóðaleikinn Búlúlala - Öldin hans Steins, til að minnast aldarafmælis Steins Steinars. Meðal ljóða eru Að frelsa heiminn, Barn, Miðvikudagur, Söngvarinn, Tindátarnir, Þjóðin og ég og að sjálfsögðu ljóðið Búlúlala.
Laugardaginn 23. ágúst
KL: 16.00
aðeins ein sýning
GÓÐA NÓTT
opið til kl. 22.00 öll kvöld
BOKABUD
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Office1 á menningarnótt

Opið í allan dag og menningarnótt líka

"Vélgæludýrið" Pleo verður á næturvakt Office1 á menningarnótt

Kappi kakómjólk í boði fyrir krakkana

Komdu við í Office1 Skeifunni í dag eða nótt og fáðu þér kaffi og kleinur.

Við aðstoðum þig við að leysa úr gátum skólalistanna.

Allir sem koma í náttfötunum fá 3 leigumyndir frá Bónusvideó*

BÓNUSVÍDEÓ.IS

* Gildir í eitt skipti

Office1 Superstore

Tækju Draumalandið í dúett

Hann ætlar að halda uppi lögum og reglum í borginni á menningarnótt meðan hún tryllir lýðinn á Miklatorgi. **Geir Jón Þórisson** yfirlögregluþjónn og **Sigríður Thorlacius**, söngkona hljómsveitarinnar Hjaltalín, settust á rökstóla og ræddu meirihlutaskiptin í borginni, Ólympíuleikana og dúettinn sem þau stofna kannski við tækifæri. *Þórgunnur Oddsdóttir* blaðamaður var fluga á vegg.

Á RÖKSTÓLUM

Hafið þið hist áður? Hvað vitið þið um hvort annað?

Geir Jón: Nei, aldrei. Sigríður er ekki góðkunningi lögreglunnar.

Sigríður: Nei, ég er það ekki.

Geir Jón: Ertu héðan úr Reykjavík?

Sigríður: Já, úr Laugardalnum og ég er ekki með bílpróf þannig að ég er ekki ökuníðingur eða neitt svoleiðis.

Geir Jón: Svo að þú ert enginn viðskiptavinur lögreglunnar?

Sigríður: Neibb. En, já, hvað veit ég um þig. Ég veit að þú ert lögga, það fer ekkert á milli mála, og ég veit meira að segja að þú ert yfirlögregluþjónn í Reykjavík. Og ég vissi það áður en ég kom hingað að þú værir mjög hávaxinn maður. Svo veit ég eitt í viðbót. Ég veit að þú syngur.

Geir Jón: Það er alveg rétt. Ég hef meira að segja lært heilmikið í söng.

Sigríður: Ég held ég hafi séð þig syngja einhvern tíma. Getur það ekki verið? Í sjónvarpinu.

Geir Jón: Það passar. Þetta er það sem tengir okkur – söngurinn. Ég veit ekkert um þig samt. Ég man eftir að hafa séð myndir af þér og veit að þú ert að syngja í hljómsveit, svona popphljómsveit. En ekkert annað.

Sigríður: Það er ágætt.

Geir Jón: Það getur verið mjög jákvætt þegar lögreglan veit ekki of mikið um mann.

Söngur og barnapössun

Nú er menningarnótt haldin í þrettánda sinn. Hvað finnst ykkur um þessa hátíð? Ef þið ættuð að skipta um hlutverk á menningarnótt hvernig myndir þú Sigríður verja deginum sem yfirlögregluþjónn og Geir Jón hvað myndir þú syngja á tónleikunum á Miklatúni?

Geir Jón: Mér finnst menningarnótt stórkostleg, stórbrotin og merkileg. ég þekki hana frá fyrstu tíð þegar þetta varð til úr nánast engu. Þarna finna allir eitthvað við sitt hæfi. Það er svo margt í boði og mörgum gefið tækifæri og það er mjög jákvætt.

Sigríður: Mér finnst menningarnótt frábær. Þetta verður alltaf stærra og stærra og það er alltaf erfiðara og erfiðara að velja hvað maður ætlar að sjá svo ég er eiginlega hætt því. Ég fer bara niðrí bæ og læt loftið bera mig eitthvert.

Geir Jón: Ég hef alltaf verið að vinna á menningarnótt nema einu sinni þegar ég fór á danska daga í Stykkishólmi og þá varð hin fræga umferðarteppa á menningarnótt og allt vitlaust í fjölmiðlum. Ég var skammaður fyrir að hafa ekki verið í vinnu, tók það auðvitað mjög alvarlega og hef verið í vinnu síðan á þessum degi. Oftast frá því um miðjan daginn og fram til sjö átta um morguninn þegar allt er komið í ró.

En ef við Sigríður ættum að skipta um hlutverk og ég þyrfti að syngja á sviðinu á Miklatúni þá myndi ég syngja músík sem ég heyri voða sjaldan. Það er Theodorakis. Þetta er skemmtileg grísk músík. Síðan tæki ég líka eitthvað gott íslenskt en ekkert popp, ég er voða lítill poppari.

Sigríður: Þetta er náttúrulega dálítið ósanngjarnt því að hann er söngvari en ég er ekki lögga. Ég veit alla vega að ég myndi koma á Miklatún og hlusta á Geir Jón syngja.

Geir Jón: Og sjá til þess að enginn myndi ráðast á mig.

Sigríður: Já, ég myndi gera það. Svo myndi ég hugsanlega þurfa að vera bara á hjólinu mínu með lögguhúfu, út af bílprófsleysinu.

Geir Jón: Það er flott. Hjólandi lögga kemst hratt yfir.

Sigríður: Já, það er ekki mikið um þær. Ég hugsa að ég myndi ekki treysta mér í að stjórna miklu en ég gæti kannski haft svona umsjón með týndum börnum. Þarf ekki alltaf einhvern í það?

Geir Jón: Jú, jú, við þurfum einmitt fólk sem getur talað og rætt við börnin. Ég hugsa að þú værir fín í það. Ég sé það bara á þér.

Sigríður: Ef þig vantar einhvern tíma aðstoð í barnadeildinni þá talarðu við mig. Svo er aldrei að vita nema við reynum að fá þig upp á svið með okkur einn daginn. Alltaf vinsælt að vera með svona leynigest.

Syngja ekki í sturtu

Þið eruð bæði mikið söngfólk, hafið þið lært söng og syngið þið í sturtu? Ef þið ættuð að syngja saman dúett hvað mynduð þið þá syngja?

Geir Jón: Ég hef lært söng bæði í einkatímum og síðan í Söngskólanum. Ég bjó lengi í Vestmannaeyjum en kom hingað 1984, fór í Söngskólann og tók tvö stig á einni önn. Mér var boðið að gera stærri hluti en vildi frekar halda áfram í lögreglunni.

Sigríður: Tvö stig á einni önn? Það er nú meira en margur söngvari getur sagt. Ég var í söngskólanum í Reykjavík í fjögur ár meðan ég var í menntaskóla. Var að fara að taka sjötta stig þar þegar ég hætti. Fór svo í FÍH nokkrum árum seinna og kláraði það í vor. Svo hef ég reyndar alltaf verið í Hamrahlíðarkórnum.

Geir Jón: Svo þú hefur breiðan bakgrunn.

Sigríður: Já, ég hef verið að syngja djass til dæmis og svo langar mig að fara að syngja meiri klassík.

Geir Jón: Mér líst vel á það. Það er gott að söngvarar hafi mikla breidd. Mig vantar poppið, það gafst aldrei tækifæri til þess. Ég hef mjög klassískan tónlistarsmekk, svo hlusta ég mikið á kristilega músík og svolítið á „gospel“. Ég er hrifinn af fjórröddduðum sálmum og hef sungið í kirkjukór í 40 ár. Annars er ég bara hrifnastur af íslenskum fallegum lögum sem kannski er erfitt að heimfæra upp á einhvern ákveðinn stíl. Ég verð að geta skilið textann og melódíuna. Og að það næri mig en pirri mig ekki mikið. Þannig að teknó músík og svoleiðis. Oh.. það fer alveg með mig.

Sigríður: Ég held við getum bara verið nokkuð sammála. Ég er rosa gamaldags. Ég elska til dæmis gömul íslensk dægurlög.

Geir Jón: Við gætum örugglega gert góðan dúett.

Sigríður: Myndum við ekki bara syngja Draumalandið og eitthvað svoleiðis.

Geir Jón: Jú, það er fallegt og myndi örugglega passa vel við raddirnar okkar.

Sigríður: Svo gætum við líka tekið Ellý og Villa.

Geir Jón: Það hljómar vel. En með sturtuna, ég syng aldrei í sturtu.

Sigríður: Ekki ég heldur. Ég söngla mjög mikið til dæmis við uppvaskið og þegar ég er að brasa eitthvað en ekki í sturtu.

Geir Jón: Það er alveg vonlaus staður að syngja á. Ég held að þeir sem syngja í sturtu syngi helst ekki annars staðar. Auðvitað er hægt að syngja við ýmis tækifæri en þegar ég er að syngja þá er það eitthvað sem mig langar að lifa mig inn í og í sturtu er bara nógu mikil vinna að reyna að þvo þennan 204 cm og 100 kílóa líkama.

Fólkið skiptir mestu

Snúum okkur að málum vikunnar. Nýr borgarstjóri er tekinn við í Ráðhúsinu. Hvað finnst ykkur um þessi meirihlutaskipti? Hverju mynduð þið beita ykkur fyrir í borginni ef þið fengjuð nokkra mánuði í borgarstjórastól?

Geir Jón: Ég má nú ekki blanda mér neitt í pólitík, starfsins vegna og vænti bara mikils af þessu fólki. Ef ég stjórnaði þá myndi ég, númer eitt, tvö og þrjú, snúa mér að fólkinu: Börnum, unglingum og gamalmennum. Það eru of margir sem hafa ánetjast fíkniefnum eða lent í afbrotum og í svona litlu og fámennu landi getum við með samstilltu átaki náð höndum um þetta fólk. Þetta eru verðmæti til framtíðar og ég vil fjárfesta í þessum verðmætum. Steinsteypan má bíða, malbikið má bíða en ekki þessi verðmæti.

Sigríður: Mér finnst öll þessi meirihlutaskipti dálítið skrítin. Þetta er ekki bara óþægilegt og erfitt heldur líka mjög fyndið. Svolítið svona skrípó. En ef ég væri borgarstjóri þá hugsa ég að ég myndi líka einbeita mér að fólkinu. Mér er alveg sama um öll þessi mislægu gatnamót, þau koma mér ekki við. Ég myndi vilja skapa meira borgarlíf í miðbænum og meiri stemningu. Ég fer aldrei í Smáralind eða Kringluna og mér er annt um að það sé gott og skemmtilegt að vera í bænum. Þá er ég ekki að tala um gömul hús og svoleiðis heldur bara mannlífið.

Geir Jón: Já, samfélag fólks verður að vera þannig að það geti fengið tækifæri til að gera það sem það langar til. Mannlífið breytist ekki með því að byggja hús, ef fólki líður vel og er hamingjusamt þá kemur allt hitt á eftir.

Sigríður: Já, mér finnst það. Við værum bara mjög góður meirihluti.

LITLI OG STÓRI Sigríður trúir á yfirnáttúrulega hluti eins og álfa en Geir Jón er eina tröllið sem hún hefur séð. Bæði eru þau sannfærð um að ýmislegt geti gerst á fullu tungli, en telja slíkt þó ekki yfirnáttúrulegt heldur þvert á móti náttúrulegt. „Þetta eru engin trúarbrögð, reynsla mín í lögreglunni sýnir að það er meira að gera á fullu tungli,“ segir Geir Jón. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Auðvitað er hægt að syngja við ýmis tækifæri en þegar ég er að syngja þá er það eitthvað sem mig langar að lifa mig inn í og í sturtu er bara nógu mikil vinna að reyna að þvo þennan 204 cm og 100 kílóa líkama.

Geir Jón: Er það ekki? Kannski svolítið lítill...
Sigríður: Nei, nei, þú ert svo stór.

Engir Ólympíudraumar

Ólympíuleikarnir standa nú sem hæst í Peking. Fylgist þið með þeim? Hafið þið einhvern tíma átt ykkur draum um að keppa á slíkum leikum og ef svo er í hvaða grein?
Sigríður: Ég hef ekki mikið fylgst með þessu vegna þess að ég er ekki með sjónvarp heima og útvarpið mitt er ónýtt. Ég vildi reyndar núna að ég hefði asnast til þess að horfa á alla þessa handboltaleiki því að það er ekki eins gaman að byrja að horfa núna.
Geir Jón: Ég hef reynt að fylgjast með öllum handboltaleikjunum. Ég verð bara svo spenntur að ég get stundum ekki horft og verð að fara og róa mig niður. Ég fer alltaf í World Class á morgnana og þar hef ég horft á tvo leiki. Það er mjög heppilegt að vera á hlaupabrettinu eða í átökum meðan maður horfir á handbolta. Ég reyni alltaf að fylgjast með Íslendingum sem taka þátt í stórmótum og er stoltur af þessu fólki. Sjálfur hef ég aldrei haft tilefni til neinna Ólympíudrauma.
Sigríður: Sama hér. Ég hef aldrei ætlað mér á Ólympíuleika en ef ég væri Ólympíufari vildi ég fara á vetrarólympíuleika og keppa í skautadansi. Ég æfði á skautum þegar ég var lítil og það var mjög skemmtilegt.
Geir Jón: Körfubolti er eina íþróttin sem ég hef stundað. Það þýddi ekki fyrir mig að fara á skauta. Ég prófaði það fyrir nokkrum mánuðum síðan og datt svoleiðis á höfuðið að ég slasaði mig. Þetta er hátt fall, rúmir tveir metrar fyrir höfuðið, þannig að ég fer aldrei á skauta aftur.

Best í dönsku

Að lokum. Nefnið þrjá hluti um hvort annað sem þið vitið ekki hvort eru sannir eður ei en gætuð engu að síður trúað að væru það:
Geir Jón: Hmmm, má ég hugsa mig aðeins um. Ég held þú hafir gaman af því að veiða.
Sigríður: Veiða?
Geir Jón: Já, ég held þú hafir gaman af að fara í vötn og veiða fisk.
Sigríður: Ég hef aldrei veitt. En ég var reyndar að tala um það um daginn að mig langaði til að prófa það því ég skil ekki fíknina í þessu.
Geir Jón: Sko mig.
Sigríður: Getur verið að þú sért fjallageit?
Geir Jón: Nei. Ég er mjög mikið niðri á jörðinni. Ég átti trillu og ég á mótorhjól en ég labba helst aldrei á fjöll.
Sigríður: Nú, jæja. Ég hugsa að þú sért barngóður og laðir að þér börn. Það er eitthvað svona afa-element í þér.
Geir Jón: Ég get tekið undir það. Ég á þrjú barnabörn og þau eru mér miklir vinir. Ég hef afskaplega gaman af börnum og á gott með að tala við börn. Hvað á ég að nefna næst. Jú, ég held þú fáir þér alltaf skötu á Þorláksmessu.
Sigríður: Sko... að einhverju leyti er þetta rétt. Ég hef reyndar bara einu sinni borðað skötu en ég á mér þann draum að vera sjálf, einhvern tíma í framtíðinni, alltaf með skötuboð heima hjá mér á Þorláksmessu. Svo finnst mér mjög mikilvægt að fara að byrja á því að fara í svokallaða dömuskötu með vinkonum mínum. Það hefur ekki orðið af því hingað til, við höfum alltaf hætt við á Þorláksmessumorgun út af lyktinni.
Geir Jón: Ég sé greinilega svona inn í framtíðina. Hluti sem þig dreymir um að gera.
Sigríður: Getur verið að þú eigir erfitt með að henda hlutum? Safnarðu gömlu dóti?
Geir Jón: Nei. Ég losa mig við allt svona gamalt drasl.
Sigríður: Úff, ég er léleg í þessu. Kannski er ég að segja þér að þú eigir að fara að safna.
Geir Jón: Eitt í viðbót. Ég held þú hafir verið best í dönsku í skóla.
Sigríður: Jáhá!
Geir Jón: Er það!?
Sigríður: Jamm, fékk dönskuverðlaunin í menntaskóla. Var alltaf best í dönsku. Það er ég!
Geir Jón: Ég fann þetta á mér.

VISSIR ÞÚ...

- Að Sigríður er 35 sentimetrum lægri en Geir Jón og þó yfir meðalhæð? Geir Jón er 204 cm á hæð en Sigríður 169.
- Að Geir Jón hefur aðeins einu sinni fundið fyrir minnimáttarkennd vegna stærðar sinnar? Það var þegar hann hitti Pétur Guðmundsson körfuboltakappa sem er 15 cm hærri en hann.
- Að Sigríður er bara fegin að hún hafi ekki unnið 65 milljónir í Lottó í vikunni. Hún myndi bara eyða því í vitleysu.
- Að Geir Jón neyðist stundum til þess að hlusta á þungarokk og viðurkennir að hann hafi bara svolítið gaman af?
- Að Sigríður og Geir Jón léku sér bæði á Klambratúni þegar þau voru líti? Jafnvel í löggu og bófa.
- Að á milli Sigríðar og Geirs eru 30 ár?

8
HRESS
HEILSUÁTAK
1. SEPT
ROPE YOGA WORKOUT
ROPE YOGA
Námskeið hefjast 1. september
kl. 06:05 þri / mið / fös
kl. 17:30 mán / mið / fim
Kr. 22.990
Verð fyrir korthafa Hress kr. 12.000
Rope Yoga-kort veitir aðgang að opnum tímum, sundi og tækjasal.
Kvennaátak
Námskeið
kl. 6.05 3x í viku Dalshraun
kl. 6.05 2x í viku Ásvellir
kl. 10.15 3x í viku Dalshraun
kl. 17.30 3x í viku Dalshraun
Karlaátak
Námskeið
kl. 6.20 2x í viku Dalshraun
kl. 18.30 3x í viku Dalshraun
kl. 19.15 3x í viku Ásvellir
Aðgangur að Sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingakortum.
Les Mills æfingakerfin
Kennsla í höndum fagfólks
Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
Fylgst með mataræði

8 vikna
Átak konur/ karla Lokaðir tímar í allsherjar heilsuátaki.
Mikið aðhald og fræðsla með góðum árangri.
Hringdu strax og skráðu þig! Síðast komust færri að en vildu.
Verð 8 vikur
3x í viku 22.990.-korthafar 12.000.-
2x í viku 16.990.-korthafar 8.000.-
Grafika 2008
Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 2212 www.hress.is mottaka@hress.is

ALVEG BÚINN Ólafur Stefánsson liggur á gólfinu rétt áður en hann fer í viðtal hjá Adolf Inga Erlingssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dagurinn sem aldrei gleymist

Einn stærsti dagur íslenskrar íþróttasögu var í gær. Þá vann íslenska handboltalandsliðið einstakan sigur á Spánverjum í undanúrslitum Ólympíuleikanna og er komið í sjálfan úrslitaleikinn. Strákarnir okkar koma því með gull eða silfur heim frá Peking. Íslenska liðið var vel stutt allan leikinn af Íslendingum sem og heimamönnum sem hafa tekið ástfóstri við íslenska liðið. *Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins*, var á staðnum og myndaði þessa sögulegu stund. Þessi dagur mun aldrei gleymast.

ÁFRAM ÍSLAND Nicole á leikskólanum Austurborg studdi sína menn með ráðum, dáð og frostpinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

KOMA SVO! Einbeitingin skín úr augum íbúa hjúkrunarheimilisins Sóltúns, sem söfnuðust saman í samkomusalnum ásamt umönnunarfólki og aðstandendum til að hvetja íslenska liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

BOLTINN SPYR HVORKI UM STÉTT NÉ STÖÐU Mikill fjöldi fólks safnaðist saman í Vetrargarðinum í Smáralind til að berja sigurleikinn gegn Spánverjum augum. Eins og sjá má skipta kyn, aldur og fyrri störf litlu þegar kemur að stuðningi við strákana okkar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

HVAÐA VÖRN ER ÞETTA? Guðjón Valur Sigurðsson fékk oft óblíðar móttökur og það er öruggt að þessi stelling er ekki þægileg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SPENNUFALL Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska liðsins, virðist varla trúa því að Ísland sé komið í úrslitaleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TVEIR KÁTIR Það lá vel á Arnóri Atlasyni og Sverre Jakobssyni eftir leik.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STUÐNINGUR Á PÖLLUNUM Íslenska liðið fékk frábæran stuðning á áhorfendapöllunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VIÐ VILJUM SIGUR! Börn og starfsfólk á leikskólanum Austurborg við Háaleitisbraut gerðu sér dagamun í tilefni kappleiksins mikilvæga. Hugsanlega leynast handknattleikshetjur framtíðarinnar meðal þessara hressu krakka, sem fengu ís, fána og andlitsmálningu til að koma sér í réttu stemninguna.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

YFIR 20 SKOT ANNAN LEIKINN Í RÖÐ Björgvin Páll Gústavsson hefur sýnt markvörslu á heimsmælikvarða í síðustu leikjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

UPP Í FANGIÐ Á FORSETANUM Róbert Gunnarsson tók sig til og stökk upp í fangið á herra Ólafi Ragnari Grímssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SJÖ ÞRUMUMÖRK Logi Geirsson átti stórleik á móti Spáni og hér sést hann skora eitt af sjö mörkum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

EKKERT GVAKAMÓLEKJAFTÆÐI!

BÍLAOUTLET

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!

Bættu okkur inn í helgar-rúntinn!

840 þús. í afslátt!!!

VOLVO V50 2.0 TD
Ek. 72 þús. Nýskr. 12/04. Bsk.
Verð áður: 2.790 þús. kr.
OUTLETVERÐ:
1.950 þús. kr.

Ef þú ert að leita að notuðum eða nýjum bíl er öruggt að betri kaup en hjá BílaOutlet gerirðu ekki. Fjöldinn allur af ánægðum kaupendum hefur fundið rétta bílinn hjá okkur en við sjáum til þess að úrvalið sé alltaf með því besta á landinu. Verðið slær svo allt annað út. Kíktu til okkar, **það er opið frá kl. 12-16 í dag.**

RENAULT LAGUNA II BERLINE
Ek. 130 þús. Nýskr. 09/03. Bsk.
Verð áður: 1.230 þús. kr.
OUTLETVERÐ
680 þús. kr.

NISSAN PATROL GR
Ek. 30 þús. Nýskr. 07/08. Ssk.
Verð áður: 5.190 þús. kr.
OUTLETVERÐ
3.620 þús. kr.

HYUNDAI TERRACAN 2.9 GLX
Ek. 69 þús. Nýskr. 09/04. Bsk.
Verð áður: 2.890 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.590 þús. kr.

ISUZU TROOPER
Ek. 164 þús. Nýskr. 07/00. Ssk.
Verð áður: 1.290 þús. kr.
OUTLETVERÐ
590 þús. kr.

NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
Ek. 85 þús. Nýskr. 04/05. Ssk.
Verð áður: 2.650 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.890 þús. kr.

NISSAN NAVARA SE
Ek. 37 þús. Nýskr. 02/07. Bsk.
Verð áður: 3.990 þús. kr.
OUTLETVERÐ
3.090 þús. kr.

RENAULT KANGOO
Ek. 64 þús. Nýskr. 09/04. Bsk.
Verð áður: 1.120 þús. kr.
OUTLETVERÐ
590 þús. kr.

KAWASAKI KLE 500
Ek. 1 þús. Nýskr. 06/07. Bsk.
Verð áður: 750 þús. kr.
OUTLETVERÐ
490 þús. kr.

bílaland IH AVIS

Tjarnarvöllum 3, Hafnarfirði. Sími: 575 12 30.
Opið: mán-fim 12-21, fös 12-18, lau 12-16.

BÍLAOUTLET

*Með fyrirvara um prentvillur.

EN NEMM / SÍA / NM35118

Fjörutíu ár frá innrásinni í Prag

Aðfaranótt 21. ágúst árið 1968 réðst sovéski herinn inn í Tékkóslóvakíu. Umbótastefna Alexanders Dubcek og ríkisstjórnar hans, sem veitti íbúum landsins sífellt meira frelsi, hafði að mati Sovétvaldsins gengið of langt. Berja þurfti niður Vorið í Prag.

Á fimmtudaginn var minntust Tékkar og Slóvakar þess með ýmsum hætti að 40 ár eru liðin frá því sovéski herinn réðst inn í Tékkóslóvakíu til að berja niður lýðræðishreyfingu, sem hafði þá getið af sér ýmsar umbætur í stjórnsýslu og lífsháttum landsmanna.

Á Vaclavtorginu í Prag, þar sem átökin urðu hvað hörðust, var stillt upp til sýnis ýmsum munum frá þessum tíma, svo sem sovéskum skriðdreka og heimatilbúnum mótmælaspjöldum gegn innrásinni.

Ráðamenn Tékklands og Slóvakíu hittust í höfuðborgum beggja ríkjanna, lögðu blómsveiga á minnismerki og héldu ræður um þau dapurlegu tímamót sem urðu árið 1968 og áhrifin sem umbæturnar þó höfðu.

Forsetarnir báðir, þeir Vaclav Klaus frá Tékklandi og Ivan Gasprovic frá Slóvakíu, hittust í Bratislava í Slóvakíu, en forsætisráðherrarnir tveir, Robert Fico frá Slóvakíu og Mirek Topolanek frá Tékklandi, hittust í Prag.

Víðtækar breytingar

Breytingarnar í Tékkóslóvakíu árið 1968 í frjálsræðisátt urðu meiri og víðtækari en Sovétmenn gátu sætt sig við.

Ritskoðun var afnumin og pólitískum föngum sleppt úr haldi. Ferðafrelsi átti að innleiða og í efnahagsmálum átti að fara „þriðju leiðina“, sem yrði einhvers staðar mitt á milli hins hömlulausa frelsis kapítalismans og hinnar miðstýrðu skipulagningar Sovétkommúnismans. Jafnvel skipulagi leyniþjónustunnar var breytt og hlutverk hennar varð miklu mildara.

Þessar umbætur gengu, að mati Sovétstjórnarinnar, allt of langt. Fordæmið frá Tékkóslóvakíu gæti smitað út frá sér til annarra Austantjaldsríkja, og þar með var í raun tilveru Moskvuvaldsins ógnað. Á endanum var herinn sendur af stað til að stöðva umbæturnar.

Umbótamaðurinn Dubcek

Forsprakki umbótanna var Alexander Dubcek, sem hafði lengi verið valdamaður í tékkneska Kommúnistaflokknum og varð leiðtogi flokksins í janúar 1968. Hann var þá 46 ára gamall, og hófst strax handa við að hrinda í framkvæmd þeim umbótum, sem hann taldi nauðsynlegar á skipulagi kommúnismans.

Hann hafði þá lengi barist fyrir því innan Kommúnistaflokksins, ásamt hópi félaga sinna, að gefa sósíalismanum í Tékkóslóvakíu „mannlega ásýnd“ með auknu frelsi og verulega breyttum áherslum, sem gengu þvert gegn alræðistilburðum Moskvustjórnarinnar, sem þá var undir stjórn Leoníds Brésnév.

Sovétstjórnin reyndi fyrst í stað að hafa hömlur á umbótunum í Tékkóslóvakíu með því að beita ráðamenn ýmist þrýstingi eða fortölum.

Langar samningaviðræður voru haldnar þar sem Dubcek stóð fast á sínu, sagði umbæturnar nauðsynlegar en lofaði engu að síður fullri tryggð við Austantjaldslöndin.

Innrásin

Þessi loforð dugðu þó engan veginn handa Sovétmönnum og aðfaranótt þess 21. ágúst árið 1968 héldu 200 þúsund hermenn og tvö þúsund skriðdrekar frá Sovétríkjunum, Búlgaríu, Póllandi og Ungverjalandi inn fyrir landamæri Tékkóslóvakíu og rakleiðis inn í miðborg Prag.

Þá um morguninn vöknuðu íbúar Tékkóslóvakíu upp við það að þeir bjuggu í hernumdu landi.

Innrásin kostaði hátt í hundrað manns lífið og nokkur hundruð særðust. Þrjú hundruð þúsund íbúar Tékkóslóvakíu flúðu land.

Dubcek var rekinn úr Kommúnistaflokknum og fékk vinnu við skógrækt. Við völdum tók Gustav Husak, dyggur fylgisveinn Moskvuvaldsins, sem nam úr gildi allar umbætur Dubceks og rak alla andstæðinga sína úr embætti.

Afturhvarf

Opinberlega fékk enginn að segja skoðanir sínar lengur, nema þær þóknuðust flokksvaldinu. Margir voru afar ósáttir, en fengu ekkert að gert.

Í janúar árið eftir kveikti ungur námsmaður, Jan Palach, í sjálfum sér á Vaclavtorginu í Prag. Þegar þetta fréttist fylltist torgið smám saman af blómum, sem landsmenn komu með til að votta hinum unga píslarvotti virðingu sína. Þúsundir manna fylgdu honum til grafar þann 25. janúar.

Bæði Dubcek og Husak lifðu það að sjá Sovétríkin liðast í sundur og lýðræði ná aftur fótfestu í Tékkóslóvakíu. Þeir misstu þó báðir naumlega af því að upplifa friðsamlega skiptingu landsins í tvö ríki: Tékkland og Slóvakíu, sem varð í ársbyrjun 1993. Husak lést 1991 en Dubcek í nóvember 1992.

ÁTÖK Í PRAG Íbúar höfuðborgarinnar tóku innrásarliði Varsjárbandalagsins engan veginn fagnandi, en urðu þó fljótlega að láta undan ofureflinu. NORDICPHOTOS/AFP

Hliðstæðan við Georgíu

Einmitt þessa dagana, þegar fjörutíu ár eru frá innrásinni í Prag, eru Rússar nýbúnir að senda fjölmennt herlið inn í Georgíu. Þótt tímasetningin sé hrein tilviljun hefur hliðstæðan við atburði síðustu vikna í Georgíu hefur ekki farið framhjá fólki. Í Prag mátti sjá mótmælaspjöld þar sem jafnaðarmerki var sett á milli atburðanna í Prag 1968 og innrásarinnar í Georgíu 2008.

Þótt margt sé reyndar ólíkt með þessum tveimur atburðum eru það þó Rússar sem nú, rétt eins og þá, eru að senda vígvélar sínar og hersveitir á vettvang til að verja það sem þeir líta á sem áhrifasvæði sitt. Árið 1968 náði áhrifasvæðið inn í miðja Evrópu, en hefur að vísu skroppið töluvert saman nú.

FJÖRUTÍU ÁRUM SÍÐAR Heinz Fischer, forseti Austurríkis, skrapp til Bratislava þar sem hann lagði ásamt Ivan Gasparovic, forseta Slóvakíu, blómsveig á leiði Alexanders Dubcek, leiðtoga umbótanna skammlífu árið 1968. NORDICPHOTOS/AFP



HLIÐSTÆÐAN VIÐ GEORGÍU Fyrir utan sendiráð Rússlands í Prag mátti í gær sjá þennan mann halda uppi mótmælaspjaldi þar sem jafnaðarmerki var sett á milli innrásar Sovétríkjanna í Prag árið 1968 og hernaðar Rússa í Georgíu síðustu vikur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Umbótamaðurinn Alexander Dubcek sést þarna, sá þriðji frá hægri á myndinni, í fararbroddi göngufólks í Prag á degi verkalýðsins, 1. maí, tæpum þremur mánuðum áður en Sovétmenn gerðu innrásina. NORDICPHOTOS/AFP

GALLERY
TURPENTINE

MENNINGARNÓTT Í REYKJAVÍK
Í GALLERY TURPENTINE

KARÓLÍNA LÁRUSDÓTTIR

Í LEIT AÐ HIMNARÍKI

22.08 - 06.09 2008



KARL KVARAN

MÁLVERK OG TEIKNINGAR

23.08 - 06.09 2008

OPIÐ FRÁ 12 - 22

INGÓLFSSTRÆTI 5 101 REYKJAVÍK SÍMI 551 0707 INFO@TURPENTINE.IS WWW.TURPENTINE.IS

Fegurðin að innan þykir best

Velgengnin var innihaldsrýr fyrir **Mae Chee Sansanee** þegar hún naut hennar sem fyrirsæta og kaupsýslumaður. Sem Búddanunna, sjónvarpskona og talsmaður heimsfriðar lifir hún hins vegar lífinu til fulls. ***Jón Sigurður Eyjólfsson*** ræddi við hana í hofi Búddistafélags Íslands.



MAE CHEE SANSANEE STHIRASUTA Búddanunna nefnir Halldór Laxness sem dæmi um það að oft þarf ekki mikið til að lifa góðu lífi og færa fjöldanum gleði. Það tókst honum með blýantinum einum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Amstur hversdagsins gleymist fljótt þegar komið er inn í hof Búddistafélags Íslands í Kópavogi. Blaðamaður gengur vasklega inn og ætlar að taka í spaðann á gestgjöfum en fær örlítinn kjánahroll þegar það rennur upp fyrir honum að á þessum bæ er venjan að hneigja sig frammi fyrir viðmælandanum með lófana saman við brjóst.

Um 800 manns eru skráðir í félagið, flestir þeirra eru Taílendingar en einnig eru nokkrir Íslendingar innanborðs, segir Petcharee Deluxasana sem býður blaðamanni að kalla sig Petru þegar hún sér að honum vefst tunga um tönn. „Hingað getur fólk komið og hlustað á hugvekju munkanna, þetta er bara svipað og í messu hjá Íslendingum," segir Petra. „Svo getur fólk rætt við munkinn, létt á hjarta sínu og fengið hjá honum leiðbeiningar um það hvernig gott er að bera sig að í þeim aðstæðum sem komið hafa upp hjá viðkomandi. Fólk kemur með mat og síðan borðum við öll saman."

Í dag gætir mikillar eftirvæntingar í hofinu litla því nunnan Mae Chee Sthirasuta er væntanleg þennan morgun. Og loks þegar hún kemur tekur blaðamaður á móti henni með því að hneigja sig að hætti búddista og telur sig nokkuð veraldarvanan þar til að hann sér að flestir aðrir krjúpa á kné fyrir framan hana.

PETCHAREE DELUXSANA Petra segir um 800 manns vera í Búddistafélagi Íslands.

Talar um Halldór Laxness í sjónvarpinu

„Ég var á ferðalagi um landið í gær," segir Mae Chee þegar hún er búin að heilsa upp á trúbræður sína í hofinu. „Það er afskaplega fallegt. Ég var með tökumann með mér og við tókum upp nokkuð mikið efni sem ég mun nota í sjónvarpsþáttinn minn. Ég kom til dæmis við á Gljúfrasteini og talaði um Halldór Laxness og tók upp eitt innslag." Blaðamaður spyr hvað hún hafi sagt þar um skáldið okkar? „Ég sagði að hann hefði lifað hamingjuríku lífi og fært sjálfum sér og öðrum ómælda gleði. Og hann þurfti ekki mikið til þess; aðeins einn blýant. Þetta er áminning til okkar hinna um að við þurfum ekki svo mikið til að finna hamingjuna og gera heiminn ögn betri."

Hún leitast við að vekja fólk til umhugsunar um andleg málefni í sjónvarpsþáttum sínum. „Fjölmiðlar eru verkfæri og ef það er rétt notað getur það hjálpað fólki að lifa góðu lífi. Þegar þannig tekst til verður kraftaverk fyrir tilstuðlan fjölmiðlanna."

Hún er ekki eingöngu í því að hafa áhrif á aðra í gegnum fjölmiðla því alla vega einu sinni hefur afurð annarra breytt lífi hennar. Kvikmyndaframleiðandinn Victoria Holt gerði kvikmynd um hana og heitir hún Viskugangan eða The Walk of Wisdom og er Mae Chee sérlega ánægð með það hvernig til tókst. „Þetta var mjög vel gert og myndin hafði mikil og jákvæð áhrif í lífi mínu," segir hún.

Að hugsa um fólk sem samherja

Mae Chee var farsæl fyrirsæta og kaupsýslumaður áður en hún gerðist nunna. Var ekki erfitt fyrir hana að fórna slíkum starfsframa og tileinka sér meinlætalíf nunnunnar? „Því er ekki að neita að ég átti mikilli velgengni að fagna en þó var eitthvað innra með mér sem sagði að eitthvað vantaði upp á til þess að ég gæti lifað hamingjuríku lífi þrátt fyrir allt. Við þekkjum það að til er fólk sem nýtur mikillar hylli en kann síðan ekki fótum sínum forráð þar sem það er ekki í sambandi við sjálft sig. Í mínu tilfelli var ekki annað að gera en að fara þann veg sem gerði mér unnt að upplifa hamingjuna og hlýða innra kalli hvað sem tautaði og raulaði í hinum ytra heimi."

Reynslan af umskiptunum hefur reynst henni vel þegar hún er að tala til ungu kynslóðarinnar en mikið af hennar starfi felst í því að vekja ungdóminn til umhugsunar um andleg málefni. „Flestum er kennt að lifa í samkeppni við aðra því þú þarf að bera af til þess að verða hetja. En ég vil að fólk líti á samferðafólk sitt sem samherja. Við erum öll ólík og það er svo misjafnt hvaða leið mönnum er heillavænlegast að fara til þess að gera líf sitt og annarra gleðiríkara og eins er misjafnt hvað fólk hefur fram að færa til heimsins."

Hún hefur fleira að segja þeim yngri og líklegast gæti mörgum eldri Íslendingum verið hollt að leggja einnig við hlustir. „Í búddisma er lögð rík áhersla á það að lifa hér og nú. Afar margir vilja nefnilega gleyma sér við það að hugsa sífellt um afrekstur þess sem þeir eru að gera. En það er nú einu sinni svo að menn uppskera eins og þeir sá svo ef þú sáir hinu góða verður uppskeran eftir því. Fólk mætti því, í trausti þess, einbeita sér að því sem það er að gera hverju sinni og ef það er gott verk þá verður þeim launað ríkulega."

Fyrirlitning dugar skammt

Glöggt er gestsauga og þar sem Íslandsvinurinn atarna hefur víða farið til að ausa úr sínum viskubrunni ákvað blaðamaður að spyrja hana út í deilu sem risið hefur hér á landi. Það er að segja um heimsókn ráðamanna til Kína þar sem sessunautar þeirra verða kínverskir ráðamenn, en þeir hafa slæmt orð á sér fyrir að virða mannréttindi að vettugi. „Ég er gestur hér svo ég ætla mér ekki að segja íslenskum ráðamönnum hvað þeir eigi eða eigi ekki að gera. En svona almennt get ég sagt að við búddistar leggjum áherslu á að nálgast hlutina eins og rannsóknarmaður frekar en beinn þátttakandi. Það er ýmislegt sem við verðum vitni að sem okkur þykir miður fallegt. Í stað þess að taka þátt í því eða fyllast fyrirlitningu á því má nota það sem tækifæri til að læra.

> Það er ekki hægt að ætlast til þess að allir lifi samkvæmt þínum hugmyndum um það hvernig allt eigi að vera

Þess vegna tel ég að það sé engum til góðs að leggja fæð á einhvern og útiloka hann. Þannig eru litlar líkur á því að hann fáist til að breyta hátterni sínu. Fyrsta skrefið til að ná fram breytingum er að sætta sig við fólk eins og það er. Það er ekki hægt að ætlast til þess að allir lifi samkvæmt þínum hugmyndum um það hvernig allt eigi að vera."

Kúnstin að kveðja

Trúbræðrunum fjölgar í hofinu og matarbökkunum um leið því flestir koma færandi hendi. Blaðamaður sýnir á sér fararsnið því beðið er eftir að Mao Chee setjist við borðsendann. Hann kveður því viðmælanda sinn margs vísari um Mae Chee og búddisma en þó láðist honum að krjúpa á kné að skilnaði, það hefði þó verið vel við hæfi. Sem betur fer tekur nunnan fólkinu eins og það er.

HOLL ER HUGARRÓ Hugleiðsla hjá Ven. Phra Kru Supattahanakhemakun munki, Ven. Phra Maha Prasit Sirintharo, formanni Búddistafélags Íslands, og Samanera Jeerasak Khonungklang.

➜ HVER ER MAE SANSANEE STIRASUTA?

Sem ung kona átti Stirasuta mikilli velgengni að fagna sem fyrirsæta í Taílandi og einnig í viðskiptalífinu. En fyrir 29 árum ákvað hún að gerast Búddanunna. Hún stofnaði andlegu miðstöðina Sathira-Dhammasathan í Bangkok árið 1987. Þar er rekið fræðasetur sem er öllum opið. Hún leggur mikla áherslu á starf með ungu fólki og segist vona að það verði til þess að í framtíðinni munu þær kynslóðir gefa af sér leiðtoga sem munu leysa ágreining á friðsælan hátt. Hún er önnur tveggja formanna fyrir Heimsfriðarfrumkvæði kvenna (Global Peace Initative of Women). Samtökin eru stofnuð til að stuðla að því að konur láti til sín taka um að koma á friði í heiminum. Hún vinnur einnig á vegum Sameinuðu þjóðanna að því að styrkja og styðja æskuna um heim allan. Hún er einnig með sjónvarpsþætti á taílensku ríkisstöðinni Stöð fimm þar sem hún fjallar um andleg málefni.

Árið 2004 gerði breski kvikmyndaframleiðandinn Victoria Holt kvikmyndina Viskuvegurinn eða The Walk of Wisdom sem fjallar um starf og ævi Mae Sansanee.

TÍSKUSÝNINGAR verða haldnar í dag í tilefni menningarnætur. Meðal hönnuða er Særós Mist Hrannarsdóttir, sextán ára, sem sýnir nýjustu fatalínu sína en eflaust muna margir eftir sýningu hennar síðastliðið sumar þegar kjallari Hins hússins fylltist. Sýningin í ár fer fram á horni Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis frá 15 til 16.

;ALLT

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

TILBOÐ
Nú er tími til að spara!!!
Ný sending FRÁBÆR VERÐ
Sófar - Hornsófar - Sófasett
Tungusófar - Stólar - Rúm
Kíktu við á húsgagnalagersölu okkar
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugargarar 10 - 16

VINSTRI GRÆN MENNING
Suðurgötu 3, kl. 14.30 og frameftir degi.
Tónlist, upplestrar, söngur, sköpun og leikir í anda félagshyggju, umhverfisverndar og kvenfrelsis.
Kaffi og vöfflur
Öll velkomin

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Auður Rakel Georgsdóttir hefur skemmt sér við að gera upp gamlan Ford Bronco í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rúntar um á Bronco

Auður Rakel Georgsdóttir naglasérfræðingur hefur verið að gera upp gamlan Ford Bronco í sumar og segir það hafa komið á óvart hversu skemmtilegt það getur verið að gera upp gamla bíla.

„Ég vissi ekki að það væri svona gaman að gera upp bíla," segir Auður Rakel sem gerir upp 1976 módel af Ford Bronco ásamt pabba sínum og yngri bróður. „Ég hjálpaði pabba aðeins þegar ég var lítil en fannst það ekkert gaman þá því mig langaði náttúrulega bara út að leika. Núna er þetta allt öðruvísi."

„Við erum að gera bílinn vel upp þannig að við getum notað hann allt árið og til þess að hann sé öruggur," segir Auður og bætir við að hún hafi ákveðið að hjálpa pabba sínum að gera bílinn upp vegna þess að hann spurði hana hvort hún vildi hjálpa til og fengi þá að nota bílinn af og til í staðinn. En þetta er ekki eini bíll Auðar Rakelar. „Ég keyri svona vanalega um á Yaris," segir hún.

Að sögn Auðar Rakelar er bíllinn fluttur inn frá Lúxemborg. „Félagi pabba míns gaf honum Broncoinn en bíllinn hafði staðið í tíu ár inni í bílskúr í Lúxemborg. Svo var langafi minn að selja bílinn sinn, sem er 1974 módel af Bronco. Pabbi fékk hann og við erum að nota varahluti úr honum."

Auður Rakel og fjölskyldan byrjuðu að gera upp bílinn í apríl og fljótlega sér fyrir endann á þeirri vinnu. „Ég býst bara við að rúnta um á Bronco í haust," segir hún.

martaf@frettabladid.is

Leikfangaland
Þarftu að geyma elskuna þína ??
Gistiheimili fyrir Bílinn, mótorhjólið, jetski, vélsleðann. Opnar 1 september 2008.
Upphituð aðstaða í nýbyggingu.
Nánari upplýsingar í síma 897 9920.

BÍLAR

BÍLASALA drást saman um 62 prósent miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt tölum frá Umferðarstofu en einungis 805 bílar voru nýskráðir í júlí.

Svifryki haldið utan bíla

Þeir bílaeigendur sem hafa haldið sig utan borgar leggja nú af stað úr rykinu á hálendinu í svifrykið í borginni. Ferðalangar hafa snúið sama loftinu inni í bílnum í rykinu á hálendinu en þarf þess í svifrykinu í borginni?

Svifryk fór yfir heilsuverndarmörk í Reykjavík síðastliðinn sunnudag vegna mengunar sem barst frá meginlandi Evrópu. Anna Rósa Böðvarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, segir það geta gerst á sumrin að mengun berist frá Evrópu, sandstormum ofan af hálendinu eða framkvæmdasvæðum borgarinnar sem stundum veldur því að svifryk fer yfir heilsuverndarmörk. Venjulega sé hættan á svifryksmengun þó mest seinni part vetrar. En kemst mikið af svifrykinu inn í bílana sem leið eiga um borgina?

„Í nýja og nýlega bíla, sem eru upp undir fimm ára, á svifryk ekki góða leið inn," segir Össur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, og segir ástæðuna þá að þeir séu bæði þéttir og að miðstöðvarkerfið sé búið það fullkomnum frjókornasíum að svifryk á ekki auðvelda leið í gegnum þær.

Össur segir þó að annað gildi um eldri bíla og að þeir geti verið galopnir fyrir inngöngu svifryks. „Eftir því sem bílar eldast verður meira slit á búnaðinum sem heldur svifrykinu úti þannig að það á auðveldara með að komast inn."

Össur Lárusson segir að svifryk eigi ekki auðvelda leið inn í nýlega bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Anna Rósa Böðvarsdóttir segir að svifryksmengun á sumrin komi frá Evrópu, hálendinu og framkvæmdasvæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Búnaðurinn sem heldur svifrykinu úti er miðstöðvarkerfið sem er orðið mjög fullkomið og er búið síum og ventlum sem eiga ekki að hleypa í gegn um sig hvers konar ryki. Þéttleiki bílanna skiptir einnig máli, það eru þéttikantar bæði á hurðum og gluggum," útskýrir Össur en segir að auðvitað slitni bæði miðstöðin og þéttleikinn með árunum og verði slappari.

Aðspurður segir Össur að gott ráð til að koma í veg fyrir svifryk í bílum sé að fylgjast með þéttiköntum á hurðum og rúðum. „Einnig er möguleiki að taka hringrásarkerfið á miðstöðinni þannig að bíllinn snúi bara loftinu inni í bílnum."

Að sögn Össurar skiptir máli að bílaeigendur fylgist með frjókornasíum í bílum sínum og fari með bílana í þjónustuskoðun til að láta fylgjast með því hvort allur búnaður sé að virka eins og hann á að gera til þess að það sé öruggt um að fá ekki óæskilegar lofttegundir inn í bílana.

martaf@frettabladid.is

Porsche Cayenne Turbo S

Árg: Sept 2006, ekinn 27 þús., 551 hestafl.
Einn með öllu !!! Verð: 12,8 Millj
Tilboð: Fæst gegn yfirtöku á láni 9,3 millj.

Aukahlutir & búnaður: ABS hemlar - Aksturstölva - Armpúði - Álfelgur
Filmur - Fjarstýrðar samlæsingar - Geisladiskamagasín - Glertopplúga
Hiti í sætum - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Kastarar
Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður
Rafdrifnir speglar - Reyklaust ökutæki - Samlæsingar - Smurbók
Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Túrbína - Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri
Xenon aðalljós - Þakbogar

Upplýsingar í síma 898 2444

AFRÍKA heillar marga og á heimasíðunni www.afrika.is má finna ferðir sem hægt er að fara í til álfunnar, bæði einkaferðir og skipulagðar ferðir.

Á hjólafáki og fljótabát

Þrettán daga ævintýraferð á fjallahjólum um Kambódíu er fyrirhuguð í haust á vegum ferðaskrifstofunnar Óríental. Ef fólk vill halda áfram til Saigon í Víetnam bætast fimm dagar við ferðina.

„Þetta er sannkölluð landkönnun með átökum og ævintýrum við hæfi og getu allra fullfrískra," segir Halla Frímannsdóttir. Hún verður fararstjóri í hinni væntanlegu hjólreiðaferð um Kambódíu í haust sem hefst 26. október og stendur til 8. nóvember. Leiðin er alls um 550 km löng og liggur um grösugar sveitir, afskekkt þorp og fornar og nýjar borgir.

Í upphafi ferðar gefst kostur á að kynnast leyndardómum og spennu Bangkokborgar að sögn Höllu, bæði að nóttu og degi. Frá Taílandi er svo haldið til Kambódíu, fyrst til Pailinbæjar og áfram til Battambang. Þaðan er siglt eftir Tonle Sap-fljótinu til Siem Reap. „Á siglingunni er mikla fegurð að sjá, fljótaþorpin, fólk að baða sig í ánni, þvo þvotta og veiða fisk og hrísgrjónaakra við árbakkann báðum megin," segir Halla og lýsir líka næsta viðkomustað. „Siem Reap er skrautlegur staður sem minnir helst á bæ í kúrekamynd. Súpa af sveitalífi og túrisma með næturgaldra á börum, framandi markaði og fleira."

Einnig bíða rústir hinnar týndu borgar Angkor hjólreiðagarpanna. „Musterin þar eru mögnuð mannvirki," lofar Halla. Eftir fjóra daga við Angkor er siglt eftir Tonle Sapvatni sem er hið fiskisælasta í heimi og á leiðinni eru fljótandi fiskiþorp og fjölbreytt dýralíf. Næsti viðkomustaður er höfuðborg Kambódíu, Phnom Penh. „Skringileg og spennandi borg," segir Halla um hana. „Þar verður stansað í tvo daga. Höll núverandi konungsfjölskyldu heimsótt og fleira skoðað sem tengist sögu landsins. Það er til dæmis ekki hægt að fara í gegnum Kambódíu án þess að gera sér grein fyrir sögu Rauðu Khmeranna sem hrökkluðust frá völdum fyrir um 30 árum eftir stuttan en blóðugan valdatíma."

Halla segir vegina í Kambódíu líka þeim sem hér voru fyrir um þrjátíu árum. „Það er virkilega gaman að þeysa um þessar vegleysur á fjallafáki," segir hún og bætir við að lokum. „En svo verður líka oft stoppað til að njóta þess að vera á ferðalagi í austrinu." Frekari upplýsingar eru á www.oriental.is

gun@frettabladid.is

Víða má sjá heimili fólks á fljótunum þegar siglt er um á þeim.

„Það er virkilega gaman að þeysa um þessar vegleysur á fjallafáki," segir Halla hjólandi í Kambódíu.

Matargerðarlist í Indlandi einkennist af bragðmiklum mat sem hefur verið velt upp úr kryddi. Í norðurhluta Indlands er mild kryddhefð en í suðurhlutanum er áherslan á kryddstyrk.

visindavefurinn.is

Gott er að vera með nesti og í góðum skóm í göngunni. MYND/SIGRÚN FRANKLÍN.

Selvogsgata gengin

Gengið verður frá Grindarskörðum að Hlíðarvatni í Selvogi í menningar- og sögutengdri gönguferð sunnudaginn 24. ágúst.

Gangan hefst við slysavarnaskýli á Bláfjallaleið, neðan Grindarskarða og lagt verður af stað þaðan klukkan ellefu. Þeir þátttakendur sem koma af Reykjavíkursvæðinu fara Krýsuvíkurleið þangað til komið er að stóru skilti sem á stendur Bláfjöll. Þar er beygt til vinstri og keyrt í um 10 mínútur að slysavarnaskýli.

Selvogsgatan er gömul þjóðleið milli Hafnarfjarðar og Selvogs. Þessi hluti leiðarinnar er um 18 km og tekur gangan um 6-7 tíma. Svæðið býr yfir minjum, mögnuðum sögum og fróðleik sem Sigrún Jónsdóttir Franklín mun miðla á leiðinni. Gott er að vera með nesti og í góðum skóm. Allir eru á eigin ábyrgð. Rúta flytur fólk til baka frá Hlíðarvatni og er þátttöku- og rútugjald 2.500 krónur.

- gun

BÍLALEIGUBÍLAR
SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
(Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
Sumarhús

Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia

LALANDIA - Rødby
Lágmarksleiga 2 dagar.

LALANDIA - Billund
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku

Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

Elding
adventure at sea

Ævintýri á sjó

Viðey - Saga, náttúra og list

Siglingar á klst fresti.
Viðeyjarstofa opin frá 11:30 til 17:00.

Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari heldur tónleika í Viðeyjarkirkju í dag kl 14:30.

Sjóstangaveiði 3 - 3,5 klst

Alla daga kl 11:00.
Allur búnaður til veiðanna innifalinn.

Hvalaskoðun 2,5 - 3,5 klst

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Lunda tímabil

Apríl	Maí	Júní	Júlí	Águ	Sept	Okt
9:00	9:00	9:00	9:00	9:00	9:00	
13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00
		17:00	17:00	17:00		

Hvalaskoðun Reykjavík
www.elding.is
Sími: 555 3565

Montreal - Kanada
26. sept. og 9. okt.
frá kr. 59.990

Helgarferðir – síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum í tvær helgarferðir í haust til Montreal. Bjóðum frábært sértilboð á Best Western Ville Marie hótelinu sem er gott og vel staðsett fjögurra stjörnu hótel. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Verð kr. 59.990
Netverð á mann.
Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Hotel Best Western Ville Marie **** í 3 nætur.
Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000.
Fjögurra nátta ferð 9.-13. okt.
kr. 64.990.
Aukagjald fyrir einbýli kr. 21.000.

Frábær sértilboð á helgarferðum

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

TÍSKA

TÍSKUVIKAN í Dublin hefst á mánudaginn og stendur til miðvikudags. Þar munu rúmlega tuttugu hönnuðir sýna vor- og sumarlínu sína fyrir árið 2009.

D&G. Mikið var um slæður, köflur og tweed-efni.

Rag & Bone. Sveitastemning var yfir margri hönnuninni.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Blóm í haga á hausttískusýningum

Þrjú þemu voru áberandi á tískusýningum fyrir næsta haust og vetur. Sveitalegar flíkur og haustleg blómamynstur sáust víða auk þess sem pils, kjólar og frakkar voru oftar en ekki mjög síðir.

Á tískusýningum fyrir næsta haust gætti áhrifa sveitastemningar. Mikið var um köflótt og tweed-efni og margar fyrirsætnanna litu út fyrir að vera tilbúnar til skyttuveiða. Aðrar voru meira eins og gamaldags sveitakonur með klút bundinn um höfuðið.

Annað sem áberandi var á tískusýningum fyrir haust- og vetrarlínuna voru síðar flíkur. Pils, kjólar og frakkar náðu niður fyrir hné og jafnvel alveg niður í gólf. Flíkurnar voru oftar en ekki í mörgum lögum og ekki sást mikið í bert hold, hönnunin hentaði því tískumeðvituðum en þó hógværum konum.

Blómamynstur voru vinsæl í vortískunni og héldu hönnuðir áfram með þau mynstur fyrir veturinn þótt litirnir væru haustlegri.

mariathora@frettabladid.is

Jean Paul Gaultier. Blómamynstur halda áfram inn í veturinn þótt litirnir séu haustlegri.

Akris. Jakkar, pils og frakkar voru mjög síðir og oftar en ekki í mörgum lögum.

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

100 % Lán Ford Ranger árg. 2003, 4x4 dísel, ek 130 þ.km, einn eigandi frá upphafi, dráttarkrókur o.fl. V.880.000.- Listaverð: 1.280. þús.,s. 567-2000 og 698-0066.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Litla bílasalan

Harley Davidsson Vrsc Night rod special, 9/2007, sem nýtt. verðh 2.800 þús.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 112 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

100 bílar

Ford Expedition XLT 4X4, árg. 2007, ek.3þús.km, Sjálfsk. 8 manna, Dráttarbeisli og fl. Stgr.Tilboð 4290þús. kr!!! Gullfallegt Eintak!!

Allt að seljast !! vantar bíla á staðinn !!

VANTAR BÍLA Á STAÐINN !!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.

Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Til Sölu Ford Ranger 4x4 V6 3.0 Árg.'00 Keyrður 130þ.mílur. Skoðaður '09. Lítur ótrúlega vel út, ásett verð er 750.000.- Tilboð 590 þús. Hrannar s. 863 5325..

Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala

Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300

Útsala Útsala!

Verð nú 1290.þús listaverð 1.890. þús Terrano II sport sjálfskiptur disil Aukagangur á álfelgum, dráttarbeisli. Góður bíll. Uppl.s: 898-8228

Yamaha R6 2006 til sölu

Gullfallegt hjól með flækjum og fleiru. 130.000 út og yfirtaka frá TM. Allar upplýsingar í síma 6994997 eftir kl 17

Til sölu Ford Econoline árg 90.Bíll í topp lagi,ekkert ryð, 4x4.er á,35,tommu, vél 6.6 L,Duramax.verð 1500 Þ. Uppl. í s. 892 8425.

1.500.þ í afslátt 100% yfirtaka á láni!!!

Til sölu Range Rover Disel Árg 2003 ek 102.þ km einn með öllu umboðsbíll ásett verð 5.990.000. Lánið er ca.4.500. þ 74.þ uppl í 844-0542

Tilboð 799.000 kr!

PT Cruiser árg 11/00 nýsk. 09, sjálfsk, krómfelgur, topplúga, leður, filmur, ásett verð 1190 þús TILBOÐ 799 þús ATH öll skipti. S. 693 5053.

Land Cruiser VX 35“

Til sölu Land cruiser, 8 manna, leður. Er á 33“ dekkjum, á 15“ felgum. Fylgja með 35“ nelgd, micro, skorin, nýleg dekk. Er með 4þrepa sjálfskiptingunni. Ek. 95 þ. Árg. 11/'04. Fæst gegn yfirtöku á láni. Einn með öllu. S. 897 2171.

Toyota Corolla 1,6 Sol Árg. 2006, ekinn 16 þkm. Sjálfskiptur, álfelgur, sumar og vetrardekk. Verð kr. 2.200.000,- Nú tilboð kr. 1.950.000,- Uppl. í síma 822 5111

Til sölu Ssangyong Korando, árg. '99, disel. Ek. 164 þ. Auka dekk á felgum. V. 490 þ. S. 893 5701 & 568 4428.

Lexus IS200 sjálfsk. árg.'04 ekinn 36þús. Ásett verð 2.290þús. Tilboð óskast S:8675593

38“ LC120

Til sölu nýtt 70m2 sumarhús til flutnings. Húsið er á Stokkseyri. Fullbúið að innan en eftir að klæða það að utan. Verð: tilboð óskast. Uppl. í S: 8679690.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu skrifstofur 29 fm í Hafnarfirði á góðum stað nálagt miðbænum s 8946633

Til leigu rúmlega 11m2 skrifstofuhúsnæði með aðgangi að eldhúsi, snyrtingu og setustofu á 3 hæð í Mjódd. Upplýsingar frá kl. 9-14 virka daga í síma 587 7171.

100 fm skirfstofuhúsnæði við Síðumúla til leigu. Gott húsnæði. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

Óskum eftir húsnæði fyrir snyrtifræðing, snyrtiaðstöðu og sal fyrir jógakennslu á höfuðborgarsvæðinu. Vinsamlegast hafið samband: 898-3474

Verslunar- og þjónusturými Erum með til leigu á besta stað í Kópavogi 100fm verslunar- og þjónusturými. Upplýsingar í síma 695-7045

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Óska eftir að kaupa 200-300 fm. geymsluhúsnæði í Rvk. e-mail er annalisasig@gmail.com

Til leigu

90 m2 skrifstofuhúsnæði til leigu í miðbæ Reykjavíkur.

Uppl. í síma 414 8200

Nýuppgerð 213m2 íbúð til leigu í Þingholtunum.

Húsnæðið er á besta stað með útsýni yfir Vesturbæinn og tjörnina. Íbúðin getur verið leigð með húsgögnum og öllum heimilisbúnaði svo sem tvöföldum ísskáp, gaseldavél og öðrum heimilistækjum. **Möguleiki er að 1-2 bílastæði fylgi. Upplýsingar í síma 820 5000.**

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

Bílskúr

Bílskúr til leigu í Fljótaseli - Seljahverfi.
25 fm með hurðaopnara og stóru geymslulofti, vinnuborð með vaski er til staðar. 35.000 á mánuði.
Upplýsingar í síma 699 4997.

Óska eftir bílskúr undir lager. Uppl. í s. 847 1430.

Gisting

Glænýtt einbýlishús, á einni hæð í Orlando til leigu. Stutt í verslanir,garða og golfvelli. Uppl:8975520

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060

Hjá Jóa Fel Holtagarðar
Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum og Kaffihúsið í Smáralind.
Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076, einnig umsóknir á unnur@joifel.is

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL

Pylsuvagninn Laugardal
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði kvöld og helgarvaktir. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir skulu sendar á ottar@foodco.is

MOSFELLS BAKA

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.

MOSFELLS BAKA

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.

pítan

Aðstoðarveitingarstjóri kvöld- og helgar hlutastarf, 65% Hentar sérstaklega vel fólki í háskóla, unnið er 15 daga í mánuðinum, ca. 115 tíma á mánuði. Hæfniskröfur: Mjög góð mannleg samskipit, 23 ára eða eldri, snyrtimennska, heiðarleiki, stundvísi. Mjög samkeppnishæf laun, skemmtilegur vinnustaður, rótgróinn og traustur rekstur. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

50-70% Sölustarf í verslun
Vinnutími frá 14-18 alla virka dag og 11-17 annan hvern Laugardag. Starfið felur í sér sölu, afgreiðslu og tilfallandi störf. Farið er fram á lágmarks kunnáttu á tölvur, jákvæðni og góða þjónustulund.
Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Umsókn sendist á rumgott@rumgott.is Uppl. í síma 544 2121.

Gullnesti Grafavogi
Auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf.
Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.

Veitingahúsið - Lauga-ás.
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Íslenskukunnátta skilyrði.
Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.

Ísbar/Booztbar, Kringlunni og Borgartúni
Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf. Dagvinna á tímabilinu 10-14 & 8:30-16:30. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

SUBWAY

Ert þú næturmanneskja?
Subway Hringbraut/N1 auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund á næturvaktir. Um 100% starf er að ræða. Unnið er 7 nætur í röð og 7 nætur frí. Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg.
Nánari upplýsingar veitir Magga í síma: 696-7064.
Lágmarksaldur er 18 ár. Góð laun í boði. Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is

Afgreiðsla
Óskum eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu frá kl. 8 - 17 á Select við Laugaveg. Nánari upplýsingar veitir Óskar stöðvarstjóri í s. 561 9926 eða á starf@skeljungur.is.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell eða Select.

Vaktstjóri
Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Select stöðina við Smáralind. Nánari upplýsingar veitir Jóna stöðvarstjóri í síma 554 2280 eða á starf@skeljungur.is.
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell eða Select.

Kvöld og helgarvinna

Upplagt fyrir skólafólk
Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði. Only icelandic speaking.
Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.

Bakaríið Hagamel 67
Óskar eftir að ráða duglega og ábyrga manneskju til afgreiðslustarfa. Unnið er á vöktum eftir nánara samkomulagi.
Nánari uppl. veita Gunnar í s. 8978 101 og Steinar í s. 860 3147.

SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
RIFKING • REYNSLA
www.bortaekni.is

Störf í boði.
Óskum eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Aðeins reglusamir og stundvísir.
Upplýsingar sendist á: bortaekni@bortaekni.is & í s. 567 7570 m. kl.10-15

MATURINN

Maturinn er matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í rekstri mötuneyta ásamt því að vera með bakkamat.
Okkur vantar vanar starfsfólk til afleysinga í mötuneytin okkar. Einnig vantar okkur fólk í uppvask og þrif.
Áhugasamir hafið samband í síma 567-0385 eða sendið póst á eldhus@matuirnn.is

kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA

Furðufiskar ehf
Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem gæti einnig aðstoðað í eldhúsi ásamt fleiru. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við. Aldurs takmark er 22 ár.
Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.
Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík

Loftorka Reykjavík
Óskar eftir að ráða mannskap í malbik og manni til að saga malbik. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.
Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525

Aktu Taktu
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á: www.umsokn.foodco.is

Fjöreggið
Grill og góður matur. Starfsfólk óskast í fulla vinnu. Einnig vantar fólk í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 555 7030.

Óska eftir konu til að gæta eins árs gamalli stúlku hluta úr degi. Uppl. í s. 891 6529 Sigríður.

Óska eftir smið og menn vana alhliða húsaviðhaldi. Íslenskukunnátta skilyrði. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 616 1569.

Múrarar Verkamenn
Menn óskast til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 893 5017.

Hverju myndu 30-50 þús. á mán. breyta fyrir þitt heimilisbókhald? Kannaðu málið í síma 863-6523. Vantar fólk um allt land

Byggingarvinna - Egilsstaðir
Vantar menn í einingarverksmiðju og almenna byggingarvinnu. Malarvinnslan Hf. Uppl. veitir Ragnheiður s. 860 0120.

Vantar menn
í hellulagnir ofl. Íslensku kunnátta skilyrði. S. 821 8983, Hjörtur. HJÁ Verktakar.

Starfsfólk óskast til garðyrkjustarfa og landbúnaðarstarfa. Uppl í s 894 3005.

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR DUGLEGA KONU VERSLUN Í FIRÐI HAFNARFIRÐI ER TIL SÖLU. BESTI TÍMINN FRAMUNDAN. AUÐVELD KAUP, EINUNGIS YFIRTAKA. UPPL. Í S. 865-6774

Smiðir óskast strax.
Við óskum eftir smiðum, vönum smíði timburhúsa og viðhaldsverkum, svo sem ísetningu glugga og útihurða ásamt fjölbreyttri smíðavinnu á verkstæði. Nánari uppl. í síma 566 6630 og 696 1120 og 696 1182.

Need polish workers. tel. 894 7010.

Strafsmenn óskast til útiverka. S. 894 7010.

Gröfumaður og bílstjóri óskast. S. 894 7010.

Söluturn í Grafarvogi óskar eftir starfskrafti í fullt starf vinnutími frá kl 09-17 virka daga og önnur hvor helgi, möguleiki á meiri vinnu ef viðkomandi vil/í nánari upplýsingar veittar í síma 8463000 eða á staðnum milli kl 9 og 17 virka daga

Ráðskona óskast Fjölskylda í Garðabæ þarf aðstoð við heimilishaldið. Leitum að notalegri stúlku eða konu sem kann til verka. Getum boðið fæði og húsnæði og sveigjanlegan vinnutíma. Áhugasamir sendi línu á netfangið undur@internet.is

Garðsauki ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í yfirborðsfrágang lóða. Uppls. gefur Gylfi í s 899-2962

ORANGE - Fun & Fine Dining vantar matreiðslumenn og nema í frábæra liðsheild. ORANGE er nýr og spennandi veitingastaður í 101 Reykjavík. Frekari upplýsingar gefur Þórarinn Eggertsson í síma 822-3003 eða á orange@orange.is.

Óskum eftir tilboði í byggingu þaks (40°) á íbúðarhús í Kjós,uppl. í s. 8584410

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfsfólki til starfa. Vinnutími er frá kl 13-18.30. uppl: Helga 669-5423

Óskum eftir að ráða duglegan mann með góða þjónustulund til starfa í fullt starf, eða auka starf. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 568 2818. Skóarinn í Kringlunni.

Húsasmíðanemi
eða lagtækur maður óskast í vinnu. Uppl. í s. 895 5511.

Vélstjóri óskast
Vélavörður eða vélstjóri óskast í 1 mánuð á 75 tonna línubát, (vél 373 kw). Uppl. í s. 840 0183.

Óskum eftir að ráða vana gröfumenn til starfa í Reykjavík og við Kárahnjúka. Góð laun. Uppl. veitir Gísli í s. 896 3840.

Sjómenn ath!
Annan stýrimann, vélavörð og vana háseta vantar á 160 tonna netabát, vélastærð 682 kv. Uppl. í s. 699 6519.

Fjölskylda í Hfj. vantar stúlku/konu til að gæta 3 bara, 2 ára, 8 ára og 10 ára. Einstaka kvöld og einstaka helgar. Uppl. í s. 695 5676.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

Þjóðin veit hvað hún vill

Það mælist í tugum þúsunda hvað miklu fleiri lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið og 24 stundir

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–54 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

Getum bætt við okkur verkefnum í okt. Vanir mótauppslætti. Áhugasamir hafi samb. í s. 820 3265 Grandverk ehf.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666 & 908 2000
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

MAKALAUS.IS er síða sem þú ættir að sjá á netinu. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi. Þekkirðu ekki einhvern sem er makalaus ? Ókeypis silfurskráningar og svo auðvitað gullskráningar fyrir kröfuharða. MAKALAUS.IS

Ný upptaka:
Hér er leggjalöng dís í mjög „innilegri" upptöku sem svo sannarlega kann að njóta sín í einrúmi! Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (visa, mastercard), upptökunr. 8239.

Sögur Rauða Torgsins
Á símkerfi Rauða Torgsins leynast rúmlega 450 hljóðritanir íslenskra kvenna, ýmist beinar frásagnir, mjög „innilegar" upptökur eða sambland hvors tveggja. Hringdu í 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (Visa, Mastercard) og flettu í gegnum nýjustu upptökurnar (þær eru mjög margar) eða skoðaðu eldri upptökur, sem eru m.a. flokkaðar eftir flytjanda. Góða skemmtun (í einrúmi!!). Raudatorgid.is

Dömurnar á Rauða Torgi
Undanfarið hafa hátt í 15 yndislegar dömur skemmt sér konunglega við spjall og símaleiki. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (visa, mastercard). Raudatorgid.is

Er kominn tími til að úthýsa akstrinum?

Vörudreifing Pósthússins gæti verið með lausnina fyrir þitt fyrirtæki. Pósthúsið býður upp á fjölmargar leiðir í vörudreifingu og þar á meðal er boðið upp á:

- Sérhæfða vörudreifingu
- Hátt þjónustustig og fagleg vinnubrögð
- Heimsendingarþjónustu til fyrirtækja og einstaklinga
- Þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins
- Möguleikann á að fylgjast með stöðu sendingar frá upphafi til enda.

Pósthúsið hefur þróað og innleitt nýtt tölvukerfi sem gefur yfirlit yfir rauntímastöðu sendinga. Það þýðir að hægt er að fylgjast með stöðu sendingar í rauntíma, frá því hún er sótt og þar til afhending á sér stað.
Hægt er að velja um fastar viðkomur, komur eftir pöntun, hraðafgreiðslu eða tímatengda afgreiðslu.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar Pósthússins í síma 585 8330.

Pósthúsið ehf I Suðurhraun 1 I 210 Garðabær I s: 585 8300

Tilkynningar

Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Skipulags- og umhverfissvið

Hörðuvellir, Vallakór 10, breytt deiliskipulag. 0712080
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð nr. 10 við Vallakór. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Hörðuvelli - heilsu- íþrótta og fræðasetur sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 19. júlí 2005. Deiliskipulagsbreytingin tekur til lóðarmarka, staðsetningar og afstöðu byggingarreita, fyrirkomulags bílastæða, aðkomu og fjölda íbúða sem fer úr 36 í 70. Óskað er eftir að hámarksflatarmál turns verði aukið úr 4800 m² í 6600 m² og að hámarksflatarmál húss án bílakjallara verði aukið úr 8200 m² í 9000 m². Byggingarreitur fyrir íbúðarhús á 12 hæðum færist til vesturs þar sem skuggavarp frá honum hefur minni áhrif á nærliggjandi íbúðarhús. Hæð byggingarreita breytist ekki. Nýtingarhlutfall lóðar er 1.28 án kjallara en heildarnýtingarhlutfall að meðtöldum bílageymslum í kjallara er 3. 28. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 21. júlí 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Kópavogstún, Kópavogsgerði 1, 3, 5, 7 og 9. Breytt deiliskipulag. 0808029
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð nr. 1, 3, 5, 7 og 9 við Kópavogsgerði. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Kópavogstún sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs þann 8. nóvember 2005. Í tillögu að breytingu felst að aðkomu og staðsetningu bílastæða fyrir Hressingarhælið, hús nr. 1/6, er breytt og verður aðkoman og bílastæðin staðsett fyrir norðan húsið. Þau bílastæði sem þar eru fyrirhuguð munu einnig þjóna bílastæðaþörf fyrir hús nr. 1/7, 1/8, 1/9 og 1/10, þ.e. Rjóðrinu og Aðstöðu fyrir langveik börn. Nýr vegur er ráðgerður að þessum nýju stæðum. Sameiginlegri bílageymslu neðanjarðar er skipt í 4 sjálfstæðar bílageymslur neðanjarðar með sameiginlegri aðkomu og skábraut. Þar sem fyrirhuguð er nýbygging við Kópavogsgerði 3 eru nú til staðar eldri byggingar nr. 1/3 og 1/5 við Kópavogsbraut. Gert er ráð fyrir að starfsemi haldi áfram um sinn í því húsi. Á meðan starfsemi fer fram í húsinu verður bílastæðum fyrir það komið fyrir til bráðbirgða við norðurhlið þess. Þessi stæði víkja síðar þegar hús nr. 3 verður byggt. Lóðarmörkum innbyrðis milli húsa við Kópavogsgerði 1 - 9 hefur verið breytt lítillega einkum vegna áfangaskila fyrir hús nr. 3 og sömuleiðis vegna breyttrar aðkomu fyrir hús nr. 7, þ.e. Hælið. Ein tjörn er staðsett við aðkomu að húsum við Kópavogsgerði 1 - 9. Ytri byggingarreitur fyrir 1 - 5 hæð hús nr. 1, 3, 5 og 9 við Kópavogsgerði er færður út um 0,2 m úr 1,5 m í 1,7 m. Byggingarreitur fyrir inndregna þakhæð, 6. hæð er færður út um 1, 7 m á norður og austurhlið og um 1, 0 m á suður og vesturhlið.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 18. júlí 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Skógarlind 2. Breytt deiliskipulag. 0808027
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð nr. 2 við Skógarlind. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Lindir IV sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs þann 28. ágúst 2007. Í breytingunni felst að byggingarmagn verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á lóð er aukið um 3000m2 og verður hámarks byggingarmagn á lóð án bílageymslu 18.500 m2. Gert er ráð fyrir 8.000 m2 bílageymslu í kjallara. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar er 0.6 án bílageymslu en 0.8 með bílageymslu. Byggingarreit er breytt þannig að aksturleið verður á milli verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Á jarðhæð stækkar byggingarreitur til suðurs og vesturs. Hámarkshæð jarðhæðar er 7 metar. Hæð suðurhluta byggingarreits (turninn) er aukinn úr 3 hæðum í 9 hæðir með stöllun upp á 7.2 metra. Hámarkshæð byggingar er 37.1 meter. Bílastæðakrafa er 1 stæði á hverja 35 m2 í byggingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði eða um 530 stæði. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 12. ágúst 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Vatnsendi, Brekkuhvarf 1-3, breytt deiliskipulag. 0807095
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð nr. 10 við Fornahvarf. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Vatnsenda sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 18. ágúst 1992. Í erindinu felst ósk um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar og að skipta henni upp í 3 lóðir. Núverandi stærð lóðar er 4.200 m². Gert er ráð fyrir aðkomu að lóðunum frá Brekkuhverfi og er sérstök kvöð um umferð á baklóð. Núverandi hús á lóðinni verður óbreytt. Á gildandi skipulagi lóðarinnar er gert ráð fyrir hesthúsi á suðurhluta hennar, sem fellur úr gildi við breytinguna. Gert er ráð fyrir að nyrsta lóðin sé ein hæð að Brekkuhverfi, en hækki í tvær hæðir til suðurs. Nýbygging á baklóð er á einni hæð en tvær hæðir á vesturhluta byggingarreits. Gert er ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0.38 og að hámarksstærð efri hæða nýbygginga séu undir 100 m2. Sett er fram kvöð um að gróður í suðurhluta lóðar verði varðveittur að mestu leyti. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 8. júní 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Vatnsendi, Dimmuhvarf 7, breytt deiliskipulag. 0708082
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð nr. 7 við Dimmuhvarf. Almennt er vísað í deiliskipulag Vatnsenda - norðursvæði, Dimmuhverfi sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 5. ágúst 2005. Í erindinu felst að skipta lóðinni í tvær lóðir og koma fyrir tveimur byggingareitum fyrir einbýlishús á tveimur hæðum. Lóðin að Dimmuhvarfi 7 verður eftir breytingu 852 m2 með nýtingarhlutfalli 0.3 en lóðin að Dimmuhvarfi 7a verður 1218 m2 með nýtingarhlutfall 0.3 Hámarkshæð húsa er 7 metrar. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 2. maí 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Vatnsendi, Fornahvarf 10, Skyggnir, breytt deiliskipulag. 0808035
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð nr. 10 við Fornahvarf. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Vatnsenda sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 28. apríl 1997. Í erindinu felst ósk um að koma fyrir byggingarreit í suðvestur horni lóðar. Hámarkshæð húss er 5.5 metrar og hámarksflatarmál 136 m2. Í húsinu er ráðgerð þjónusta fyrir ferðamenn og náttúruunnendur. Kvöð verður um að húsið verði léttbyggt og auðflytjanlegt.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 12. ágúst 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Vatnsendi - Þing, Hólmaþing 7, breytt deiliskipulag. 0807101
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð nr. 7 við Hólmaþing. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Vatnsenda - Þing sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs þann 24. maí 2005. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar um 4 metra til norðvesturs og 8 metra til norðausturs. Byggingarreitur kjallara stækkar að lóðamörkum til suðausturs og norðvesturs og að götu í suðvestri. Nýr byggingarreitur bílakjallara undir kjallarahæð nær að lóðarmörkum í norðvestur hluta lóðar. Byggingarreitur fyrir svalir er skilgreindur 1,5 metra til suðausturs og norðausturs. Hámarkshæð byggingar frá bílageymslu er 10,5. Hámarksvegghæð hækkar um 1.2 metra í 4.8 metra frá aðkomuhæð. Aðkoma að bílakjallara verður frá Elliðahvammsvegi. Hámarksbyggingarmagn eykst um 450 m2 þar af er niðurgrafinn bílakjallari 261 m2. Nýtingarhlutfall án bílakjallara og tæknirýma er áætlað um 0.55 en um 1 með bílakjallara og tæknirýmum á kjallarahæð

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 3. júlí 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 26. ágúst 2008 til 23. september 2008. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 7. október 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Atvinna

VANTAR ÞIG
SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

Til sölu

Gott viðskiptatækifæri

Veitingarekstur/Aðstaða upp á 16 fm. á Stjörnutorgi Kringlunnar til sölu. Hagstæð og þægileg kaup.

Upplýsingar veitir Kristinn í síma: 898-7924

Tilkynningar

Orlofsferð húsmæðra í Reykjavík

Farið verður í dagsferð laugardaginn 30. ágúst. Ekið verður austur fyrir fjall, viðkomustaðir Hveragerði, handverkssetur á Hellu, Oddakirkja, hádegisverður á Hótel Rangá. Ekið um Hvolsvöll, Fljótshlíð og til baka um Hellisheiði.

Verð kr. 2000,- innifalið:
Akstur, veitingar og leiðsögn.

Tekið verður við pöntunum frá mánudegi 25. ágúst til og með fimmtud. 28. ágúst í síma 5111550 hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar.

Nefndin

Starfsfólk óskast

Maturinn er matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í rekstri mötuneyta ásamt því að vera með bakkamat.

Okkur vantar vanar konur til afleysinga í mötuneytin okkar. Einnig vantar okkur fólk í uppvask og þrif.

Áhugasamir hafið samband í **síma 567-0385 eða sendið póst á eldhus@matuirnn.is**

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem gæti einnig aðstoðað í eldhúsi ásamt fleiru.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við.
Aldurs takmark er 22 ár.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

Furðufiskar ehf - Fiskislóð 81a - 101 Reykjavík

VERKTAKAR MAGNI

Vantar verkamenn til starfa strax mikil vinna framundan.

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni.

Starfssvið:
- Innkaup og pantanir
- Starfsmannahald/mönnun vakta
- Laga brauð ofl. sem lagað er á staðnum
- Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

Furðufiskar ehf - Fiskislóð 81a - 101 Reykjavík

Fasteignir

HÚSIN OKKAR ERU TIL SÝNIS Á LANDBÚNAÐARSÝNINGUNNI Á HELLU 22.-24. ÁGÚST.

Völundarhús.is hafa til sölu glæsileg ný gesta- og garðhús sem eru enn sterkbyggðari en áður. Nýju húsin eru bjálkahús frá 34 mm að þykkt og koma með tvöfaldri vatnslæsingu. Húsin eru tilvalin geymsla fyrir grillið og garðhúsgögnin. ***Öll gestahús og garðhús eru til á lager.***

Einbýlishús · Sumarhús · Parhús · Raðhús · Garðhýsi

GESTAHÚS 15m²

BARNAHÚS 2,1m²

GARÐHÚS 4,7-9,7m²

Hittumst á Hellu!

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

08-0131 Hannar hönnun

Staðgreiðslu · VISA Lán

STÓRAR EIGNARLÓÐIR Í GRÓNU LANDI

FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

GLÆSILEG GESTAHÚS GÓÐ BYRJUN

Á EIGIN SÆLUREIT

Eignastu þína eigin lóð og byrjaðu á gestahúsinu og trjárækt. Sumarhúsið kemur síðar með batnandi tíð og blómum í haga.

Höfum til sölu stórar og jafnframt ódýrar eignarlóðir fyrir frístundabyggð í landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Stærð lóða er frá 5.000 - 11.000 m². Frábær staðsetning, aðeins 55 mín. akstur frá Reykjavík. Lagt er að hverri lóð fyrir vatni, síma og rafmagni. Allt landið er gróið og hentar einstaklega vel til trjáræktar. Mikið um fallegar lautir, mosavaxið hraun og frábær fjallasýn. Góð greiðslukjör.

Komdu og veldu þér þinn eigin sælureit.

Verð frá 1.8 millj - 3.3 millj. kr.

Sölusýning á lóðum laugardag og sunnudag kl. 13-17.

Leiðin: Ekið er austur, gegnum Selfoss í um 10 mín. og þá beygt til vinstri inn á Skeiðarveg, þjóðveg 30. Þaðan er ekið í um 3 mín. og þá blasir við auglýsingaskilti á vinstri hönd.

Völundarhús.is hafa til sölu glæsileg gestahús sem eru enn sterkbyggðari en áður. Nýju húsin eru bjálkahús frá 45 mm að þykkt og koma með tvöfaldri vatnslæsingu.

Öll gestahús eru til á lager.

GESTAHÚS 15 m²

549.000 kr.

GESTAHÚS 25 m²

1.199.000 kr.

Verðdæmi:	
Kaupverð lóðar 2.3 millj. kr., við lánum 50%	
50% útborgun í lóð	1.150.000 kr.
Verð á 25 m² gestahúsi	1.199.000 kr.
Undirstöður, uppsetning o.fl.	650.000 kr.
Samtals	*2.999.000 kr.*

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

Sölumenn veita nánari upplýsingar í síma **824 3040 og 893 4609**

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

08-01-20 Hönnur hönn

Þegar Buffalóskór voru málið

Tíska níunda áratugarins hefur orðið mörgum aðhlátursefni, ekki síst þeim sem voru aðeins of ungir til að verða fórnarlömb hennar. Þegar nánar er að gáð kemur hins vegar í ljós að tíundi áratugurinn var engu skárri. ***Þórgunnur Oddsdóttir*** rifjaði upp árin þegar hippatískan gekk í endurnýjun lífdaga, buffalóskór voru skyldueign og það voru ekki bara dragdrottningar og fatafellur sem klæddust stuttum kjólum úr plastlíki.

UNGLINGATÍSKAN

Kvikmyndin Clueless með Aliciu Silverstone í aðalhlutverki var frumsýnd árið 1995 og gefur góða hugmynd um unglingatískuna á þessum tíma. Svartir lakkskór á borð við þá sem sjá má á plakatinu gægðust undan ófáum fermingarkirtlum þetta vorið og háu sokkarnir þóttu flottir við allt of stutt pils. Meira að segja fjaðraskraut líkt því sem Alicia er með á myndinni komst í tísku og var áberandi á árshátíðum grunn- og framhaldsskólanna árið 1996. Það skal þó tekið fram að GSM símar urðu ekki algeng eign meðal unglinga fyrr en nokkrum árum síðar.

KVENNAGULLIÐ

Allar íslenskar stelpur voru skotnar í leikaranum Jared Leto sem birtist á skjánum í unglingaþáttunum My so called life sem sýndir voru í Ríkissjónvarpinu í kringum 1995. Klæðnaður Jareds er dæmigerður fyrir tímabilið, kæruleysisleg skyrta, svolítill hárlubbi og nokkur hálsmen í svörtu bandi.

HÁRGREIÐSLA ÁRATUGARINS

Rachel-hárgreiðslan svokallaða er fyrir löngu orðin klassískt dæmi um tísku tíunda áratugarins. Jennifer Aniston, sem lék persónuna Rachel í sjónvarpsþáttunum Friends, var með þessa greiðslu í fyrstu tveimur þáttaröðunum. Konur um allan heim mættu með mynd af Rachel á hárgreiðslustofuna og heimtuðu svona klippingu, að sjálfsögðu létu íslenskar konur ekki sitt eftir liggja og má sjá þess merki í nánast hverju fjölskyldualbúmi.

GIRL POWER

Stúlknasveitin Spice Girls varð til árið 1994 og komst á hátind frægðar sinnar tveimur árum síðar. Hljómsveitin er orðin hálfgerður holdgervingur alls þess sem sjá mátti í tísku þessa tíma. Þröng föt úr gervilegum plastefnum, bolir með spagettíhlírum, glimmer, pastellitir og óhugnanlega þykkir skósólar. Allt þótti þetta auðvitað hrikalega smart.

KYNTÁKNIÐ

Pamela Anderson er án efa kyntákn tíunda áratugarins enda lék hún í einum vinsælasta sjónvarpsþættinum sem sýndur var á þessum árum, Baywatch. Ofplokkaðar augabrúnir og áberandi varablýantur varð mörgum konum innblástur við förðunina.



HIPPAÆÐI

Í upphafi tíunda áratugarins greip um sig mikið hippaæði. Myndin The Doors var frumsýnd árið 1991 og þremur árum síðar var Hárið sett upp í Íslensku óperunni. Allir, bæði strákar og stelpur, söfnuðu hári og útvíðar buxur voru skyldueign í fataskápnum.

ÍSLENSKUR KYNÞOKKI

Þór Jósepsson var valinn Herra Ísland árið 1996 og tíðarandinn sést vel á þessari mynd. Vel hærður með skipt í miðju, eyrnalokka í báðum og í óaðfinnanlegum plastjakka.

ÞAÐ SEM ALLIR ÁTTU...

LEVI´S 501 Konur og karlar, börn og unglingar – allir gengu í svona gallabuxum.

STÓRAR BELTISSYLGJUR Strákar voru með karlmannlegar sylgjur, oft svolítið mótorhjólatöffaralegar meðan flestar unglingsstelpur áttu sylgju sem var í laginu eins og stórt blóm.

KRAFTGALLAR Loðfóðraðir kuldagallar. Án efa skynsamlegasta tískuæði sem riðið hefur yfir Ísland.

BRÚNN VARABLÝANTUR Útlínur varanna voru dregnar með dökkbrúnum varablýanti og svo var fyllt upp með ljósum varalit, glossi eða bara engu.

MELLUBAND Þröngt hálsmen á breiðum flauelsborða. Ómissandi í skartgripaskrín hverrar konu í kringum 1994.

FRUIT OF THE LOOM PEYSA Þóttu einkar smart sérstaklega ef gengið var í þeim á röngunni.

BROSKALLAR Nælur með gulum broskalli voru vinsælar snemma á tíunda áratugnum. Gjarnan nældar í gallajakkann eða gallabuxurnar.

HJARTAHÁLSMEN SEM HÆGT VAR AÐ BRJÓTA Þarfaþing á hverju skólaballi. Um leið og spurningunni „viltu byrja með mér" hafði verið svarað með jái var hjartahálsmenið brotið í tvennt og skipst á helmingum.

SMELLUBUXUR Adidas íþróttabuxur með smellum eftir allri hliðinni svo hægt var að láta lofta vel um leggina. Sporty Spice lét oft sjá sig í svona dressi.

PÍNULITLIR BAKPOKAR Hin dæmigerða handtaska um miðjan áratuginn. Í rauninni ágætis handfrjáls lausn, því með þessu móti var hægt að bera varalitinn, fílófaxið, peningaveskið og lyklana á bakinu, en skelfilega kjánalegt engu að síður.

TARK BUXUR Tóku við sem mikilvægasta flíkin í fataskáp allra unglingsstúlkna eftir að Levi´s 501 æðinu lauk og skærlitu Jees gallabuxurnar voru komnar úr tísku.

MAGABOLIR Allar konur áttu að minnsta kosti einn slíkan. Óháð vaxtarlagi.

NAFLALOKKUR Magabolatískan hreinlega krafðist þess að maður léti gata á sér naflann.

DICKIES BUXUR Hálfgerðar vinnubuxur sem komust í tísku hjá báðum kynjum í kringum 1996 eða ´97. Fengust meðal annars í Vinnufatabúðinni, tekið skal fram að á þessum tíma voru Kraftgallarnir komnir úr tísku, svo ekki var hér um að ræða heildstætt verkamannaútlit.

BUFFALÓSKÓR Meðalhæð Íslendinga jókst um tíu sentímetra seint á tíunda áratugnum með tilkomu Buffalóskónna. Þeir sem ekki höfðu efni á hinum einu sönnu Buffalóskóm keyptu ódýrari eftirlíkingar. Aðalmálið var að sólinn væri nógu þykkur. Slíkur skófatnaður var nauðsynlegur við Tark-buxurnar.

TÍSKA TÍUNDA ÁRATUGARINS

Hildur Hafstein fatahönnuður

Hvað dettur þér í hug þegar minnst er á tísku tíunda áratugarins? Ofurmódel og rokklúkk svona heilt á litið. Þetta er tíminn þegar X-kynslóðin ryður sér til rúms og það er oft talað um þetta sem tíma mínimalisma í tísku eftir alla 80´s geðveikina.
Hvað þurftu allir að eiga?
Ég hef einhvern veginn alltaf verið í hálfgerðum mótþróa gegn þessum „must have" flíkum eða hlutum sem poppa reglulega upp en rifnar Levi´s voru ansi svalar á þessum tíma.
Hvaða tískutrend frá þessum árum var verst?
Ég held að Buffalóskórnir verði ekki toppaðir.
En best?
Ég veit ekki alveg en afslöppuð bola- og gallabuxnatíska er alltaf dálítið sjarmerandi, ef hún er sönn það er að segja. Þetta ofurafslappaða tískutrend tíunda áratugarins var nefnilega kannski ekki svo afslappað þó svo að það ætti að líta út fyrir það. Það er allavega ekkert sem ég græt og vildi að ég ætti enn í dag frá þessum tíma. Eða jú, skotapils komu inn þarna í kringum 1994 og ég átti eitt afskaplega fallegt, væri alveg til í að finna það í geymslunni.

Anna F. Gunnarsdóttir stílisti

Hvað dettur þér í hug þegar minnst er á tísku tíunda áratugarins? Þessi áratugur er eiginlega bara kaos. Framan af var tískan mjög ókvenleg og alls ekki elegant. Þetta var svona sniðlaus kellingatíska. Þegar leið á áratuginn urðu skórnir fótlaga með ofsalega þykkum botni. Hræðileg tíska og því miður eru margir fastir í henni. Seinna varð þetta aðeins kvenlegra. Í kringum 1996 eða 97 komu til dæmis þessar síðu fráhnepptu, aðsniðnu peysur, jafnvel öklasíðar, sem voru mjög elegant.
Hvað þurftu allir að eiga?
Tark-buxur
Hvaða tískutrend frá þessum árum var verst?
Tark-buxurnar voru ömurlegar.
En best?
Þessar síðu kvenlegu peysur.
Í hverju varstu flottust á þessum tíma?
Ég átti svona síða hneppta peysu og svo var ég í mjög stuttu svörtu pilsi við. Það var frekar smart og mér þætti þetta alveg smart núna ef ég hefði ekki verið í einhverri kellingablússu með smá axlapúðum innan undir peysunni.

Skjöldur Eyfjörð stílisti



Hvað dettur þér í hug þegar minnst er á tísku tíunda áratugarins? Leðurlíki og gerfi hippatíska.
Hvað þurftu allir að eiga?
Buffalóskó!
Hvaða tískutrend frá þessum árum var verst?
Barnalega tískan. Allir með snuð, pela og í krúttlegum bolum.
En best?
„Klúbba geim" tískan. Svona geimklæðnaður og allt í neon.
Í hverju varstu flottastur á þessum tíma?
Svötum plastbuxun og gulum magabol.

KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Bónus býður betur!

Grill-lambaframparts-sneiðar
frá Kjarnafæði

969 kr./kg.

Merkt verð 1.292 kr./kg

25% afsláttur

Heimilispylsur
frá Kjarnafæði

476 kr./kg.

Merkt verð 635 kr./kg

Bragðmiklar að norðan!

25% afsláttur

Búðingstvenna
frá Kjarnafæði.

489 kr./kg.

Merkt verð 699 kr./kg.

30% afsláttur

Saltað hrossakjöt, úrbeinað
frá Kjarnafæði.

413 kr./kg.

Merkt verð 635 kr./kg.

35% afsláttur

Bónus fituminna hangiálegg

1.998 kr./kg.

Merkt verð 2.220 kr./kg.

10% afsláttur

Nautafile, ferskvara

2.339 kr./kg.

Merkt verð 2.599 kr./kg.

10% afsláttur

Úrvals íslenskt nautakjöt

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

NÍNA BJÖRK HLÖÐVERSDÓTTIR Ljósmyndaáhuginn kviknaði á unglingsárunum en ef Nína væri ekki ljósmyndari væri hún kannski arkitekt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Til í að búa í ítölsku þorpi

Nína Björk Hlöðversdóttir hefur starfað sem ljósmyndari um árabil. Í dag opnar hún sína aðra einkasýningu í Galleríi Sævars Karls og sýnir þar myndir af póstkössum sem hafa orðið á vegi hennar víða um heim. *Fréttablaðið* tók Nínu í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Nína Björk Hlöðversdóttir.

FÆÐINGARÁR: 1967, árið sem Bítlarnir gáfu út Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band.

Hvenær varstu hamingjusömust? Fjórum sinnum uppi á fæðingardeild og einu sinni í kirkju.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Húsið mitt.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Get bara ekki munað eftir neinu ... Kannski er ég bara svona indæl.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa? Stórborg eða í litlu ítölsku þorpi.

Hvað ætlarðu að sýna á sýningunni „Engan tölvupóst – takk“? Ljósmyndir af póstkössum sem ég hef rekist á víða um heim.

Hvers vegna póstkassar? Þeir eru svo fjölbreyttir, fyndnir, fallegir og kúl!

Hvernig og hvenær kviknaði áhugi þinn á ljósmyndun? Þegar ég var unglingur. Kom bara einhvern veginn aldrei annað til greina.

Ef þú værir ekki ljósmyndari hvað myndirðu þá vera? Kannski arkitekt. Elska skugga, ljós og línur.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Sjoppa sem var á frekar mikið sveittum stað í miðborginni.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni? Heimilið mitt með strákunum mínum fjórum og eiginmanni.

Draumahelgin þín í einni setningu? Las Vegas – rómó og stuð.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustarðu mest á í dag? Mismunandi eftir skapi. Hlusta núna mikið á Adele og Sigurð Guðmundsson og Memfismafíuna.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndurðu fara og af hverju? Sjötti áratugurinn var eitthvað svo saklaust og krúttlegt tímabil.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Lestur eða sjónvarp.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Nákvæmlega ekki neinu.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast og hvað var svona fyndið? Upprifjun um unglingsárin með vinkonu minni mjög nýlega – tárin láku.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Umm ... Nóa konfekt.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Harry Potter er á náttborðinu.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Allra þeirra sem mér þykir vænt um. Flott og hugrakkt fólk. Get ekki gert upp á milli.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Að þola ekki er svo stórt orð.

Uppáhaldsorðið þitt? Okeibb.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Fleiri klukkustundir í sólarhringnum eða hreingerningarkona.

Hvaða frasa ofnotar þú? „Ertu ekki að grínast!!“

Hvað er næst á döfinni? Það er spurning ...

Hvaða lag ætti að spila í jarðarförinni þinni? Nína og auðvitað í flutningi Stebba og Eyva.

Ljósmyndasýning Nínu, „Engan tölvupóst - takk“, verður opnuð í Galleríi Sævars Karls í dag. Sýningin stendur til 23. september.

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Þjóðarstoltið. Klárlega á uppleið með góðu gengi Íslands í handboltanum.

Dorrit forsetafrú. Alltaf smart og valdi skó í stíl við Ólympíupassann sem hún bar um hálsinn. Ísland er stórasta land í heimi!

Sultugerð. Allir í berjamó. Svo skemmtilegt fyrir fjölskylduna, stóra sem smáa, að sitja yfir pottum og sultukrukkum.

Kettir. Bráðnauðsynlegir til að kúra með á dimmum haustkvöldum.

■ Á niðurleið

Veggir á Facebook. Annarlegt að lesa samskipti vina og kærustupara sem kjósa að nota þennan miðil til að eiga samskipti við hvort annað. Fyrir allra augum.

Grill. Tími kótiletta í rauðum msg-legi er formlega liðinn. Inn með súpurnar.

Meirihlutar. Og það þykir ekki mjög merkilegt að vera borgarstjóri lengur.

Bandaskór, opnar tær og sandalar. Svona lagað gengur bara ekki undir byrjun septembermánaðar.

NORRÆN GOÐAFRÆÐI

HVAÐ FÓR Í SKÁLDAMJÖÐINN?

HVERJIR VORU LÆÐINGUR, DRÓMI OG GLEIPNIR?

HVAÐA ÁS VAR MESTI PRAKKARINN?

HVAÐA ORMUR HRINGAR SIG UM JÖRÐINA?

HVAÐ HEITA HERMENN ÓÐINS?

HVER STAL HAMRI ÞÓRS?

HVAÐ HÉT GYÐJAN MEÐ GYLLTA HÁRIÐ?

HVER GÆTTI GALDRAEPLANNA?

HVAÐ KOM FYRIR BALDUR?

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

FJÖRUG OG FALLEG BÓK FYRIR BÖRN 21. ALDARINNAR

Í þessari stórglæsilegu bók er sagt frá heimi norrænnar goðafræði frá því hann varð til úr líkama hrímþursins Ýmis og allt til baráttunnar miklu í ragnarökum. Mergjaðar sögur af goðum og gyðjum, þursum, jötnum og furðuskepnum, eru endursagðar á lifandi og skemmtilegan hátt þannig að allir hafa gaman af.

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir...

Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Mikill styr hefur staðið um þriðju meirihlutaskiptin í borgarstjórn Reykjavíkur. Þó háværar gagnrýnisraddir hafi kvabbað um vinnubrögð sjálfstæðis- og framsóknarmanna í kringum meirihlutaskiptin er það ekki nóg til varpa skugga á þann merka áfanga Hönnu Birnu að verða borgarstjóri. Markar það ákveðin tímamót innan Sjálfstæðisflokksins. Auk þess mun hún fá brjósmynd af sér í Ráðhúsið - eftir svona fimmtán til tuttugu ár.

Loga Geirsson. Þetta var auðvitað frábær vika fyrir allt íslenska landsliðið og í raun alla Íslendinga. Kryddið í viku Loga er þó nuddið sem hann fékk frá hinni stórglæsilegu forsetafrú, Dorrit Moussaieff, sem gerði sér lítið fyrir og strauk handboltakappanum fyrir framan blaðaljósmyndara í Peking. Það eru margir sem öfunda Loga af þessum strokum en eflaust eru einnig margar yngismeyjar sem öfunda Dorrit af því að fá að meðhöndla skorinn kropp Geirssonarins.

Evu Maríu Jónsdóttur. Eva er einhver ástsælasta sjónvarpskona okkar Íslendinga og því tími kominn til að hún fái að vera á skjánum þegar tugþúsundir Íslendinga eru að horfa. Það er raunin með Gettu Betur en Eva verður spyrill í þeirri frábæru spurningakeppni í vetur. Ekki skemmir fyrir að Eva útilokar ekki að kynferðisleg spenna verði til staðar í Gettu betur en það er þó háð því að hún fái sjálf að velja sér stigavörð sem líklegast verður ekki raunin.

Slæm vika fyrir...

Ólaf Jóhannesson. Íslendingar bundu miklar vonir við að Ólafur og íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu myndu bjóða landanum upp á almennilegan leik þegar Aserar komu í heimsókn á miðvikudagskvöldið. Raunin varð hins vegar sú að liðið spilaði afleitlega og lét lið Aserbadjan líta allt of vel út á Laugardalsvellinum. Íslendingar hafa kjánalega miklar kröfur til landsliðsins í knattspyrnu og því er Ólafur ekki í auðveldri stöðu. Gott gengi íslenska handboltalandsliðsins beinir umræðunni þó annað. Sem betur fer fyrir Ólaf.

Ásdísi Hjálmsdóttur. Ólympíuleikarnir hafa leikið frjálsíþróttafólkið okkar grátt og hefur í raun enginn keppenda Íslands staðið undir væntingum. Ásdís var rúsínan í pylsuendanum en hún keppti síðust Íslendinga og var langt frá sínum besta árangri. Henni til varnar er þó sú staðreynd að hún hefur glímt við meiðsli undanfarnar vikur. Þó er spurning hvort íþróttahreyfingin ætti að vera að eyða fúlgum fjár í keppendur ef vitað er fyrirfram að árangurinn verður ekki ásættanlegur.

Gísla Martein Baldursson. Þó að Gísli sé að gera það sem gerir hverjum manni gott, að mennta sig, virðast ekki allir hrópa húrra fyrir borgarfulltrúanum geðþekka. Hann hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir að ætla að sinna starfi sínu sem borgarfulltrúi samhliða námi og þiggja fyrir það hundruð þúsunda. Menntun Gísla hefur í gegnum tíðina nánast eingöngu kostað hann slæma umfjöllun, en flestir muna eftir havaríinu í kringum BA-prófið í stjórnmálafræði sem mikið var rætt á sínum tíma. Hefði Gísli hætt í skóla eftir grunnskóla væri hann eflaust vinsælasti maður í heimi.

KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON HORFIR ÚT Í HEIM

Spænsku lólíturnar

Spænskar táningsstúlkur klæðast nú helst í stutt svört pils skrýddar slaufum og hárböndum, sumar klæðast pokabuxum og ganga um með sólhlífar. 19. öldin er komin aftur til Spánar, og fleiri landa, og leggst hún af fullum þunga á telpurnar. *El País* segir foreldrana ekki vita hvaðan á þá stendur veðrið.

„Mamma, pabbi, ég er gotnesk lólíta!“ er setning sem gæti komið illa við margt foreldrið. Lólíta er fræg bók eftir hann Nabokov og fjallar um menntamanninn Humbert, sem verður hugfanginn af 12 ára stúlku og á í kynferðislegu sambandi við hana.

Ungar stúlkur, sem eru kannski ekki alsaklausar kynferðislega, eða gefa eldri mönnum undir fótinn, eru allar götur síðan kallaðar lólítur.

En að vera gotnesk lólíta er víst allt annað. Það snýst öðrum þræði um að endurreisa viktoríönsk gildi og rókokkó-stíl. Ákveðið sakleysi, góðan smekk og virðingu; gildi sem mega muna fífilinn góða fegurri. Dæmi um þetta er að standa upp fyrir eldri borgurum í strætó.

Japan er heimaland þessarar gotnesku lólítutísku, sem nú dreifist um lönd. Hún kom upp á yfirborðið á áttunda áratugnum og, það verður að segjast, er að mörgu leyti viðkunnanleg.

Lólíturnar eru vissulega hégómleg tískufrík, en þær finna einnig ánægju í því að fara í skógarferðir og snæða undir berum himni. Þær hafa göngutúra í hávegum og kíkja oft á söfn og svona uppbyggilegt ýmislegt.

En sagt er að myrka hliðin á tískunni, svörtu sauðirnir, séu emurnar. Þær eru líkar lólítunum í útliti, en mun pönkaðri og villtari.

„Já, við erum svipaðar lólítunum, en við klæðumst fleiri litum. Við erum líka svolítið spes, því við erum í sjálfsmorðshugleiðingum. Og við erum allar tvíkynhneigðar,“ segir Andrea, 15 ára. Ekki myndu allar emur taka undir orð hennar, reyndar. En þær eru flippaðri.

Þetta er auðvitað mest í nösunum á hnátunum ljúfu, sem benda á að það geti komið sér vel að klæðast eins og maður tilheyri hættulegri jaðarmenningu, sem enginn þekkir almennilega. Sem getur verið miður indælt.

Hún Yolanda rifjar til dæmis upp að mamma einnar lólítunnar hafi haldið að dóttir sín væri djöfladýrkandi, bara af því hún klæddist svörtum fötum og makaði dökkum andlitsfarða framan í sig. Það þótti stelpunum fyndið.

„Og um daginn hitti ég stelpu sem er ema og pabbi hennar er bara alveg hættur að yrða á hana, því hann heldur að hún fari þá að skera sig á púls!“ segir Yolanda, og flissar.

HELGARKROSSGÁTAN

MP & BH 130	JARÐEFNI	KJAFT VINGSA		ÁTT	BARRTRÉ ANDSPÆNIS		VELTINGUR									
FÁSINNI																
UTAN ÖRVERPI				GÓL MEÐ		2				ÖRVERA ATA	VÖRUMERKI					
	KVALAR-LOSTA	TVÍHLJÓÐI	EFSTI HLUTI FRÆVU	SARG			UTAN MUNDA			VETUR-GÖMUL KIND RYK						
GIMSTEINN SKORDÝR						GIRND LÍKAMS-HLUTI					UMRÓT ÓSVIKINN					
			1	SKÍFA NES				5	ANDLITS-FARÐI EINSÖNGUR					ÓHLJÓÐ		
HRÖRNA		MÁ TIL SKÁN				ANGRA Í RÖÐ				KÆRA URGA						
					2000		TIPL GYÐJA						RYKKORN KALDLYNDI			
BIRTA					SÁR ÁFORM			KÆLA Á FÆTI				FRÚ TVEIR EINS			FUGL	
ELDSNEYTI			SÍÐASTI DAGUR	3		RÍKI Í SUÐ-VESTUR-ASÍU LOKAORÐ					LÍTIÐ GÁSKI					
EFTIRRIT					FLÝTIR VÆTLA				DANS VÖNTUN					TÆFA		
				FESTING			ANS KYRRÐ					TÆRA JÁRNSTEIN				
										EFNI					4	
				EINN MILLJARÐ-ASTI				SKRAUT-PLANTA								

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur

Horfum saman á leikinn

Stærsta stund íslenskrar íþróttasögu rennur upp!

vodafone

Forsetinn bað um þjóðhátíð og honum verður að ósk sinni.

Vodafone og Bylgjan bjóða þjóðinni að horfa á úrslitaleikinn í Vodafone-höllinni á risaskjá frá Nýherja. Ísland og Frakkland keppa um gullið og stemningin verður ólýsanleg að Hlíðarenda.

Leikurinn hefst kl. 07:45 og aðgangur er ókeypis.
Húsið opnar kl. 07:00 og verður hleypt inn á meðan húsrúm leyfir.

Láttu sjá þig og við tökum gullið – Vodafone og Bylgjan.

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

KÖRFUBOLTAHETJAN KOBE BRYANT ER ÞRÍTUGUR

„Elskulegir foreldrar mínir eru, og hafa alltaf verið, undirstaða tilveru minnar. Þau ein klappa mér hiklaust og af einlægni á bakið, hvort sem markatalan er núll eða fjörutíu.“

Kobe Bryant er einn af bestu körfuboltamönnum heims. Hann spilar með Los Angeles Lakers og þessa dagana fyrir hönd Bandaríkjanna á Ólympíuleikunum í Kína.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 23. ÁGÚST 1974

Lennon sér geimskip yfir New York

Í kvöld verða liðin 34 ár síðan bítillinn John Lennon sá fljúgandi furðuhlut yfir New York. Lennon hafði ári áður skilið við Yoko Ono að borði og sæng og tekið saman við aðstoðarkonu þeirra, May Pang. Seinna vísaði Lennon til átján mánaða ástarsambands þeirra Pang sem „týndu helgarinnar“.

Í maí 1974 fluttu þau Pang til New York þar sem Lennon einbeitti sér að tónsmíðum. Parið bjó í penthouse-íbúð á 52. tröð og að kvöldi 23. ágúst sat Lennon nakinn á þaksvölum hússins, þaðan sem mikið útsýni var yfir austurhluta borgarinnar. Hann kallaði á Pang að drífa sig út til að sjá stóran hringlaga hlut fljóta hljóðlaust um loftin, innan við 100 fet frá þakinu. Lennon hringdi í snatri í Bob Gruen ljósmyndara og sagði honum hvað fyrir augu bæri og Gruen hvatti Lennon til að hringja tafarlaust í lögregluna. Bítillinn var lítt ginnkeyptur fyrir að gera sig að hugsanlegu fífli með frásögnum um fljúgandi furðuhluti, svo Gruen hringdi sjálfur í lögregluyfirvöld sem staðfestu að þrír hefðu hringt inn sama erindi. Daginn eftir var sagt frá því í dagblaðinu Daily News að fimm manns hefðu haft samband við ritstjórn vegna geimskips á himni yfir sama hverfi og þau Lennon og Pang bjuggu í.

MERKISATBURÐIR

1821 Mexíkó lýsir yfir sjálfstæði.
1946 Gunnar Huseby verður Evrópumeistari í kúluvarpi.
1954 Steinkista Páls biskups Jónssonar, sem lést 1211, finnst við uppgröft í Skálholti.
1966 Mesti afli í sögu íslenskra síldveiða fæst, þegar 82 skip fá 16.116 lestir.
1967 Íslendingar tapa fyrir Dönum 14-2, í landsleik í knattspyrnu.
1976 Þúsund farast í jarðskjálfta í Kína.
1987 Fimmtán ára drengur rænir Boeing 737-þotu flugfélagsins KLM og krefst milljón dala lausnarfjár.

80 ára afmæli

Jóhann Þorsteinsson

frá Litlu-Hlíð, Logafold 130, verður áttræður á morgun, sunnudaginn 24. ágúst, og tekur þá á móti gestum á Grand hóteli Reykjavík frá kl. 16 til 19. Hann vonast til að sjá sem flesta vini og ættingja til að fagna þessum tímamótum með sér.

AFMÆLI

MAGNÚS LEOPOLDSSON FASTEIGNASALI er 62 ára.

ÚLFAR EYSTEINSSON MATREIÐSLUMEISTARI er 61 árs.

HLAUPIÐ Í KVARTÖLD Knútur Óskarsson er upphafsmaður Reykjavíkurmaraþons og dugmikill hlaupari sjálfur. Hann spáir tvöföldun þátttakenda á næstu fimm árum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

REYKJAVÍKURMARAÞON: FYRST RÆST FYRIR 25 ÁRUM

Maraþon er lífsstíll

Ræst verður í Reykjavíkurmaraþon 25 sinn í dag.

„Ég var að vinna á ferðaskrifstofunni Úrval árið 1983 og staddur í Gautaborg þegar ég sá að götur voru lokaðar hlaupandi fólk um strætin. Ég komst þá að því að hlaupararnir ferðuðust heimsálfa á milli til að taka þátt í götuhlaupum, sem öðru nafni kölluðust maraþon,“ segir Knútur Óskarsson, faðir Reykjavíkurmaraþonsins og núverandi formaður þess.

„Þegar heim kom gekk ég strax í að athuga með grundvöll fyrir maraþoni í Reykjavík og Markús Örn Antonsson, þáverandi borgarstjóri, kveikti strax á perunni og við handsöluðum að lagt yrði út í þetta verkefni,“ segir Knútur. Fyrsta kastið var haldið síðasta sunnudag í ágúst, en færðist nær afmæli Reykjavíkurborgar þegar farið var að halda það hátíðlegt á ári hverju.

„Í fyrsta maraþonið mættu 250 hlauparar, þar af 60 útlendingar. Þeir Íslendingar sem mættu til leiks voru fyrst og fremst þeir sem höfðu búið ytra, kynnst maraþoni í útlöndum. Þá var litið á hlaupara sem hálfgerða furðufugla, enda landsmenn óvanir að sjá fólk vera á sprettinum út um hvippinn og hvappinn að ástæðulausu,“ segir Knútur og hlær við.

„Reykjavíkurmaraþon er orðið gamalt í hettunni, borið saman við önnur lönd og aðeins þremur árum yngra en Lundúnamaraþon. Drottning maraþonhlaupanna er Bostonmaraþon, orðið 112 ára. Það hefur verið stórkostlegt að sjá Reykjavíkurmaraþonið vaxa, en í upphafi horfðu menn á mig í forundran og hristu hausinn þegar ég spáði því að einn daginn yrðu tíu þúsund manns í startholunum við ráshmarkið. Frá fyrstu tíð lögðum við áherslu á komu erlendra hlaupara til landsins og í fyrra voru þeir 1.069 talsins,“ segir Knútur sem horfir til næstu fimm ára með tvöfaldri aukningu þátttakenda í huga.

„Hlaupið hefur verið farsælt og án áfalla. Við bjóðum fleiri en eina leið í hlaupinu, en flest maraþon heimsins ganga eingöngu út á heilt maraþon. Ekki svo margir ráða við heilt maraþon (42,197 km). Því buðum við strax upp á hálft maraþon (21,097 km) og skemmtiskokk (3 og 10 km). Fyrir þremur árum bættist við Latabæjarhlaup og naut strax mikilla vinsælda meðal barna, enda kjörinn vettvangur til að handleika sinn fyrsta verðlaunapening,“ segir Knútur kampakátur.

„Reykjavíkurmaraþon er uppskeruhátíð þeirra sem hafa gert hlaup að lífsstíl.“

thordis@frettabladid.is

LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

†

Móðir okkar,

Ragnheiður Hafstað

Aragötu 12,

sem lést laugardaginn 9. ágúst, verður jarðsungin frá Neskirkju hinn 25. ágúst kl. 13.00.

Þórunn Kielland, Ingibjörg, Hildur, Ragnar, Sigríður og Árni Hafstað.

†

Þökkum innilega þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Gunnsteins Sólbergs Sigurðssonar

Furulundi 25, Akureyri.

Jórunn Inga Ellertsdóttir
Þorsteinn Gunnsteinsson
Þórunn Gunnsteinsdóttir
Ellert Gunnsteinsson
Gunnar Gunnsteinsson
afabörn og langafabarn.

Þórhildur Ólafsdóttir
Smári Úlfarsson
Kristrún Þ. Ríkharðsdóttir
Ragnheiður Stefánsdóttir

†

Innilegar þakkir fyrir fallegar og hlýjar kveðjur við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Jóns Gauta Jónssonar

f. 29. desember 1945, d. 4. ágúst 2008
Lálandi 13, Reykjavík.

Stuðningur ykkar, vina og vandamanna, uppörvun og félagsskapur í veikindunum sl. ár voru ómetanleg. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi. Megi gæfa fylgja ykkar erfiða en ómetanlega og kærleiksríka starfi um langa framtíð. Fyrir hönd annarra aðstandenda,

Hólmfríður Árnadóttir
Sigrún Jónsdóttir
Jón Gauti Jónsson
Sólveig Ásta Gautadóttir
og barnabörn.

Sigrún Magnúsdóttir
Vignir Bjarnason

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Páll Beck

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 25. ágúst klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

Guðný Sigurðardóttir
Brynja Beck
Axel Þór Beck
Sigurður Pálsson
Kristín Þóra Pálsdóttir Beck
Ríkarður Pálsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sölvi Stefán Arnarson
Hrefna Egilsdóttir
Rögnvaldur Stefán Cook
Elísabet Rafnsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

Ingibjörg Sigurðardóttir

Leirubakka 12,

ættuð frá Efri-Þverá, Vestur-Húnavatnssýslu, lést sunnudaginn 17. ágúst á krabbameinsdeild Landspítalans. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 26. ágúst kl. 13.00.

Páll Hagbert
Íris Berglind
Snæbjörn
Ragnhildur
Bjarki Þröstur
Linda Mjöll
ömmubörn og langömmubarn.

Júlíus
Phon
Anna Björk
Joachim

BT

Komin í BT

FROM THE GUYS WHO BROUGHT YOU "KNOCKED UP" AND "THE 40-YEAR-OLD VIRGIN"

FORGETTING SARAH MARSHALL

A COMEDY ABOUT GETTING DUMPED AND TAKING IT LIKE A MAN

UNIVERSAL

COSHOGRAPHIC

www.bt.is



Þjóðin veit hvað hún vill

Það mælist í tugum þúsunda hvað miklu fleiri lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið og 24 stundir

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–54 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

„...fyrst á visir.is“

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Sýningar hefjast í Sal Sjö

Við erum að innrétta bíósal heima. Hann er rétt um 7 fermetrar og verður líklega kallaður Salur Sjö. Drengurinn er sjónvarpsfíkill af verstu gerð og grægugalinn. Fyrir nokkrum árum þegar fólk fór að íhuga að skipta yfir í flatskjái, var hann löngu búinn að fá sér skjávarpa og tæpra tveggja metra breitt bíótjald. Þessu var komið fyrir í minna herberginu í íbúðinni og nágrannarnir fengu að finna fyrir surrándsísteminu. Drengnum þykir svo vænt um sjónvarpsherbergið að þegar fjölgaði í fjölskyldunni reif hann frekar niður eldhúsið og innréttaði það sem barnaherbergi en að gefa sjónvarpsherbergið eftir. Nú er svo verið hljóðdempa herbergið, en við eru ekki sammála um útfærslur. Drengurinn horfir í hvernig best megi „þétta“ hljóðið, ég horfi frekar á útlit. Hann ætlaði að líma svampkubba í hornin og á veggina hér og þar, mér leist ekkert á það. Þá vildi hann hefta gráyrjótt parketundirlag úr filti á veggina en mér leist ekki á það heldur, sagði það ljótt. Á endanum höfðum við komist að samkomulagi um að tjalda yfir veggina með dökkum tjöldum sem rynnu á z-braut. Drengurinn valdi lit í stíl við buxurnar hans Hulk og er búinn að finna skærgræna rýjamottu á gólfið. Smám saman hef ég misst tökin á þróun mála. Drengurinn tautar við sjálfan sig og heyrir ekki tillögur mínar um settlegri púða og plus. Ég var svo endanlega sniðgengin þegar hann rogaðist inn með tvo hlussustóra hátalara sem munu taka á þriðja fermetra af gólfplássi. Hann virðist alveg búinn að gleyma hvað herbergið er lítið. Nú situr hann sveittur við að útfæra sófaborð sem getur innihaldið kæliskáp og poppvél. Ég er farin að halda að hann láti mig borga inn.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Bílstjórar athugið!

Eigum nokkur gullegg í fórum okkar

Takmarkaður fjöldi - þetta verð hefur ekki sést síðan í vetur

100% FJÁRMÖGNUN
50% ERLENT / 50% ÍSLENSKT LÁN

3 stk.

~~12 stk.~~ á sértilboði

HYUNDAI

Hyundai Getz
5 dyra, bensín og beinskiptur.

1.791.000

20.791 Tilboðsverð á mánuði. M.v. 70% fjármögnun*

2 stk.

~~4 stk.~~ á sértilboði

RENAULT

Renault Megane II
5 dyra, bensín og beinskiptur.

2.475.000

28.764 Tilboðsverð á mánuði. M.v. 70% fjármögnun*



8 stk.

~~11 stk.~~ á sértilboði

HYUNDAI

Hyundai Santa Fe
5 dyra, bensín og sjálfskiptur.

4.190.000

48.695 Tilboðsverð á mánuði. M.v. 70% fjármögnun*

4 stk.

~~5 stk.~~ á sértilboði

RENAULT

Renault Megane Sport Tourer
5 dyra, bensín og beinskiptur.

2.565.000

29.809 Tilboðsverð á mánuði. M.v. 70% fjármögnun*

Ertu með gull í greipum?
Við bjóðum þér uppítökutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reittur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður ´08). Láttu sérfræðinga okkar meta bílinn og keyrðu burt á nýjum bíl með eina lága greiðslu á mánuði.

Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai eða Renault á kostakjörum.

HYUNDAI eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnast á hversu snotrir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð. RENAULT er traustur og skynsamlegur kostur í kreppunni. Hann eyðir litlu og endist vel. Öruggari bíl er ekki hægt að hugsa sér. Þetta er besta verð sem sést hefur lengi á þessum fallegu bílum.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggin okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og færðu þig yfir á ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og farðu í reynsluakstur. Þú tapar engu á því.**



Gríptu gæsina í dag og gerðu (g)eggjað góð kaup

B&L | Með bílinn handa þér

Grjóthálsi 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is

Aukabúnaður á mynd: álfelgur og vindskeið. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. *Bílasamningur til 84 mánaða JPY/CHF – 30% innborgun – Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,42%

Ath.

Björg Þórhallsdóttir sópran og Elísabet Waage hörpuleikari verða með tónleika í sumartónleikaröð Hóladómkirkju á morgun kl. 14. Á efnisskránni eru íslensk sönglög, amerísk þjóðlög, trúarsálmar og trúarljóð.

menning

menning@frettabladid.is

Hulda sýnir á Laugavegi

Hulda Vilhjálmsdóttir, einn athyglisverðasti myndlistarmaður okkar af yngri kynslóðinni, hefur sýnt málverk sín og teikningar undanfarið í Gallerí Verðandi á Laugavegi 51 í Reykjavík. Sýningarsalurinn er rekinn í tengslum við bókaverslun Daggar Hjaltalín, Skuld, sem sérhæfir sig í bókum um viðskiptaleg efni. Í fyrra var Hulda með stóra sýningu í Nýlistasafninu sem gaf góða hugmynd um þróun hennar og viðfangsefni. Nú sýnir hún bæði málverk unnin með blandaðri tækni og teikningar, bæði figúratíf verk og landslag.

Með Huldu sýnir sambýlismaður hennar og lærlingur, eins og hann kallar sig, Valgarður Bragason, teikningar sínar. Valgarður hefur mikinn áhuga á hinu fíngerða, notar mest penna og blek og segir verk sín „eins konar dúllerí". Sýningin stendur til 9. september og er opin frá 12-18 alla virka daga, en í dag verður hún opin mestallan hluta dagsins og fram eftir kvöldi og eru allir velkomnir að skoða verk þeirra hjóna.

- pbb

MYNDLIST Blága konan eftir Huldu Vilhjálmsdóttur.

>Ekki missa af

Hinni risavöxnu innsetningu í garði Kjarvalsstaða, en verkið gerði einn kunnasti landslagsarkitekt heims, Martha Schwartz, í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur, Félag íslenskra landslagsarkitekta og Listahátíð með stuðningi Ingibjargar Kristjánsdóttur og Ólafs Ólafssonar. Í dag kl. 16.30 er Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt með leiðsögn um innsetninguna.

MYNDLIST Svava Björnsdóttir, Björn Sigurbjörnsson og Kristinn E. Hrafnsson í Gerðarsafni á fimmtudag en sýning þeirra var opnuð í gærkvöldi. MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sjóndeildarhringir af þremur sjónarhólum

Í gærkvöldi opnuðu þrír listamenn sýningu í Gerðarsafni í Kópavogi. Þremenningarnir kalla sýninguna Sjóndeildarhringi en þau eru Bjarni Sigurbjörnsson, Kristinn E. Hrafnsson og Svava Björnsdóttir. Sýningin verður opin í dag frá 11-17 en safnið er opið alla daga á þeim tíma nema mánudaga.

Í stuttri grein sem Gunnar J. Árnason listheimspekingur skrifar í tilefni sýningarinnar segir meðal annars: „Í verkum Svövu hafa fléttast saman þræðir sem rekja má aftur til abstrakt málverksins, skúlptúrlistar minimalismans þar sem samspil forma, sem skapar dýpt innan myndflatar, fær áþreifanlega og efnislega vídd í lituðum pappamassa og gifsi.

Verk Bjarna eiga ættir að rekja til color-field og mónókróma málverksins, og tilrauna til að afhjúpa yfirdrifna lotningu fyrir pensilskrift listamannsins sem nokkurs konar guðlega leiðsögn, með því að afsala sér fullkominni stjórn á málverkinu og láta tilviljanakennd efnaferli ráða ferðinni.

Verk Kristins spretta upp úr tilraunum minimalisma og konseptlistar til að endurskoða hugmyndir okkar um samband listar og þess staðar sem hún staðsetur sig í, með því að hverfa frá þeirri skúlptúrlist sem verður til í vinnustofunni og er færð út undir bert loft í tilbúið umhverfi, og í átt að skúlptúrlist sem reynir að opna upp nýja sýn á opin rými, staði og áttir."

Þremenningarnir hafa öll verið virk um langt árabil í myndlist sinni og eru fyrir löngu orðin þroskuð í verkum sínum. Málverk, pappaskúlptúrar og skúlptúrar af harðari efnum eru dreifð um stóru salina í gerðarsafni. Hér takst á hendingin í málverki Bjarna í bland við þaulhugsað handverk Kristins og fíngert yfirborð verka Svövu í meyrara og mykra efni en Kristinn vinnur með. Þaðan er enda nafn sýningarinnar dregið. Hvert og eitt þeirra býr yfir ríkum persónulegum einkennum sem mætast í sýningunni í Gerðarsafni og kallast á sinn hátt við höfundarverk hins litaglaða skúlptúrista sem Gerður var.

Sýningin stendur til 21. september.

pbb@frettabladid.is

Fjör í Listasafnssölunum

Aldrei fyrr hefur Listasafn Reykjavíkur státað af jafn fjölbreyttri dagskrá á menningarnótt og núna. Mikill fjöldi gesta hefur jafnan sótt safnhús Reykjavíkur heim á menningarnótt og nú hagar svo til að þau eru öll í göngufæri við fjölsóttar samkomur, við Laugardal, Klambratún og í Grófinni.

Öll safnhúsin verða opin frá morgni og langt fram á kvöld og dagskrá sniðin að þörfum gesta á öllum aldri lofa þau í safninu: Art Quiz undir stjórn þekkts fagfólks, rokk og ról, tilfinningabingó, söngur Sölvu frá Færeyjum, strengjaleikur og opnar listaverkageymslur eru aðeins brot af dagskránni.

Í eftirmiðdaginn er nokkur þungi á atriðum í Grófinni

Maraþonleiðsögn frá 16.30-18.30 þar sem Huginn Þór Arason, myndlistarmaður ræðir sýninguna Tilraunamaraþon við gesti. Gestir geta slegist í hópinn hvenær sem er og staldrað við eins lengi og þeim hentar. Annar leiðangur er kl. 17 ætlaður börnum og fullorðnum. Alma Dís Kristinsdóttur fer um sýningu Hafnarhúss út frá vali og vilja þátttakenda. Rýnt verður í listaverk út frá forsendum ofurgestsins og verkfæri sett í hendurnar á fullorðnum og börnum sem varpa ljósi á „huliðsheim" listarinnar á skemmtilegan hátt.

Art Quiz – Gettu ennþá betur!

Spurningaleikurinn sívinsæli hefst kl. 18, fyrst með Pétri H. Ármannssyni, arkitekt, síðan Höllu Helgadóttur kl. 19 og loks með Guðmundi Oddur Magnússyni kl. 20. Á sama tíma er Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sýningarstjóri að segja frá verkum Errós frá því snemma á sjöunda áratugnum með hliðsjón af myndbandsverki hans Grimages sem er á sýningunni Tilraunamaraþon.

MYNDLIST Erró, Chicago, olía á striga 1974. MYND: LISTASAFN REYKJAVÍKUR.

200.000 Naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins leiða saman hesta sína kl. 21.45. Hljómsveitin er skipuð fimmtíu manns á öllum aldri og hefur æft stíft fyrir tónleikana þar sem flutt verða lög Naglbítanna í nýjum útsetningum.

Kjarvalsstaðir opnir 10.00-23.00.

Á Kjarvalsstöðum er opið fram til kl. 23, en kl. 15treður færeyska blús og rokk söngkonan Sölva Ford flytur nokkur lög, henni til liðsinnis er gítarleikarinn Björgvin Gíslason. þá koma fram strengjasveitin Blúndur og bogar spilar léttklassísk verk og vel þekkt dægurlög sem útsett hafa verið fyrir fiðlu, lágfiðlu, selló og kontrabassa.

Á bak við tjöldin – Hið allra heilagasta afhjúpað – Skoðunarferðir í geymslur og bakland safnsins þar sem varðveitt eru mörg af helstu menningarverðmætum þjóðarinnar verða frá kl. 17.00-20.00. Gestir fá tækifæri til að heimsækja geymslurnar og skoða verk sem þar eru í fylgd sérfræðinga sem starfa hjá safninu. Leiðsögn er á 30 mínútna fresti. Hámarksfjöldi í hóp er 10 gestir.

Efnt verður til tilfinningabingós kl. 18 með veglegum vinningum, meðal annars eintómri hamingju sem heppinn vinningshafi verður aðnjótandi það sem eftir lifir menningarnætur – ef ekki ævina út. Umsjón með Tilfinningabingóinu hafa Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur, Steinunn Helgadóttir myndlistarmaður og Þröstur Leó Gunnarsson leikari.

Ásmundarsafn opið frá kl. 10-18.

Daginn fyrir menningarnótt verður opnuð í Ásmundarsafni sýningin Vatnsberi þar sem ellefu listamenn sýna um sextíu vatnslitamyndir. Listamennirnir verða í Ásmundarsafni á menningarnótt og spjalla við gesti og gangandi. Listamennirnir eru Anna Hallin, Björn Birnir, Daði Guðbjörnsson, Eiríkur Smith, Guðjón B. Ketilsson, Hafsteinn Austmann, Harpa Árnadóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hlíf Ásgrímsdóttir, Torfi Jónsson og Valgarður Gunnarsson. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson.

Sumar myndir vinna!

TAKTU ÞÁTT! Glæsilegir vinningar í boði.

Smelltu sumarmyndinni þinni í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins

Þú einfaldlega hleður inn skemmtilegustu myndinni þinni frá því í sumar á **visir.is/ljosmyndakeppni**, skráir inn upplýsingar um hvernig má ná í þig og þannig er sumarmyndin þín komin í pottinn. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag má finna á visir.is.

1. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 100.000 kr. og Sony Alpha DSLR-A200K 10,2 megapixlar með 18-70 mm skiptanlegri linsu að verðmæti 90.000 kr.

2. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 60.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-T2 8,1 megapixlar með snertiskjá og 4GB innbyggðu minni að verðmæti 50.000 kr.

3. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 40.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-W200 12,1 megapixlar með andlitsskynjun að verðmæti 40.000 kr.

Sony Center SUMAR FERÐIR

Veglegir vinningar í boði, dregið 31. ágúst og birt í Ferðalög, aukablaði Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

GEFÐU BARNINU ÞÍNU FORSKOT

Leiðbeinandi verð
AÐEINS
kr. 990

Flokkur bóka sem ætlað er að örva börn á aldrinum 3–5 ára og búa þau undir skólagöngu.

Bækurnar styðja viðleitni foreldra til að kenna ungum börnum sínum að lesa og þekkja tölur og talnagildi.

Skemmtileg verkefni og markvissar leiðbeiningar á hverri síðu.

Límmiðar eru notaðir til að umbuna fyrir vel unnið verk.

Stjörnubækurnar taka mið af námskrám á leikskólastigi og fyrstu stigum grunnskóla.

Höfundar eru reyndir kennarar og hafa samið barnabækur og námsefni handa börnum.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

PÉTUR GRÉTARSSON
Með á nótunum

Ein stór músík

Um miðja síðustu öld þegar hinn mikli jazzskríbent og fræðimaður Leonard Feather spurði nokkra kunnáttumenn um framtíð jazzins þótti þeim flestum fráleitt að spá fyrir um stöðuna aldarfjórðung fram í tímann. Nú þegar enn annar aldarfjórðungur hefur bæst við er athyglisvert að skoða svörin. Útvarpsmaðurinn Willis Conover hafði þetta að segja:

„Jazzinn verður það sem fólk býst við af honum. Einhver hluti hans verður óbreyttur og annar gjörbreyttur, rétt eins og þeir sem búa hann til. Með öðrum orðum „lifandi“. Hann verður ekki frekar en önnur músík slitinn úr samhengi við þann sem býr hann til.“ Hljómsveitarstjórinn Duke Ellington, sem þegar var orðinn goðsagnavera í lifanda lífi, benti á: „...að í fyrsta lagi mun enginn spekúlera lengur í því hvort um sé að ræða jazz, sinfónísk verk, búgí vúgí eða þjóðlagatónlist.“ Trompetleikarinn og söngvarinn Louis Armstrong hafði talsvert jarðbundnari sýn á framtíð jazzins: „Ef gaurarnir passa ekki upp á heilsuna verða þeir allir dauðir eftir 25 ár. Til að spila eins og við spilum þarf maður að vera heilsuhraustur.“

Allir voru þessir merku menn sammála um að gæði tónlistarinnar myndu aukast jafnt og þétt í réttu hlutfalli við aukinn fjölda flytjenda um allan heim. Það er reyndar athyglisvert að það virðist sama hvar og hvenær er borið niður í tónlistarsöguna, alls staðar og alltaf sækja listamenn út fyrir eigin landsteina viðurkenningu á list sinni. Bandarískir jazzlistamenn fundu bandamenn í Evrópu þegar kom að því að tefla fram jazzinum á tónleikasviðinu frekar en til undirleiks í svallveislum. Þeir höfðu sóst eftir því að finna sér áheyrendur sem hlustuðu ekki aðeins með fótunum heldur líka með höfðinu eins og þeir gerðu austan Atlantshafsins. Ótal dæmi sýna fram á að þessi óræða blanda sviðsins og svallsins hefur kallað fram skemmtilega tvíræðni í tónleikahaldi og því hvernig listamenn koma sér á framfæri. Kannski er það einmitt þessi ófyrirsjáanlegi þáttur sem gerir það að verkum að jazzinn heldur velli hvað sem líður heilsufari flytjendanna.

Jazzhátíðir dagsins í dag eru sjaldnast athvarf einhverrar varðveislustefnu og sanna þannig spá Ellingtons um óljósari landamæri í músík. Það er líka vaxandi tilhneiging að músík á jazzhátíðum þurfi ekki endilega að vera vottuð af þar til gerðri eftirlitsstofnun eða jazzlögreglu. Það hafa sem sagt ræst orð Willis Conovers sem hann þrumaði með barítónrödd sinni yfir heimsbyggðina um miðja öldina sem leið (með hjálp „Voice of America“ útvarpsstöðvarinnar): „Lifandi listform!“

Íslandsjazzinn hefur á síðustu áratugum tekið stórstígum framförum og smýgur nú um allar glufur tónlistarinnar í landinu. Eins og helstu boðberar alþjóðajazzins sáu fyrir hafa nú risið um allan heim skólar sem leggja til grundvallar spunalistina. Hérna heima er liðinn aldarfjórðungur síðan slík stofnun var sett á laggirnar og áhrifanna farið að gæta svo um munar. Jazzhátíð Reykjavíkur hefur í þau nítján ár sem hún hefur starfað verið ábyrgur unglingur og ætlar sér að verða til mikillar fyrirmyndar sem fullorðin tónlistarhátíð. Hún hefur að markmiði aukinn sýnileika frambærilegra listamanna hér heima og erlendis og tekur alvarlega þær áskoranir sem felast í að fylla stór tónlistarhús af merkilegri músík. Í því ljósi hefur Jazzhátíð Reykjavíkur kynnt fyrir borgaryfirvöldum í Reykjavík og Menntamálaráðherra tillögur að áætlun til þrigga ára sóknar svo að efla megi enn frekar þann kraft sem býr í hátíðinni og listafólki hennar. Vonandi verður unnt að kynna það samstarf við upphaf hátíðarinnar í lok ágúst nk.

Við stöndum á athyglisverðum krossgötum í spunakenndri leit krónunnar að skynsamlegum grunntóni. Á meðan fyrirtækin í landinu hreinsa sykurinn úr vélum sínum fella þau menningarseglin um stund og listafólkið setur í framhaldinu út árarnar og rær lífróður til að ná landi með stórhuga verkefni sín. Og þar sem við sitjum og róum okkur niður tökum við stöðuna upp á nýtt og komumst að því að kúrsinn er óbreyttur þó að farkosturinn hafi tekið dálítinn sjó.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Skagfirsk sveifla með
Geirmundi Valtýssyni
í kvöld
Nýbúið að opna stórar útisvalir
KRINGLU KRÁIN

Að vera, eða hvað?

„Stundum yrki ég ekki, býð ekki heimsflækjunni byrginn,“ segir skáldið í ljóðinu Slökkt á bls 33, en lesandinn veit þá þegar að „flækja“ skáldsins er tilvistarleg og spurn þess hefur ekkert með „heiminn“ að gera, ekki heim fjölmiðlanna, ekki samfélagið. Skáldið sjálft er mælandi bókarinnar og viðfangið er fyrsta persóna eintölu – spurningin ekki hver er ég, heldur hvað er ég. Að vera, eða. Vera, vera enginn, eða ekki. Ég er þannig allt í senn höfundurinn og sérhvert egó; tilviljunin ég, ég sem á hvorki tilkall til stundar né staðar (báðar eru til án mín), ég í fallvöltu núi, tímabundna ástandið ég (sem kápumynd bókarinnar oftúlkar á vísvitandi grófeskan hátt). Ég er líka skáld og penninn er hækja (40), stoð þess í framandi veruleika.

Bókin skiptist í þrjá hluta, í þeim fyrsta og síðasta er skáldið í táknrænu útlandi, en fetar heimaslóð og götu minninganna í millispilinu. Og þótt stefið sé alltaf hið sama (tímabundna ástandið ég) og margendurtekið svo liggur við klifun (eða þráhyggju), er bókin hvorki einhæf né langdregin af því tilbrigðin eru auðug af vekjandi hugmyndum og ferskum heiðarlegum skáldskap sem sérkennist fyrst og fremst af sjálfum sér. Hugmyndirnar ýmist styðja hver aðra eða fella í spennandi víxlverkan eða hringrás þar sem bæði skáldið og dauðinn eru hverfulir þátttakendur og hvorugur hefur síðasta orðið, báðum er spurn. Í fyrsta hlutanum skilgreinir skáldið „ástandið ég“ (7) og býður lesandanum hlut. Í öðrum hlutanum leitar skáldið róta, slítur þær upp og „æfir sig“ (33) í þeirri þversögn eða fjarstæðu að vera ekki til – mátar tímann eins og flík sem ekki passar. Þriðji þátturinn er síðan svar í spurnarformi við sömu spurningum og endar táknrænt á bjargbrún (61, sbr 7) án punkts(.) Og sökum þess að „ég“ á hvorki sök á stað né stund, „það þarf bara einhvern“ (56), er opin smuga fyrir lesandann að skella sér með – og frammaf ef vill.

Maðurinn er ekki í heiminn borinn til að leysa vanda heimsins heldur til að grafast fyrir um rætur vandans og halda sig síðan innan marka þess skiljanlega, sagði Goethe í bréfi til vinar síns fyrir tæpum 200 árum. Skáldið okkar heldur sig innan þeirra marka með því fráviki að það skilur ekki hvað „ég“ er og efast því um að „maðurinn“ sé í heiminn borinn, hvað þá í stakk búinn til að skilja rætur eigin vanda, efast um rómantískt hlutverk einstaklingsins. En vandinn er hvorki yfirskilvitlegur né skáldskapur (blekking), þar er skáldið sammála gullkolli Goethes, vandi bókarinnar varðar sjálfið og einstaklingseðlið, leitina að tilgangi í því vonleysi að tíminn leikur „mig“ grátt áður en „ég“ fæðist og eftir að „ég“ dey og þess vegna er „ég“ bara til fyrir tilstilli tímans og gæti verið hver sem er – en ekki enginn (það er yfirskilvitlegt eða skáldskapur).

Hugrenningum sínum kemur skáldið á framfæri í ljóðformi sem lesandinn trúir að byggi sig sjálft með sérhverri nýrri endurtekningu hugrenningarinnar. Áreynslulaus ljóð, spör á fagurfræði; andrómantísk með vísvitandi hökti en alveg tilgerðarlaus, án stæla og engin öpun, frábiðja sér miskunnar. Ekki skáldskapur sem rekur lesandann áfram með „fallegum“ takti og tóni heldur reynir að reka hann í vörðu, „formið“ ekki síður en „efnið“, ljóð sem reka í lesandann hornið. En bókin er ekki dirfskan ein, tröllvaxinn tilvistarvandinn passar ekki illa í galla „kúluvarparans“ (34); sá síðarnefndi óhraustur í núinu og heilbrigði þess fyrrnefnda liggur undir sögulegum grun. Trúverðug samloka.

Þetta er bók sem spyr einnar einfaldrar spurningar sem ekkert svar er við – sjálfur er ég til dæmis búinn að þrautlesa bókina þrem sinnum og skil ekki ennþá hver ég er, hvað þá hvað? Fín þraut.

Sigurður Hróarsson



JÓNAS ÞORBJARNARSON



BÓKMENNTIR
Tímabundið ástand
Ljóð eftir Jónas Þorbjarnarson
Forlagið 2008
★★★★

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 23. ágúst 2008

Tónleikar

12.00 og 14.00 Einleiksfantasíur G. P. Telemann Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðluleikari og Melkorka Ólafsdóttir, flautuleikari halda tónleika í völdum kirkjum víðsvegar um landið. Í dag verða þær í Skálholtskirkju.

Leiklist

Sviðslistahátíðin artFart sem haldin er af áhugafólki um sviðslistir, sýnir þrjú leikverk í kvöld.

17.00 DJ Hamingja, höf. Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan. Flutt í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13.

19.00 Maddit, höf. Maddit Theater Company. Flutt í Smiðjunni Sölvhólsgötu 13.

20.00 20.00 Uppljómunin, höf. Snæbjörn Brynjarsson. Flutt á Kaffi Rót.

Samkomur

14.00 Úr sveit í borg - söguganga Sigurlaug Þ. Ragnarsdóttir listfræðingur mun endurtaka sögugöngu sína um Rauðárholt. Mæting á horni Einholts og Háteigsvegar þar sem gamla Ofnasmiðjan/Rými er til húsa. Sigurlaug mun leiða göngufólk um söguslóðir Sunnuhvols, Háteigs, Englaborgar og Klambra.

Síðustu Forvöð

Bylgjulengdir - Creighton Michael Sýning á skúlptúrum og grafíkverkum bandarísku myndlistarmannsins Creighton Michael í Hafnarborg. Síðasta sýningarhelgi. Hafnarborg, Strandgata 34, Hafnarfirði. Teikningar eftir Michael eru til sýnis hjá Start Art, Laugavegi 12b, Reykjavík og verður til 27. ágúst.

Keramik frá Níkaragva Síðasta sýningahelgi á keramikgripum frá Níkaragva. Hafnarborg, Strandgata 34, Hafnarfirði

Straumar - verk í eigu Listasafns ASÍ Sýning á völdum verkum úr safneigninni eftir myndlistamenn af frumhefjakynslóðinni s.s. J.S. Kjarval og Jón Stefánsson í bland við verk listamanna samtímans s.s. Svövu Björnsdóttur og Birgi Andrésson. Síðasta sýningarhelgi. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41, Reykjavík.

Flökt - samsýning Ingunnar Fjólu Ingþórsdóttur og Þórdísar Jóhannesdóttur. Síðasta sýningarhelgi. Start Art, Laugavegi 12b.

Ljóð

Ljóðahátíð Nýhils 2008

13.00 Ljóðlistin í ríki sjoppunnar Málþing um samtímaljóðlis. Umræðum stjórnar Ármann Jakobsson og Birna Bjarnadóttir. Norræna Húsið.

18.00 Ljóðalestur - skandinavískir gestir hátíðarinnar lesa upp. Norræna Húsið.

20.00 20.00 Ljóðapartí. Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins Nánari upplýsingar á http://nyhil.blogspot.com.

Stuttmyndir

Reykjavík Shots&Docs Heimildar- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37.

15.00 Pétur og úlfurinn (Óskarsverðlaun)

15.45 Skoskar heimildarmyndir

17.00 Cannes-stuttmyndir

19.00 Óskarsverðlaunamyndir

21.00 Úrvals heimildarmyndir Miðasala opnar kl. 14.00. Nánari upplýsingar á http://www.shortdocs.info

Myndlist

13.00 Gallerí Fold Opnun á þremur sýningum. Verk eftir Karl Kvaran, Línu Rut Wilberg og frönsku listakonunnar Anne Pesce. Sýningum lýkur 31. ágúst. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14.

„Handan hugans – milli svefns og vöku” er sýning sem stendur yfir í Skaftafelli, miðstöð myndlistar á austurlandi á Seyðisfirði. Í dag mun Ingibjörg Magnadóttir bæta inn verkum en sýningin er þess eðlis að hún er í stöðugri þróun út sýningartímann. Sýningin stendur til 7. september.

Þórunn Bára sýnir í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu. Sýningunni lýkur á mánudag 25. ágúst. Opið laugardag kl. 11.00-15.00. Lokað á sunnudaginn.

14.00 Bergljót Svanhildur Sveinsdóttir opnar sýningu á vatnslitamyndum í sýningarsal Saltfisksetursins í Grindavík. Sýningin verður opin alla daga frá kl. 11-18 og stendur yfir til 8. september.

16.00 Þór Sigmundsson og Pjetur Stefánsson opna sýningu í Grafíksafni Íslands, Tryggvagötu 17. Sýningin stendur til 6. september. Opið sunnudag frá 14.00-18.00.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

NÚ FÁ ŞÉR ALLIR ÁSKRIFT!

4 LEIKSÝNINGAR Á EINUNGIS 8.900 kr.

Meiri snerpa

Hver leiksýning er sýnd þétt og í takmarkaðan tíma. Það er því um að gera að skipuleggja leikhúsárið fyrirfram og tryggja sér miða á þær sýningar sem heilla mest.

Þú átt valið

Þú velur þær fjórar sýningar sem þér finnst mest spennandi af glæsilegri dagskrá Borgarleikhússins.

Áskriftarkort

Hringdu í síma **568 8000** eða farðu á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

> GYÐJUR Í KRONKRON

Hönnuðurinn Hildur Björk Yeoman hefur ekki síður vakið athygli fyrir fagrar tískuteikningar sínar. Í dag á Menningarnótt opnar hún sýningu teikninga sinna í KronKron klukkan 20 en þar gefur að líta myndir af ýmis konar gyðjum sem eru innblásnar af málverkum Pre-Rafaelita 19. aldar. Allar gyðjurnar skarta hátískufatnaði frá haust og vetrarlínum margra af uppáhalds fatahönnuðum Hildar. Opnunin stendur til klukkan 22 og allir eru velkomnir.

stíll

utlit@frettabladid.is

OKKUR LANGAR Í ...

... jakka sem klikkar ekki fyrir herrana í vetur enda hannaðar af meistara kúlsins, Henrik Vibskov. Frá Kronkron.

... frábærlega smart og praktíska helgartösku sem þar að auki er algjörlega vatnsheld. Frá 66Norður.

... gullfallega og perluskreytta hælaskó frá miumiu. Fást hjá Sævari Karli, Bankastræti.

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Fölar á brún og brá

Nú er brúnka sólríkra daga og sumarfría farin að dofna og tími til kominn að endurskoða aðeins sumarútlitið og færa það inn í haustið. Þegar horft er yfir áherslurnar í förðun í vetur er augljóst að nokkur mjög sterk trend eru í gangi hjá allflestum hátískuhönnuðum. Húðin, sem var bronslituð og gljáandi í sumar verður ljós og mött, augabrúnir þykkar og náttúrulegar og augu mjög gjarnan máluð með sérstaklega grafískum línum. Hjá tískuhúsum eins og Balenciaga, Comme des Garcons og Givenchy voru fyrirsætur með svartan augnskugga sem var teiknaður í sterkum línum alveg upp að augabrúnum. Þessi tíska minnir meira á abstrakt málverk eða „gothic" rokk heldur en kisulegt útlit sjöunda áratugarins. Annað lúkk sem kemur sterkt inn er áttundi áratugurinn, en hjá Eley Kishimoto, Louise Goldin og Christopher Kane voru fyrirsætur með augnskugga í gylltum og appelsínugulum tón og varirnar í appelsínugulu eða sterkbleiku. Það er greinilegt að mjög ljóst púður er bráðnauðsynlegt í snyrtibuddurnar í haust þar sem ekki snefill af glans sást á andlitum fyrirsætna fyrir haust og vetur 2008. Hvað varðar hártískuna sýnast mér þrjár sterkar bylgjur vera í gangi. Sú fyrsta er að allt hárið er tekið frá andlitinu í stíft tagl eða hnút eins og hjá Calvin Klein, Hussein Chalayan og Costume National. Í öðru lagi koma diskó eða jafnvel afrókrullur áttunda áratugarins sterkt inn, hvort sem hárið er sítt eða í styttra lagi. Og að síðustu eru það mjúkar bylgjur eins og eftir karmenrúllurnar góðu sem skapa einhvers konar kvikmyndastjörnulúkk sjötta áratugarins. Vetrarútlitinu fylgir augljóslega meiri vinna en á sumrin þegar maður getur komist af með ófarðaða húð og maskara, en allar konur ættu að geta fundið litlu stelpuna í sjálfum sér með bursta og pensla og notað andlitið sem kanvas. Og fyrir þær sem hryggjast yfir haustkomunni er vert að muna að við erum allar sætari í kertaljósi!

Geimverur og ofurhetjur

Framtíðarleg tíska fyrir veturinn.

Sterkar stelpur eru málið fyrir haust og vetur 2008 en margir tískuhönnuðir virtust innblásnir af teiknimyndahetjum og vísindaskáldsögum. Kjólasniðin hjá Nicolas Ghésquiere hjá Balenciaga voru sérlega framtíðarleg og gjarnan í háglansandi efnum, og fyrirsæturnar hjá Rick Owens minntu á japanskar manga-teikningar eða persónu úr teiknimyndasögunni The Crow. Þröng snið, skikkjur, glans, og plast koma sterkt inn í vetur. - amb

Haust 2008
Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934
Andersen & Lauth, Laugavegi 86-94, sími 552 6066, www.andersenlauth.com

> ÖRLÁTUR GEORGE

George Clooney keypti nýjan bíl, fyrir 14 þúsund evrur, handa ökumanni sem hann keyrði aftan á í Ítalíu. Clooney tók á sig alla sök með slysið og var fljótur að finna konunni nýjan bíl. Undir rúðuþurrkunum mátti finna afsökunarbréf hans, en þar stóð: „Mér þykir þetta afar leitt, ég vona að þú getir fyrirgefið mér."

fólk

folk@frettabladid.is

Á jaðri Laugavegs

Nokkrir hönnuðir og verslunareigendur sem vinna og starfa á jaðri Laugavegs halda tískusýningu á horni Klapparstígs og Laugavegs í dag í tilefni menningarnætur. Sýningin hefst klukkan 16.00 og eru það Sonja Bent, Lykkjufall, Selma Ragnarsdóttir, Auður Design, Moods of Norway og Mojo sem standa að sýningunni. Stórsveitin Hjaltalín mun spila undir sýningunni og munu Rottweilerhundarnir kjaftforu einnig leggja sitt af mörkum við að skapa réttu stemninguna.

„Við vildum reyna að tvinna saman hönnun, tísku og tónlist á skemmtilegan hátt og leggja okkar af mörkum fyrir menningarnótt," segir Sigrún Baldursdóttir, eigandi verslunarinnar Lykkjufalls. Hver hönnuður mun einnig gefa flík á þöglu uppboði sem fer fram í allan dag og lýkur klukkan 22.00 í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda, en allur ágóði uppboðsins rennur til MND-félagsins á Íslandi.

„Ég hlakka mikið til sýningarinnar og hvet sem flesta til að mæta og fylgjast með," segir Sigrún. „Ég held að þetta eigi eftir að verða mjög skemmtilegt. Ef vel tekst til þá er aldrei að vita nema við endurtökum leikinn aftur að ári liðnu."

- sm

HLAKKAR TIL Sigrún Baldursdóttir er ein þeirra sem taka þátt í tískusýningunni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Velkomin á Óðinstorg á menningarnótt

Odins Bodega - BRAUÐBÆR tjaldar á Óðinstorgi !

Veitingatjald verður fyrir framan Hótel Óðinsvé á Menningarnótt, með dönskum stíl. Þar verður að finna ekta danskt smurbrauð frá Brauðbæ, Carlsberg bjór og úrval af dönskum snafs. Tónlist, tískusýning, verslanir og ýmis skemmtun verður á torginu. Opnum kl.12 á laugardaginn 23.ágúst og lokum seint.

Ó RESTAURANT

Danskt smurbrauð verður einnig á Ó restaurant frá kl.12-17, borið fram á nýjan máta að hætti *Ó*. Um kvöldið er boðið uppá glæsilegan danskan matseðil ásamt föstum matseðli.

Borðapantanir í síma 511 6677

ÓÐINSVÉ hotel-restaurant
www.hotelodinsve.is
RESTAURANT
BRAUÐBÆR

KATRÍN SNÆHÓLM Katrín og bloggvinkonur hennar ætla að efna til samsýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur sem verður opnuð 30. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bloggvinkonur með sýningu

Fimm myndlistarkonur sem kynntust á blogginu fyrir einu og hálfu ári ætla að halda samsýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur sem verður opnuð 30. ágúst.

„Við erum allar bloggvinkonur. Ég bjó á Englandi, tvær hafa verið á Spáni, ein í Grikklandi og ein í Reykjavík," segir myndlistarkonan Katrín Snæhólm. „Við ætlum að hittast, sumar í fyrsta skipti á ævinni, til að halda sýninguna saman og erum búnar að skipuleggja hana í gegnum netið."

Katrín segir sýninguna sérstaklega spennandi því þær komi hver úr sinni áttinni og séu enn þá að kynnast. „Það er fullt af bloggvinum sem eru spenntir að koma. Þetta sýnir líka hvað bloggið er frábært. Það tengir saman fólk sem er að gera svipaða hluti. Maður kynnist öðrum sem eru að vinna að skapandi verkefnum sem maður hefði kannski aldrei kynnst annars."

Ekki bundin af listaelítu

Á blogginu hefur Katrín tekið þátt í samsýningum, auk þess sem hún opnaði þar kortaverslun þar sem hún selur eigin kort. Einnig selur hún eftirprentanir af málverkum sínum í gegnum bloggið. „Netið er frábær vettvangur fyrir listamenn. Ég hef heyrt það á öðrum listamönnum að það séu ákveðnir aðilar sem stjórna því hvert þú kemst og hvar þú getur sýnt, enda hafa myndlistarmenn tjaldað í Hljómskálagarðinum í mótmælaskyni yfir því að komast hvergi að. En í gegnum netið geturðu komið þér sjálfur á framfæri og ert ekki endilega bundinn af einhverri listaelítu," segir hún.

Bloggvinkonur Katrínar heita Elín Björk Guðbrandsdóttir, Guðný Svava Strandberg, Katrín Níelsdóttir og Zordís og stendur sýning þeirra yfir til 14. september. Áhugasamir geta kynnt sér bloggheim Katrínar á síðunni katrinsnaeholm.blog.is.

freyr@frettabladid.is

Metþátttaka í ljósmyndakeppni Vísis

Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins, Sumarferða og Sony Center hefur aldeilis lagst vel í landann, en rúmlega 3000 myndir hafa borist samkeppninni. Leitað er að bestu ljósmynd sumarsins, en sá listagóði ljósmyndari fær ferðavinning upp á 100.000 krónur og stafræna D-SLR myndavél með 18-70 mm linsu að verðmæti 90.000 krónur. Annað og þriðja sæti fá einnig ferðavinninga upp á sextíu og fjörutíu þúsund og myndavélar að verðmæti fimmtíu og fjörutíu þúsund.

Hægt er að skoða innlegg þátttakenda í keppnina á Vísi og senda inn myndir. Þar má sjá allt frá portrettmyndum, til götustræta New York og kettlinga í sólinni. Svo virðist sem hver og einn leggi sig fram við að fanga augnablikið og úr verður fínasta heimild um Ísland og Íslendinga þetta sumarið.

Dómnefnd skipa Anna Margrét Björnsson, ritstjóri Ferðalaga, Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, Kristinn Theódórsson, rekstrarstjóri Sony Center og fulltrúi Sumarferða. Þeirra bíður erfitt verk, en eins og fyrr segir eru úr mörgu að velja. Sigurmyndirnar birtast svo í Ferðalögum, sérblaði Fréttablaðsins þann 31.ágúst og fer því hver að verða síðastur að senda inn sneið af sínu sumri. **- kbs**

FANGAR AUGAÐ Keppni um bestu ljósmynd sumarsins er í fullum gangi. Þessi keppir ekki, en fangar sumarið á sinn hátt.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Órafmögnuð Björk

Söngkonan Björk Guðmundsdóttir heldur órafmagnaða tónleika í Langholtskirkju næstkomandi þriðjudagskvöld. Henni til halds og trausts verða Wonderbrass og Jónas Sen sem hafa staðið þétt við bakið á söngkonunni á nýafstaðinni tónleikaferð um heiminn. Á tónleikunum verða flutt lög sem hafa verið uppistaðan í tónleikadagskrá Bjarkar, þar á meðal lög af síðustu plötu hennar, Volta.

Tónleikarnir verða teknir upp og eru ætlaðir til útgáfu. Aðeins um þrjú hundruð miðar verða í boði og hefst sala á midi.is á mánudagsmorgun klukkan 10. Miðaverð er 6 þúsund krónur. Kirkjan opnar klukkan 17.30 en tónleikarnir hefjast hálftíma síðar.

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Björk spilar á órafmögnuðum tónleikum í Langholtskirkju á þriðjudag.

Barneignir enn í tísku

Barneignir virðast svo sannarlega vera í tísku í Hollywood og ekkert lát á fréttum af nýjum erfingjum fræga fólksins.

Það er ekki annað að heyra en að fræga fólkið í Hollywood sé afar samtaka hvað varðar barneignir. Fregnir af nýjum og nýjum kúlum berast nánast vikulega og því nóg að gera í að fylgjast með fjölgun stjarnanna.

Gwen Stefani eignaðist soninn Zuma Nesta Rock Rossdale í Los Angeles á fimmtudag og hefur talsmaður hennar lýst því yfir að móður og barni heilsist afar vel. Fyrir eiga hún og eiginmaðurinn Gavin Rossdale soninn Kingston, tveggja ára, en Gwen hefur ekki farið leynt með það að hana langaði í annað barn sem fyrst.

Jennifer Garner hefur einnig staðfest að hún beri nú annað barn sitt og eiginmannsins Bens Affleck undir belti. Hjónin eiga fyrir dótturina Violet, sem fæddist í desember 2005, sama ár og þau gengu í hjónaband. Ekki er hamingjan minni á þeim bænum, en miklar vangaveltur höfðu verið uppi um mögulega fjölgun í fjölskyldunni litlu áður en hún var endanlega staðfest í vikunni.

Mel C verður síðasta kryddpían til að fjölga mannkyninu, en hún og kærasti hennar eiga von á barni.

Gwen Stefani eignaðist annan son sinn í vikunni, en fyrir átti hún þennan litla herra, Kingston.
MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

Jennifer Garner hefur staðfest að Violet, tveggja ára dóttir hennar og Bens Affleck, eignist brátt systkini.

Besti vinur Afflecks, Matt Damon, eignaðist einnig dóttur í vikunni. Gia Zavala Damon er annað barn hans og eiginkonunnar Luciönu, en fyrir eiga þau dótturina Isabellu, sem er tveggja ára, og Alexíu, sem er dóttir Luciönu af fyrra hjónabandi.

Kryddpían Mel C hefur greint frá því að hún eigi von á fyrsta barn sínu og kærastans Thomas Starr, en þau hafa verið saman í ein sex ár. Orðrómur um mögulega þungun Evu Longoria gengur fjöllunum hærra, en hún og eiginmaður hennar róa nú að því öllum árum að eignast erfingja, og hefur leikkonan nýlega sést skarta því sem vel gæti verið kúla á byrjunarstigi. Þá eignaðist söngvarinn Ricky Martin nýlega tvíbura, þó að það hafi verið með heldur óhefðbundnari hætti, því þeir komu í heiminn með aðstoð staðgöngumóður – sem þykir gefa orðrómi um að söngvarinn sé samkynhneigður byr undir báða vængi. Synirnir eru heilbrigðir með öllu, og Ricky ku vera himinlifandi yfir þessum „nýja kafla í lífi sínu“, að því er segir í tilkynningu frá söngvaranum.

Ricky Martin varð stoltur faðir tvíburadrengja á dögunum, sem hann eignaðist með aðstoð staðgöngumóður.



Kíkið á nýja vefinn, www.peturgautur.is

PÉTUR GAUTUR

Menningarnótt, laugardaginn 23. ágúst 2008

Kl. 15:00 – 22:00 Ég verð með opið hús á Njálsgötu 86 í vinnustofunni minni, sem á einmitt opnunarafmæli í dag. Húsið opnar klukkan þrjú með úrvali af nýjum og eldri málverkum á veggjum og lokar klukkan tíu.

Kl. 19:30 – 21:30
Að venju mun Kristjana Stefánsdóttir, djassdívan sjálf, hefja upp raust sína og djassa okkur inn í nóttina ásamt þeim Agnari Má Magnússyni píanóleikara og Ómari Guðjónssyni gítarleikara.

Að sjáfsögðu verða veitingar við hæfi. Verið velkomin og takið með ykkur gesti.

KOSTAR EKKI NEMA NEITT

Nemakortið gerir nemendum á framhalds- og háskólastigi kleift að ferðast endurgjaldslaust á umhverfisvænan og þægilegan hátt.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Álftanesi eiga rétt á Nemakortinu skólaárið 2008-2009.

Sæktu um Nemakort á www.strætó.is

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

THE ROCKER	kl. 1.50, 4, 6, 8 og 10.15	7
GET SMART	kl. 1.50, 4, 6, 8 og 10.15	L
WALL–E – ÍSLENSKT TAL	kl. 1.50, 4 og 6	L
MUMMI 3	kl. 8	12
THE DARK KNIGHT	kl. 10	12

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKA

STAR WARS	kl. 1:30D - 3:40D - 5:50D - 8 - 10:20	L
GET SMART	kl. 3:40 - 5:50 - 8D - 10:20D	L
THE MUMMY TOMB	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	VIP
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
MAMMA MÍA	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30	L

KRINGLUNNI

GET SMART	kl. 5:40D - 8D - 10:20D	L
STAR WARS	kl. 2D - 4:10D - 6:20D	L
DARK KNIGHT	kl. 8:30	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30D - 3:40D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SELFOSS

STAR WARS	kl. 1:30 -3:40 - 5:50 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10:20	7
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
MAMMA MÍA	kl. 5:50	L
DECEPTION	kl. 10:20	14

AKUREYRI

STAR WARS	kl. 2 - 4 - 6 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10	7
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 2	L
KUNG FU PANDA m/ísl.	kl. 4	L
THE MUMMY 3	kl. 5:50	12
DARK KNIGHT Síð. sýn.	kl. 10:20	12

KEFLAVÍK

STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10.20	7
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
THE BANK JOB	kl 10:10	16

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ

THE ROCKER	kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	7
X - FILES	kl. 8 - 10.20	16
SKRAPP ÚT	kl. 8 - 10	12
THE LOVE GURU	kl. 1 - 4 - 6	12
WALL-E ÍSL. TAL	kl. 1D - 3.30D	L
MAMMA MIA	kl. 3D - 5.30D - 8D - 10.30D	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 3D - 5.30D - 8D - 10.30D	L
THE MUMMY 3	kl. 1D - 5.45D	12

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ

THE ROCKER	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
SKRAPP ÚT	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 3 - 6 - 9	12
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. SUMARTILBOÐ

X - FILES	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20	16
LOVE GURU	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ

X - FILES	kl. 3.50 - 6 - 8 - 10.10	16
MAMMA MIA	kl. 3.50 - 6 - 8 - 10.10	L

SING - A - LONG SÝNING

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

Geiri var ánægður með opnunina. Hér er hann ásamt Karli Ómari Jónssyni, framkvæmdastjóra hjá Esju kjötvinnslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Steak and Play opnað

Ásgeir Davíðsson, veitingamaður með meiru, opnaði sportbar sinn, Steak and Play, á fimmtudagskvöld. Margt var um manninn og mikið fjör en veislustjórn var í höndum Erps Eyvindarsonar og Sverris Stormskers sem fóru hreinlega á kostum. Staðurinn er sá eini sinnar tegundar hér á landi með um þrjátíu sjónvarpskjáum, golfhermi og ýmsu öðru. Ásgeir segir staðinn sannkallaðan fjölskyldustað, enda eitthvað þar að finna fyrir alla fjölskylduna.

Þær Ragnheiður Guðmundsdóttir og Harpa Karlsdóttir voru kátar við opnunina.

Sverrir Stormsker veislustjóri og Örn Karlsson voru flottir í tauinu í opnuninni.

Markahrókurinn Guðmundur Steinsson mætti ásamt Jónínu Maríu Hafsteinsdóttur, samstarfskonu sinni hjá sölu- og markaðsdeild 365.

BT SKÓLADAGAR Í BT!

14.899 kr kaupauki fyrir öllum tölvum á skóladögum

Réttritunarhugbúnaðurinn Málfar að verðmæti 3.900 kr fylgir

Málfar er réttritunarhugbúnaður fyrir Microsoft Word og Microsoft Outlook. Það er notað til að lesa yfir íslensk skjöl og benda notandanum á stafsetningarvillur. Forritið er mjög hraðvirkt og getur lesið 10 blaðsíðna ritgerð á aðeins nokkrum sekúndum.

24 mánaða aðgangur að Orðabók.is að verðmæti 5.000 kr fylgir

Orðabók.is er ensk-íslensk og íslensk-ensk veforðabók með samtals 150.000 uppflettiorðum. Sparaðu þér tímann og láttu tölvuna finna orðið sem þig vantar.

Bullguard 8.0 öryggislausn að verðmæti 5.999 kr fylgir

Bullguard öryggislausnin samanstendur af einum fullkomnasta antivirus /antispyware hugbúnaði sem fáanlegur er ásamt öflugum eldvegg og ruslpóstsíu. Til viðbótar býður Bullguard upp á 5 GB öruggt geymsluplass á netinu.

TOSHIBA

Toshiba fartölva

SAT L350-14K. Þú þarf ekkert að fórna afkastagetunni þó þú skiptir yfir í fartölvu. Í þessari 17" sameinast kostir fartölvu og borðtölu. Stór 17" háskerpu skjár og lyklaborð í fullri stærð með talnaborði gerir hana að alvöru vinnuhesti. (Vörunúmer: 160062) **VERÐ ÁÐUR 119.999,-**

- Intel Pentium Dual Core T2390
- 2GB DDR2 / 160 GB HDD
- 17" TruBrite WXGA+
- Intel GMA X3100 skjástýring
- DVD Skrifari
- Inbyggð vefmyndavél
- Face tracking
- Windows Vista Home Premium
- Works, WinDVD

LG fartölva

E500 E500-K.AP88V. Ein sú allra vinsælasta á markaðnum í dag. Frábær hönnun. Talnaborð í fullri stærð hentar vel í Excel skjölin. Gott skjákort gerir hana líka að öflugri margmiðlunarvél. (Vörunúmer: 159891). **VERÐ ÁÐUR 129.999,-**

- Intel Pentium Dual Core T2370
- 3 GB RAM, (2 GB + 1 GB DDR2)
- 250 GB SATA hard disk
- DVD multi dual layer brennari
- 15.4" FineBright(glare) WXGA
- WiFi a/g/n þráðlaust netkort
- Nvidia GeForce 8600M GS 256 MB
- Talnaborð og kortalesari
- Webcam 1,3m pixel, Bluetooth
- Windows Vista Home Premium

>Haukur með 41 stig gegn Belgum

Fjölnismaðurinn Haukur Helgi Pálsson var nálægt því að jafna stigamet Helga Jónasar Guðfinnssonar þegar hann skoraði 41 stig í 77-68 sigri Íslands á Belgum í b-deild 16 ára landsliða í Bosníu. Helgi Jónas á stigamet Íslendings í Evrópukeppni unglinga en hann skoraði 44 stig gegn Litháum í 16 ára landsleik í milliriðli Evrópukeppninnar í apríl 1993. Haukur skoraði 16 stig í þriðja leikhlutanum en hann hitti úr 12 af 23 skotum sínum og setti niður 13 af 15 vítum sínum í leiknum.

sport

sport@frettabladid.is

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON: VAR GRÁTI NÆST AF GLEÐI EFTIR SPÁNVERJALEIKINN:

Ótrúlegt afl sem býr í þessu liði

Sá stórkostlegi íþróttamaður Guðjón Valur Sigurðsson var klökkur í leikslok í gær og hreinlega orða vant.

„Ég hef aldrei komist eins nálægt því að fara að gráta. Ég veit ekki hvað ég á að segja. Það er voðalega erfitt að lýsa þessari tilfinningu," sagði Guðjón Valur sem fór ekki vel af stað í gær og klúðraði einum þremur hraðaupphlaupum sem gerist afar sjaldan. Hann kom síðan sterkur inn og skoraði meðal annars nokkur frábær mörk utan af velli.

„Mér fannst ég vera að bregðast liðinu og félögum mínum með frammistöðu minni í fyrri hálfleik. Það sveið alveg svakalega. Það sýnir annars samstöðuna og hjálpina sem er í liðinu að menn hjálpast að við að rífa mann upp úr svaðinu. Maður fær engan tíma til að vera í fýlu eða hugsa um mistökin. Ég var með Loga við hliðina á mér allan síðari hálfleikinn og hann var sífellt að segja mér að drulla mér inn á miðjuna og skjóta á markið. Áfram með þig og svona. Það er stórkostleg samstaða í þessu liði," sagði Guðjón Valur djúpt snortinn, en hann efast ekki um að liðið eigi það skilið að vera komið í úrslit á Ólympíuleikunum.

„Mér finnst við eiga þetta skilið og þetta er mjög gaman. Það er enginn heppnisstimpill yfir þessum árangri. Við erum búnir að vinna Spánverja, Pólverja og Rússa mjög sannfærandi. Við klúðrum helling af dauðafærum í dag en samt er sigurinn eiginlega aldrei í hættu. Það var stórkostleg vörn hjá okkur og markvarsla. Uppstillta sóknin var líka frábær. Það er ekkert panikk í sókninni þegar vörnin og markvarslan er þetta góð," sagði Guðjón Valur sem getur ekki beðið eftir að fá að spila úrslitaleikinn.

„Nú eru Frakkarnir eftir. Eitt besta handboltalið heims og við berum auðvitað virðingu fyrir þeim en erum samt engan veginn hræddir. Það er ótrúlegt afl sem býr í þessu liði og ekkert er ómögulegt."

Íslensku nautabanarnir í úrslit

Strákarnir okkar tryggðu sér verðlaun á Ólympíuleikunum í gær með því að leggja Spánverja sannfærandi í undanúrslitunum. Ísland mætir Frakklandi í úrslitaleiknum eldsnemma á sunnudagsmorguninn.

PEKING 2008 Íslensk íþróttasaga var rituð upp á nýtt í gær er íslenska handboltalandsliðið vann sér þátttökurétt í úrslitaleik Ólympíuleikanna. Íslensku nautabanarnir fóru þá illa með Spánverja sem áttu ekki möguleika gegn frábæru íslensku liði sem vann sex marka sanngjarnan sigur, 36-30.

Strákarnir okkar koma því heim með gull eða silfur. Þetta er í fyrsta sinn sem landsliðið kemst í úrslit á stórmóti og verðlaun strákanna verða fjórðu verðlaun Íslendinga á Ólympíuleikunum frá upphafi.

Það var aðeins eitt lið á vellinum í gær – Ísland. Strákarnir byrjuðu af miklum krafti og komust í 5-0. Spánverjar komu til baka og það geta þeir að stórum hluta þakkað ömurlegu dómarapari frá Slóveníu sem dró taum Spánverja meira en góðu hófi gegndi.

Ísland leiddi með tveggja marka mun í leikhléi, 17-15. Spánverjar eltu íslenska liðið sem naut í upphafi síðari hálfleiks en fljótlega fór nautabaninn að gera grín að andstæðingi sínum og vann að lokum þægilegan yfirburðasigur.

Ég á vart til nóg sterk lýsingarorð í orðaforða mínum til þess að lýsa aðdáun minni á íslenska landsliðinu. Frammistaða þess hér í Peking er með slíkum ólíkindum. Undirritaður hefur elt þetta landslið heimshorna á milli síðustu ár en hefur aldrei upplifað þá stemningu, þann anda og þá samstöðu er einkennir liðið hér í Peking. Hún er í einu orði sagt ólýsanleg.

Hér vinna allir sem ein heild, eru gríðarlega vel undirbúnir og samstilltir. Þetta samspil hópsins minnir um margt á góða tónlist. Tónlistarstjórarnir Guðmundur, Óskar Bjarni og Gunnar Magnússon sjá um að semja tónlistina. Ingibjörg nuddari, Pétur sjúkraþjálfari og Brynjólfur læknir fínstilla hljóðfærin og strákarnir sjá svo um að flytja tónlistina með glæsibrag.

Ég hef lengi verið á því að þetta lið gæti farið alla leið í stórmóti þegar allt myndi smella saman og liðið fengi stöðugleika í vörn og markvörslu. Þessir hlutir eru loksins í lagi hjá íslenska landsliðinu.

Strákunum okkar eru allir vegir færir og það leyndi sér heldur ekki á strákunum eftir leik að þeir eru hungraðir í meira. Þeir standa nú frammi fyrir einstöku tækifæri sem hugsanlega kemur aldrei aftur. Nái þeir að tóna sig eins vel saman á sunnudag og þeir hafa gert hingað til í keppninni mun þjóðin fagna gullverðlaunahöfum á Ólympíuleikum í næstu viku.

NÆST ER ÞAÐ GULLIÐ Herbergisfélagarnir Snorri Steinn Guðjónsson og Róbert Gunnarsson, öðru nafni Snobbi, fagna eftir stórglæsilegan sex marka sigur á Spánverjum í undanúrslitaleik Ólympíuleikanna í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

ÍSLAND-SPÁNN 36-30

Mörk Íslands (skot): Logi Geirsson 7 (11), Guðjón Valur Sigurðsson 7 (11), Snorri Steinn Guðjónsson 6/1 (11/1), Ólafur Stefánsson 5 (8), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (4), Sigfús Sigurðsson 2 (2), Ingimundur Ingimundarson 2 (2), Róbert Gunnarsson 2 (3), Alexander Petersson 2 (5).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 21 (51/3) 42%.
Hraðaupphlaup: 7 (Guðjón 2, Alexander 2, Ingimundur 2, Sigfús).
Fiskuð víti: 1 (Ólafur).
Utan vallar: 18 mínútur.
Mörk Spánverja (skot): Albert Rocas 7/2 (11/2), Juan Garcia 5 (7/1), Iker Romero 5 (10), Carlos Prieto 4 (6), Raul Entrerrios 3 (5), Ion Belaustegui 3 (5), Ruben Garabaya 2 (3), Demetrio Lozano 1 (1).
Varin skot: David Barrufet 20.
Hraðaupphlaup: 5.
Utan vallar: 10 mínútur.

Körfuboltalandsliðið vann Íra:

Sigurkarfa Loga

KÖRFUBOLTI Logi Gunnarsson tryggði íslenska liðinu þriggja stiga sigur á Írum, 78-75, á æfingamóti í Dublin með því að skora sigurkörfuna á síðustu sekúndum leiksins.

Sigurður Þorvaldsson var stigahæstur í íslenska liðinu með 18 stig auk þess að taka 6 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson skoraði 14 stig og Hlynur Bæringsson var með 11 stig og 10 fráköst.

Logi skoraði síðan átta stig eins og Jakob Örn Sigurðarson og það kom ekki að sök þótt Jón Arnór Stefánsson skoraði aðeins 5 stig í þessum leik. - óój

KAPPHLAUP Valsstúlkan Dóra María Lárusdóttir nær hér að leika á Stjörnustúlkuna Soffíu Arnþrúði Gunnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valur lagði Stjörnuna í undanúrslitum VISA-bikars:

Valsstúlkur í úrslit

FÓTBOLTI Fimm mörk Valsstúlkna á síðasta hálftímanum voru of mikið fyrir baráttuglaðar Stjörnustúlkur í undanúrslitum VISA-bikars kvenna á Stjörnuvelli í gærkvöld. Leikurinn endaði 1-5 og Valsstúlkur mæta annaðhvort KR eða Breiðablik í úrslitaleiknum.

Katrín Jónsdóttir skoraði fyrsta mark leiksins á 62. mínútu en fram að því höfðu Stjörnustúlkur barist vel og náð að halda vel aftur af Valsliðinu. Markið virtist hins vegar kveikja í Valsstúlkum og rétt um þrjátíu sekúndum síðar var Margrét Lára Viðarsdóttir búin að bæta við öðru marki.

Pamela Liddel náði svo að minnka muninn fyrir Stjörnuna á 81. mínútu áður en Dóra María Lárusdóttir skoraði þriðja mark Vals.

Varamaðurinn Kristín Ýr Bjarnadóttir gulltryggði svo farseðilinn í úrslitaleikinn með tveimur góðum mörkum og niðurstaðan því 1-5 sigur Val.

„Mér fannst sigurinn í raun aldrei vera í hættu en Stjörnustúlkur létu okkur hafa vel fyrir hlutunum," sagði Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals.

Þorkell Máni Pétursson, þjálfari Stjörnunnar, var stoltur af sínu liði þrátt fyrir tapið.

„Ég er í skýjunum með stelpurnar mínar. Þær börðust vel og náðu að halda aftur af frábæru Valsliði í sextíu mínútur," sagði Þorkell Máni. - óþ



Áfram strákar
– þið eruð frábærir!

Sendum baráttukveðjur til Peking og fjölmennum
í Vetrargarðinn í Smáralind á sunnudagsmorguninn.

Kaupþing er stoltur styrktaraðili landsliðsins í handbolta.

KAUPÞING
Hugsum lengra

ENNEMM / SÍA / NM36125

Logi Geirsson skoraði 7 mörk:

Erum með svakalegt lið

PEKING 2008 Það kviknaði heldur betur á fallbyssunni Loga Geirssyni í gær. Hann skoraði sjö ótrúleg mörk og mörg hver þegar Ísland var manni færri. Gríðarlega mikilvæg mörk.

„Þetta er ekki búið enn," sagði Logi léttur. „Þetta var undanúrslitaleikur og mér gekk persónulega vel en vil samt frekar tala um liðið. Það fannst mér sýna geggjaðan karakter og kraft í dag. Það eru allir jákvæðir og frábært að taka þátt í þessu," sagði Logi sem hrósar heildinni líkt og aðrir.

„Þetta er svakalegt lið sem við erum með hérna í öllum stöðum. Það var bara tímaspursmál hvenær þetta lið myndi springa út. Núna erum við að vinna allir saman sem heild og erum að ná okkar markmiðum. Annars get ég ekki lýst því hvernig mér líður," sagði Logi að lokum. **- hbg**

21 SKOT Björgvin Páll Gústavsson hefur varið yfir 40 skot í síðustu tveimur leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgvin Páll Gústavsson:

Vörnin skiptir öllu máli

PEKING 2008 Björgvin Páll Gústavsson fór enn og aftur á kostum í gær. Þessi ungi markvörður hefur spilað á ÓL eins og þrautreyndur landsliðsmaður og slegið í gegn.

„Þegar manni líður svona vel innan hópsins og finnur svona mikið traust frá þjálfaranum og leikmönnum og sérstaklega Hreiðari getur manni ekki annað en liðið vel. Þá verður maður óstöðvandi," sagði Björgvin Páll hógvær að vanda.

„Ég er með hörkuvörn fyrir framan mig sem skiptir öllu máli. Ég vex með hverjum leik og hef unnið vel fyrir þessu. Ég æfði mikið og það er að skila sér. Þegar maður er að berjast fyrir þjóðina þá er ekki annað hægt en að standa sig og gefa allt. Þetta er alveg yndislegt," sagði þjóðernissinninn Björgvin Páll. **– hbg**

DRAUMUR AÐ VERULEIKA Ólafur Stefánsson er búinn að vera að tala um verðlaun á Ólympíuleikum í langan tíma og nú hefur draumurinn ræst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mín stærsta stund í boltanum

Ólafur Stefánsson segist hafa verið með stundina sem hann upplifði eftir Spánarleikinn í gær í kollinum á sér í sex ár. Hann vill ekki tjá sig um hvort landsliðsferlinum ljúki á sunnudag.

PEKING 2008 „Ég á örugglega eftir að brotna saman einhvers staðar annars staðar líka. Ég er samt að reyna að vera steiktur og segja að næstu 48 tímar hafi ekki gildi nema maður hugsi um gullið og finni gullið. Annars er maður að eyða þeim í vitleysu. Það er engin ástæða til annars en að nota þessa vellíðan, sem um mann streymir í augnablikinu, til þess að koma brjáladur í úrslitaleikinn. Við eigum að geta unnið hann," sagði tilfinningasamur landsliðsfyrirliði, Ólafur Stefánsson, en hann réð ekki við tilfinningar sínar eftir leikinn og hágrét.

„Við rústuðum Spánverjana og það þó svo að við hefðum klúðrað fimmtán dauðafærum eða eitthvað. Þeir áttu bara möguleika þegar við vorum einum færri. Hvað er eiginlega að gerast með þetta lið? Þetta er bara ótrúlegt," sagði Ólafur sem er einn merkasti íþróttamaður íslenskrar íþróttasögu. Sannur sigurvegari sem hefur unnið allt sem hægt er að vinna með félagsliðum sínum. Hann segir þó ekkert taka fram tilfinningunni sem hann fann eftir leik í gær er hann tryggði sér verðlaun á Ólympíuleikum.

„Þetta er mín stærsta stund í boltanum og skrítið að hægt sé að gera hana stærri. Ég er mjög glaður en samt mjög dofinn. Ég er búinn að sjá þessa stund fyrir mér í sex ár og hef þroskast á leiðinni. Ég var miklu hræddari þegar ég var yngri. Nú hef ég ýtt því í burtu og held smitað félaga mína. Hugsað jákvætt og hugsað um að þessar 60 mínútur séu það sem gildi. Njóta stundarinnar og trúa á styrk sinn," sagði Ólafur sem hefur lengi auglýst eftir þeirri markvörslu sem hefur verið hjá landsliðinu í Peking.

„Maður var alltaf að vona að þetta gerðist og það sést núna hvað það skiptir miklu máli að fá markvörslu. Þjálfarinn minn sagði við mig eftir HM í Þýskalandi, þar sem við vörðum fimm bolta í tvíframlengdum leik gegn Dönum og töpuðum með einu, að ef við hefðum markverði sem myndu verja fimmtán bolta í leik þá værum við heimsmeistarar. Málið dautt. Það er kannski að gerast núna," sagði Ólafur dreyminn. „Þetta er líka Ólympíuandinn sem er að skila þessu. Það er erfiðara að ná þessum anda upp á öðrum stórmótum þegar við erum að spila alla daga. Hér er frídagur á milli leikja og þorpið sem við búum í er paradís. Lækir rennandi, gosbrunnar, maturinn og allt fólkið. Þetta er heimur sem er yndislegur og maður mun aldrei gleyma."

UPPGEFINN Ólafur Stefánsson gaf allt sitt í leikinn og var þreyttur í lokin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur vill ekkert gefa uppi um það hvort úrslitaleikurinn á sunnudag verði hans síðasti landsleikur. „Ég ætla að spara allar yfirlýsingar. Hef lært það með árunum. Ég mun líka fara hljóðlega þegar ég hætti."

Viðtal Ólafs á Rúv eftir Pólverjaleikinn vakti mikla athygli heima en þá sagði Ólafur að honum liði eins og Morfeusi. Ég fékk Ólaf til þess að útskýra það.

„Morfeus er held ég svefnguð. Það var ekki sá. Þaðan kemur samt Morfeus úr Matrix. Morfeus gefur þér valið hvort þú vilt sjá raunveruleikann eða vera bara í gervieheimi sem Matrixið var og er. Aðalmálið er að hann trúði allan tímann á Neó. Það er skýringin ef fólk vill fá það. Hann var ótrúlega viss um að Neó væri hinn eini. Væri gaurinn sem gæti frelsað Sion og allt þetta og um það fjalla þessar þrjár myndir en aðallega fyrsta myndin," sagði Ólafur djúpur en hann er mikill Matrix-aðdáandi og á allar myndirnar heima hjá sér.

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson stendur uppi sem sigurvegari á Ólympíuleikunum í Peking:

Hef alltaf vitað hvers ég er megnugur sem þjálfari

PEKING 2008 „Ég vil byrja á því að þakka öllum þeim sem eru að vinna með mér hérna. Þetta er ótrúlegur hópur og það hafa allir stefnt að þessu sem einn maður. Ég hef sjaldan eða aldrei upplifað eins samstillt teymi og við erum með hérna," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hálfklökkur eftir sigurinn á Spánverjum.

Guðmundur tók að sér landsliðsþjálfarastarfið þegar illa gekk að finna mann sem vildi starfið. Hann stendur uppi sem sannur sigurvegari. Sumarið hefur engu að síður ekki verið Guðmundi auðvelt en hann missti föður sinn í sumar.

„Það var gríðarlega erfiður tími. Fyrir utan það áfall þá eru síðustu þrjár vikur líklega þær erfiðustu í mínu lífi enda höfum við unnið baki brotnu til þess að ná þessum árangri. Ég hef gefið allt sem ég á í þetta verkefni," sagði Guðmundur sem var hættur að þjálfa er hann tók að sér landsliðsþjálfarastarfið. Hann vill ekkert tjá sig um framhaldið strax.

„Ég hef alltaf vitað hvers ég er megnugur sem þjálfari. Hef aldrei efast um það," sagði Guðmundur sem mun ef að líkum lætur fá gylliboð um þjálfarastörf erlendis á næstu misserum. Hann vill heldur ekkert tjá sig um hvort hann væri til í að skoða slíkt. Hann segist vera sáttur í góðri vinnu hjá Kaupþingi. „Ég á eitt mottó í lífinu og það er að maður skal aldrei segja aldrei."

Það skildu ekki allir að Guðmundur skyldi taka hina ungu og frekar óreyndu leikmenn Björgvin Pál, Ingimund og Sturlu í hópinn. Það reyndist heldur betur rétt ákvörðun en hún var Guðmundi erfið, enda skildi hann reynda menn eftir heima í staðinn.

„Það þurfti hugrekki til þess að taka þessar ákvarðanir. Það er heilög skylda landsliðsþjálfara að velja sterkasta liðið hverju sinni og það skulu menn muna. Maður sviptir engan því að komast á Ólympíuleika að gamni sínu. Það var mjög erfið ákvörðun að skilja ákveðna menn eftir heima. Það tók mjög á en ég fylgdi minni sannfæringu sem fagmaður. Ég var að fylgja minni skyldu," sagði Guðmundur sem er ekki saddur.

„Nei, ég er ekki saddur. Það er einn leikur eftir og við munum búa okkur á sama hátt undir hann eins og alla hina. Við erum að spila vel, fullir sjálfstrausts og ætlum að selja okkur dýrt." **- hbg**

Í FANGI FYRIRLIÐANS Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson faðmar hér fyrirliða liðsins, Ólaf Stefánsson, eftir að lokaflautið gall og ljóst var að Ísland vinnur verðlaun á leikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orðabækur
eru fyrir alla!

- Sérstaklega sniðin að þörfum **8–10 ára barna.**
- Samin af reyndum kennurum **fyrir byrjendur** í enskunámi.
- Ríflega **2600 uppflettiorð** með fjölmörgum dæmum.
- **Myndskreytt** fjölda líflegra teikninga.
- Skemmtileg og sérlega aðgengileg orðabók sem gerir **enskunámið að leik.**

BARNAORÐABÓKIN
ENSK-ÍSLENSK – ÍSLENSK-ENSK

Ný glæsileg orðabók fyrir yngstu enskunemendurna. Hún er ríkulega myndskreytt og hefur að geyma allt sem börn þurfa í upphafi tungumálanáms, hvort sem er heima eða í skólanum.

www.forlagid.is

FORLAGIÐ

dagskrá

> **Mark Wahlberg**

„Að vera þolinmóður, örlátur og heiðarlegur er eitthvað sem lærði ég ekki fyrr en ég eignaðist börn.“ Wahlberg leikur í myndinni Invincible sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ KAREN DRÖFN KJARTANSDÓTTIR VEIT NÚ AÐ TÖFRAÁLFAR VITNA Í HÓMER

Ólympisbirta streymir af Ólafi

Ó, Ólafur! Þegar þú birtist á skjánum neyðist ég til að píra augu mín vegna þeirrar Ólympisbirtu sem af þér streymir. Goðmagn þitt skín af þér, töfrandi sem birta hinnar rósfingruðu morgungyðju Áróru.

Þó Ódysseifur, konungur Íþöku, hafi leitt liðsmenn sína frá Tróju af snilli sem aldrei gleymist var það Hómer sem Illiónskviðu skóp. Þú hefur spunnið upp ævintýri, orð þín hafa vængi rétt eins og orð Hómers. Að minnsta kosti held ég að ég muni oft hugsa að mér líði eins og Morfeusi ef ég verð ægilega kát eða líki dugnaði vina minna við dirfsku Ódysseifs. Líklega hafa fáir vakið upp jafn mikinn áhuga á grískum bókmenntum og goðsögnum og þú hefur gert í seinni tíð.

Á svipstundu sýndir þú mér, harðvítugum óvildarmanni íþrótta, að með sigri í kappleik er hægt að skapa tilfinningar sem ég hélt að væru til á tindi Ólympusfjalls. Mér líður eins og Penelópu. Undir orð Adolfs Inga Erlingssonar, um að guð blessi móður þína fyrir að hafa alið þig í þennan heim held ég að flestir taki.

Viltu svo bera Guðjóni Val kveðju mína og segja honum að það hafi verið rétt hjá blaðamanni Washington Post að tengja hann við álfatrú og ánægjulegt að hann hafnaði ekki tilvist þessara ágætu vera þegar hann var spurður af blaðamanni frá stórveldi heimsins. Vitanlega fagna álfar landsins líka árangri handboltaliðsins.

Dorrit hafði rétt fyrir sér þegar hún sagði að Ísland væri stórasta land heims. Mér hefur samt ekki liðið þannig frá því Jón Páll var upp á sitt besta og eiginlega minnir tilhugsunin um sigur á Ólympíuleikunum á góðan endi í Disneymynd þar sem litlu liði tekst skyndilega að rífa heila þjóð upp úr væli um kreppu og vonleysi.

EKKI MISSA AF

13.45 Liverpool - Middlesbrough STÖÐ 2 SPORT 2

15.45 KR - Breiðablik SJÓNVARPIÐ



19.45 Family Guy SKJÁREINN

20.05 Who Framed Roger Rabbit STÖÐ 2

20.55 Smallville STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

07.35 ÓL í Peking Handbolti kvenna.
09.30 Morgunstundin okkar Skordýrin í Sólarlaut, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn, Tobbi tvisvar.
10.50 ÓL í Peking Frjálsar íþróttir.
13.10 ÓL í Peking - Samantekt
13.50 ÓL í Peking Körfubolti kvenna.
15.45 Bikarkeppnin í fótbolta Undanúrslitaleikur í Visa bikarkeppni kvenna. KR og Breiðablik eigast við í beinni útsendingu.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 ÓL í Peking - Samantekt
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.40 Sápugerðin (Moving Wallpaper)
20.05 Bergmálsströnd (Echo Beach)
20.30 Hetjan unga (Sky High) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2005. Foreldrar Wills eru ofurhetjur. Hann á erfitt uppdráttar í skóla en þegar hætta steðjar að gefst honum tækifæri til að sýna hvað í honum býr.
22.10 Ólympíukvöld (15:16)
22.30 Taggart - Að duga eða drepast (Taggart: Do or Die) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál.
23.40 ÓL í Peking Handbolti karla.
00.50 ÓL í Peking Blak kvenna.
02.05 ÓL í Peking Handbolti karla.
02.50 ÓL í Peking Dýfingar karla.
03.50 ÓL í Peking Blak karla.
05.20 ÓL í Peking Handbolti karla.

BÍÓ

08.00 Deuce Bigalow: European Gigolo
10.00 I'm With Lucy
12.00 Wild Hogs
14.00 Adventures of Shark Boy and Lavagirl 3-D
16.00 Deuce Bigalow: European Gigolo
18.00 I'm With Lucy
20.00 Wild Hogs Gamanmynd um miðaldra menn sem stofna mótorhjólagengi.
22.00 Red Eye
00.00 Walk the Line
02.15 Campfire Stories
04.00 Red Eye
06.00 Jersey Girl

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Gordon Garðálfur, Funky Valley, Refurinn Pablo og Kalli og Lóa.
08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.
08.05 Dynkur smáeðla
08.20 Sumardalsmyllan
08.25 Lalli
08.35 Fífí
08.45 Þorlákur
08.55 Könnuðurinn Dóra
09.20 Kalli kanína og félagar
09.30 Stóra teiknimyndastundin
09.55 Íkornastrákurinn
10.20 The Muppets' Wizard of Oz
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.50 Bold and the Beautiful
14.15 So you Think you Can Dance
15.40 So you Think you Can Dance
16.40 The Moment of Truth (8:25)
17.35 Sjáðu
18.05 Ríkið (1:10) Nýstárlegur sketsaþáttur þar sem vinnustaðagrín er allsráðandi.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Lottó
19.01 Veður
19.10 The Simpsons
19.35 Latibær (2:18)
20.05 Who Framed Roger Rabbit Mynd fyrir alla fjölskylduna. Teiknimyndakanínan Roger er ásökuð um morð á eiganda teiknihverfisins í Hollywood og leitar hjálpar hjá einkaspæjaranum Eddie Valiant.
21.45 Invincible Sannsöguleg mynd. Fótboltaáhugamaðurinn Vince er búinn að missa vinnuna og kærustuna og útlitið er svart. Hann rífur sig upp úr þunglyndinu og ákveður að þreyta inntökupróf hjá uppáhaldsliði sínu í ameríska fótboltanum.
23.30 The Fog
01.10 The Rock
03.20 Nemesis Game
04.50 Man Stroke Woman (4:6)
05.20 Ríkið (1:10)
05.45 Fréttir (e)

SPORT *besta sætið*

08.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum liðanna.
10.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar
11.00 F1. Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.
11.45 Formúla 1 2008 Bein útsending frá tímatöku.
13.20 Formula 3
13.50 Countdown to Ryder Cup
14.15 Gillette World Sport
14.40 King of Clubs AC Milan.
15.10 Bardaginn mikli Sugar Ray Robinson gegn Jake LaMotta.
16.05 Football Rivalries Barcelona - Real Madrid.
17.00 Formúla 1 2008 Útsending frá tímatöku.
18.35 Inside the PGA
19.00 PGA mótaröðin Bein útsending frá Barclays-mótinu í golfi.
22.00 Bardaginn mikli Muhammad Ali gegn Joe Frazier
22.55 Box Wladimir Klitschko vs. Tony Thompson

SPORT 2 *enski boltinn*

09.40 Premier League World 2008/09
10.10 PL Classic Matches West Ham Utd - Manchester Utd.
10.40 PL Classic Matches Chelsea - Tottenham Hotspurs.
11.10 English Premier League 2008/09
11.40 Enska 1. deildin Bein útsending frá leik Charlton og Reading í ensku 1. deildinni.
13.45 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Liverpool og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Newcastle - Bolton Sport 4. Tottenham - Sunderland Sport 5. Stoke - Aston Villa Sport 6. WBA - Everton.
16.15 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Fulham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
18.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
19.50 4 4 2
21.10 4 4 2
22.30 4 4 2
23.50 4 4 2

SKJÁREINN

11.15 Vörutorg
12.15 Rachael Ray (e)
16.00 Trailer Park Boys (e)
16.50 What I Like About You (e)
17.15 Frasier (e)
17.40 Style Her Famous (e)
18.05 Are You Smarter than a 5th Grader? (e)
18.55 Life is Wild Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. (e)
19.45 Family Guy Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. (e)
20.10 The King of Queens Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. (e)
20.35 Eureka Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)
21.25 The Evidence Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. (e)
22.15 Law & Order: SVU Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi.
23.05 Criss Angel Mindfreak Uppátæki Criss Angel eru ótrúlegri en orð fá lýst. Í kvöld keyrir Criss leikkonuna Mandy Moore um Los Angeles með bundið fyrir augun. (e)
23.30 The Eleventh Hour (e)
00.20 High School Reunion (e)
01.10 Da Vinci's Inquest (e)
02.00 Da Vinci's Inquest (e)
02.50 Trailer Park Boys (e)
03.40 Jay Leno (e)
04.30 Jay Leno (e)
05.20 Vörutorg
06.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku. Endursýnt á klukkustunda fresti.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

1.000 KR
Eittþúsund króna inneign á skólatöskur

Þessi miði gildir sem eittþúsund króna inneign á skólatöskur hjá Office1.

SAMÞYKKT Betri fyrir bakið

Allt fyrir skólann

Office1 Superstore

Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.35

Latibær

Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ. Glanni glæpur heldur áfram að hrella íbúa Latabæjar. Hann reynir að spilla krökkunum sem hafa loksins áttað sig á því að Íþróttaálfurinn hafði á réttu að standa þegar hann sagði þeim að þeir þyrftu að hreyfa sig og borða hollan mat. Sjónvarpsþættirnir hafa verið sýndir í yfir eitt hundrað löndum og njóta sívaxandi

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Ríkið

Stöð 2 kl. 18.00 og Stöð 2 extra kl. 20.30

Í gær frumsýndi Stöð 2 nýjan íslenskan gamanþátt sem kallast Ríkið. Hér er á ferðinni sketsaþáttur þar sem vinnustaðagrín er allsráðandi. Þeir sem misstu af þættinum í gær geta séð hann í dag en hann verður endursýndur bæði á Stöð 2 og Stöð 2 extra.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Út um víðan völl
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Mánafjöll
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Á sporbraut
14.00 Umhverfis jörðina
15.00 Tímakorn
15.40 Með laugardagskaffinu
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Gonzo
17.05 Brjóstdropar
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Betri stofan
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Bravó, bravó!
20.00 Þetta er ekki einleikið
21.00 Látún
21.45 Náttúrupistill
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Borgin í höfðinu
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (256:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.25 Hollyoaks (257:260)
16.50 Hollyoaks (258:260)
17.15 Hollyoaks (259:260)
17.40 Hollyoaks (260:260)
18.00 Entourage (20:20)
18.25 So you Think you Can Dance Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
19.45 So you Think you Can Dance
20.30 Ríkið (1:10) Nýir íslenskir sketsaþættir þar sem vinnustaðagrín er allsráðandi.
▶ **20.55 Smallville** (1:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
21.40 The Dresden Files (2:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína til að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.25 So you Think you Can Dance
23.45 So you Think you Can Dance
00.30 Entourage (20:20)
00.55 Smallville (1:20)
01.50 The Dresden Files (2:13)
02.35 Talk Show With Spike Feresten (10:22)
03.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** No Going Back **14.00** No Going Back **15.00** No Going Back **16.00** No Going Back **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** Home Again **19.30** Home Again **20.00** Home Again **20.30** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **21.00** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **21.30** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** Doctor Who **23.45** Doctor Who Confidential **0.00** Home Again

DR 1

14.15 NI HAO OL højdepunkter **15.20** Held og Lotto **15.30** Mathias skal i skole **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen **17.00** De store katte **17.30** Robin Hood **18.15** Slå først, Frede **19.50** NI HAO aftenOL **20.45** Columbo **22.15** Conviction **22.55** Seinfeld **23.20** NI HAO OL direkte **03.00** Rytmisk sportsgymnastik, gruppefinale **05.00** NI HAO OL direkte

NRK 1

10.00 Sommer-OL i Beijing **10.30** Sommer-OL i Beijing. Høydepunkter fra nattens øvelser **10.45** Sommer-OL i Beijing. Friidrett **13.30** Sommer-OL i Beijing **15.00** Sommer-OL i Beijing. Høydepunkter fra i dag **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** Underbuksepiratene **16.30** Amigo **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Sommer-OL i Beijing. OL-studio **19.15** Sjukehuset i Aidensfield **20.05** Fakta på lørdag. Jakten på de smarteste **20.55** Komiprisen 2008. Årets morsomste **21.05** Kveldsnytt **21.20** Runaway Jury **23.20** Sommer-OL i Beijing

SVT 1

10.00 Sommar-OS i Peking **16.00** Bolibompahelg **16.05** Disneydags **17.00** Barnen på Luna **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Kriminaljouren **20.45** Habitat **20.55** Rapport **21.00** Sommar-OS i Peking **23.30** Sommar-OS i Peking **04.00** Sommar-OS i Peking

PERSÓNAN

Örn Smári Gíslason

Aldur: 48 ára.
Stjörnumerki: Ljón.
Starf: Grafískur hönnuður, sjálfstætt starfandi.
Fjölskylda: Eiginkonan heitir Sigrún Gunnsteinsdóttir, lyfjatæknir.
Þrjú börn: Arnar tvítugur, Gísli Steinn átján ára og Ólöf Agnes tíu ára.
Búseta: Húsalind 5 í Kópavogi.
Örn Smári Gíslason hefur vakið athygli fyrir bloggskrif sín á stuttermaboli.

Föt seld í bílskúrnum heima

Systurnar Klara Ósk, Ásta Júlía og Elín Lovísa Elíasdætur standa fyrir bílskúrssölu á menningarnótt. „Ásta Júlía er á leið til Danmerkur í leiklistarnám, þannig að við ákváðum að skella okkur í þetta áður en hún færi," segir Klara. „Við erum búnar að fara í gegnum tuttugu svarta ruslapoka, fulla af fötum sem við höfum geymt í gegnum tíðina. Svo eru töskur og belti, hellingur af skarti og fleira. Margt af þessu er eitthvað sem ég hef verið að sanka að mér seinustu ár og ekki notað mikið. Bara troðfyllt skápinn og ekki notað það. Ég veit ekki af hverju maður gerir þetta, það er eiginlega fáránlegt. Við ákváðum að henda þessu saman og gá hvað myndi gerast, hvort einhver vildi kaupa þetta. Við erum að selja þetta voðalega ódýrt." útskýrir Klara, og nefnir sem dæmi að nýleg stígvél kosti um tvö þúsund, kjólarnir um fimm hundruð og bolir um þrjú hundruð krónur.

Systurnar þrjár ætla að standa vaktina frá tólf til sjö, en selt verður „í bílskúrnum heima", Miðvangi 33 í Hafnarfirði. En af hverju að standa fyrir bílskúrssölu á menningarnótt? „Þetta er bara helgin áður en systir mín fer, þannig að það er síðasti séns. Þetta var alls ekki gert af því að það er menningarnótt. Það var eiginlega bara óvart."

Þær vonast til að sem flestir líti við, en restin verður gefin til Rauða krossins. **- kbs**

HVAÐAN KEMUR ÞETTA ALLT? Ásta Júlía, Klara Ósk og Elín Lovísa rýma skápana sína og efna til bílskúrssölu, þó að margar flíkurnar séu nærri ónotaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/

SPAUGSTOFAN Örn Árnason og félagar í Spaugstofunni eru uppfullir af gríni eftir gott sumarfrí.

SPAUGSTOFAN SNÝR AFTUR Í SEPTEMBER: TUTTUGU ÁRA AFMÆLI Í VOR

Eðaldeild landsliðsins á stjá

„Það er haugur af hugmyndum, það vantar aldrei. Það er líka ágætis fóður fyrir hendi núna, haustið lofar góðu," segir Örn Árnason Spaugstofumaður og hlær. „Þetta verður spennandi."

Spaugstofan snýr aftur í Ríkissjónvarpið eftir sumarfrí 27. september. Um mikil tímamót er að ræða í herbúðum þeirra félaga því næsta vor verða tuttugu ár liðin síðan þeir birtust fyrst á sjónvarpsskjám landsmanna.

„Þetta eru ákveðin tímamót. Maður sest kannski niður og lítur yfir farinn veg og metur stöðina, spáir í spilin hvað framtíðin gæti borið í skauti sér," segir Örn, spurður hvort næsti vetur verði sá síðasti. „Það hefur ýmislegt borið á góma, annaðhvort að hætta með Spaugstofuna í núverandi mynd og gera eitthvað annað eða ... skjótt skipast veður í lofti. Mér finnst persónulega að Spaugstofan eigi að vera á hverju hausti, hvort sem við erum með hana eða einhverjir aðrir," segir hann. „Spaugstofan er spéspegill á samtímann sem reynir að brýna klærnar inn í forráðamenn þjóðarbúsins. Það eru svona þættir á Norðurlöndunum eins og TV Revían og Saturday Night Live [í Bandaríkjunum]. Þar koma að þessu nýir stjórnendur en ég veit ekki hvort það er um auðugan garð að gresja í þeim efnum hérna."

Spaugstofan ætlar að halda áfram að notast við gestaleikara í þáttum sínum eins og gekk svo vel á síðasta ári. Hugsanlega verða þó þjóðþekktir gestir sem ekki eru leikarar fengnir í heimsókn til að krydda hlutina enn frekar.

Örn segir að Spaugstofan sé hvergi af baki dottin og ætli að mæta fersk til leiks eftir sumarfríið. „Stöð 2 auglýsir núna harkalega að landsliðið í gríni sé að skella á skjáinn hjá þeim. En þá segi ég að við í Spaugstofunni séum eðaldeild landsliðsins," segir hann og kímir. „Það verður að toppa þetta einhvern veginn. Við erum orðnir svo gamlir að við erum komnir í eðaldeildina." freyr@frettabladid.is

FÓLK Í FRÉTTUM

Víkingur Kristjánsson, leikstjóri og leikskáld, situr nú við skriftir að kvikmyndahandriti eftir Afleggjaranum, skáldsögu **Auðar A. Ólafsdóttur** sem WhiteRiver Productions hefur keypt kvikmyndaréttinn að. Víkingur hefur áður skrifað handrit Foreldra og Ást ásamt **Gísla Erni Garðarssyni**, en hann hefur leikstýrt fjölda verka og er ein aðalspíran í Vesturporti.

Það sauð enn og aftur upp úr hjá borgarstjórn á föstudaginn, þó nú hafi það verið yfir handboltanum. Menn sátu víst límdir við skjáinn í Ráðhúsinu, eins og á flestum vígstöðvum í borginni. Meðlimir borgarstjórnarflokks Samfylkingarinnar nýttu þó daginn í fleira og sást **Bryndís Hlöðversdóttir** til að mynda gefa gangandi vegfarendum pillur við „ruglinu í Reykjavík" fyrir utan helstu verslunarmiðstöðvar borgarinnar. Pillurnar voru þó blessunarlega lyfleysa í formi sykurs.

Ljósmyndarinn **Yvan Rodic** er staddur á landinu um þessar mundir. Hann er rómaður fyrir vefsíðuna facehunter.org, þar sem hann birtir myndir sínar af götutísku víðsvegar um heiminn. Rodic skemmti sér á Q-bar á fimmtudagskvöldið, ásamt fatahönnuðinum **Ásgrími Má Friðrikssyni og Elísabetu Ölmu Svendsen** sem heldur úti sambærilegri síðu að nefni Reykjavik Looks. Það mætti því búast við því að velklæddir Íslendingar fari að skjóta upp kollinum á síðu Rodic, en hann hefur áður dásamað tískuvitund Íslendinga eftir heimsókn á Iceland Airwaves.

Tekur á móti gjöfum í kvöld

„Mér finnst þetta bara voðalega fallegt af borgaryfirvöldum að halda mér svona stóra veislu. Þetta er nú ekkert stórafmæli, ég er bara fjörutíu og fjögurra," segir Stefán Jónsson leikstjóri, en afmæli hans ber upp á menningarnótt.

„Ég hlakka bara til að ganga um í þessari risaveislu og heilsa gestum og gangandi. Ég tek við gjöfum þar sem ég geng og öllum er velkomið að færa mér gjafir, eða peninga bara."

Hann segist ekki vera með planaða dagskrá fyrir daginn. „Flugeldasýningin, ég missi ekki af henni, annars tek ég þetta í frjálsu falli, held ég.

„Hún hefur ekki lent á þessum degi áður, nóttin, þannig að þetta er voðalega skemmtileg tilviljun. Gerir afmælisdaginn hátíðlegri. Mér líður svolítið eins og Hrafni Gunnlaugssyni sem á afmæli 17. júní og hélt alltaf að það væri verið að fagna afmæli hans, þegar þjóðhátíðin var haldin."

Stefán leikur nú í kvikmyndinni Reykjavík whalewatching massacre en gerist fagstjóri leikaradeildar Listaháskóla Íslands í haust. „Ég er að taka við góðu búi af honum Agli Heiðari," segir Stefán. „Það verður því kannski rólegt í vetur, varðandi leikstjórnina. Ég er reyndar að fara að leikstýra honum Pétri Jóhanni í einleiknum sínum. Ég hreiðra um mig í háskólaumhverfinu. Ég hef verið að kenna þar alltaf öðru hvoru og líkar vel. Svo var ég beðin um þetta og ég lét undan." **- kbs**

FLUGELDARNIR FYRIR HANN Stefán Jónsson leikstjóri á afmæli á menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁRÉTT
2. stampur, **6.** frá, **8.** skítur, **9.** gyðja, **11.** tveir eins, **12.** bit, **14.** framvegis, **16.** tveir eins, **17.** þjálfa, **18.** umfram, **20.** persónufornafn, **21.** gefa frá sér reiðihljóð.

LÓÐRÉTT
1. þungi, **3.** ólæti, **4.** reiðufé, **5.** svelg, **7.** þögull, **10.** gogg, **13.** frjó, **15.** kvið, **16.** þvottur, **19.** íþróttafélag.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. bali, **6.** af, **8.** tað, **9.** rán, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** auk, **20.** ég, **21.** urra.

LÓÐRÉTT: 1. farg, **3.** at, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** fáláti, **10.** nef, **13.** fræ, **15.** maga, **16.** tau, **19.** kr.

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Gerum hús að heimili

AFSLÁTTUR 50% — AFSLÁTTUR 70%

TV skenkur	Verð	95.000
	Nú	**28.500**
Leðurstóll	Verð	28.500
	Nú	**14.250**

AFSLÁTTUR 50%

Borð + 6 stólar	Verð	139.000
	Nú	**69.500**

AFSLÁTTUR 60%

Glerskápur	Verð	145.000
	Nú	**58.000**
Spegill	Verð	85.000
	Nú	**34.000**

AFSLÁTTUR 40%

Relax leðurstóll	Verð	79.000
	Nú	**47.400**
Sófi 3ja sæta	Verð	133.000
	Nú	**79.800**
Borð	Verð	25.000
	Nú	**15.000**



ÚTSALA! ENN BETRI VERÐ!

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FABRIKAN

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

STÓRÚTSALA
Parket - Flísar - Hurðir - Hreinlætistæki
Egill Árnason hf
OPIÐ Í DAG TIL kl. 16:00
í Ármúla og til kl.14:00 á Baldursnesi

BAKÞANKAR
Guðmundar
Steingrímssonar

Strákarnir

Ég man eftir því sem patti hversu vonbrigðin gátu orðið gríðarlega mikil þegar íslenska handboltalandsliðið átti vondan dag á stórmóti og tapaði fyrir einhverjum austantjaldsrisum eða Svíum, eins og vanalega, á ósanngjarnan hátt auðvitað, svo maður hljóp með tárin í augunum inn í herbergi og lokaði að sér, særður yfir illsku veraldarinnar. Hversu oft langaði ekki óharðnari ærsku þessa lands, ef ekki almúga öllum, að senda Staffan nokkrum Olsson nokkrar kjarnyrtar níðvísur eða vel orðuð skeyti út af mjög svo óbilgjörnum sigrum hans og hans manna, hvað eftir annað, á strákunum okkar hér í eina tíð?

EN svo eru líka allar stundirnar, allt frá barnæsku og upp úr, sem maður hefur hoppað um eins og bjáni heima hjá sér aleinn eða með öðru fólki, í stofum ókunnugra eða á almannafæri í kjölfar frækilegra sigra okkar manna. Þá brosir veröldin. Ég er ekki frá því að þannig hafi íslenska handboltalandsliðið í gegnum tíðina kennt þessari veðurbörðu þjóð að þekkja tilfinningar sínar. Það er kannski bara allt í lagi að hlæja saman eða gráta? Maður þarf ekki alltaf að bera fyrir sig frjókornaofnæmi þegar maður fær tár í augun.

SJÁLFUR sat ég ásamt unnustu í bíl á jaðri ítalskrar hraðbrautar í gær við eina af hinum dásamlegu ítölsku vegasjoppum Autogrill og hafði við illan leik náð að tengja tölvuna við þráðlaust net svo að upphrópanir hins íslenska íþróttafréttamanns í beinni á Rás 2 gátu borist okkur eins og úr fjarska. Og þegar sigurinn var staðreynd, þá spruttu, jú, fram smá tár, ég verð að viðurkenna það. Það spruttu fram tár.

SVO héldum við áfram að keyra. Stoltir Íslendingar á ferð meðal þjóðar sem veit líklega ekki hvað handbolti er. Á Ítalíu sýndu sjónvarpsstöðvarnar frekar strandfótbolta. Hvað er það, spyr ég. Er keppt í því?

Í hjarta mínu er enginn efi. Nú tökum við gullið á morgun og ekkert bull. Ekkert krepputal. Engin árans niðursveifla. Það er bara eitt sem fólk þarf almennt að passa: Það yrði dæmigert fyrir mjög marga að detta rosalega í það á menningarnótt í kvöld, sofa yfir sig og missa af leiknum í fyrramálið. Slíkt myndi leiða til týpískra íslenskra timburmanna: Eftir að hafa bókað sigur fyrirfram er fagnað rosalega til þess eins að missa af sjálfum leiknum og drattast síðan tættur síðdegis fram í eldhús til þess að spyrja hvernig fór.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 23. ágúst, 236. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.44	13.30	21.14
Akureyri	5.21	13.15	21.07

Heimild: Almanak Háskólans

KLÁR Í SKÓLANN?

FLÖRT veski, ýmsar tegundir. Ýmsir litir **195,-**

14.950,-

JONAS skrifborð m/útdraganlegri plötu B151xD85/135, H73 cm. Eikarspónn

MÖRKER vinnulampi 25W, H44 cm. Grátt/bleikt **595,-**

2.990,-

MÅLA trönur, B62xD43, H118 cm. Mjúkviður/hvítt

FLÖRT askja með loki 28x35x15 cm. Rautt/grátt **695,-**

MOTORP tímaritahirslur Pálmi **1.390,-/2 í pk.**

EMU kassar m/loki 1 stk. 18x29x13 cm og 1 stk. 20x36x14 cm. Tinhúðað **795,-/2 í pk.**

FNISS ruslafata, Ø29 H30 cm. Hvítt **250,-**

ANTIFONI vinnulampi 35W, H50 cm. **1.990,-**

FLÖRT veski, ýmsar tegundir. Ýmsir litir **195,-/stk.**

SPONTAN seglar. Hvítt/svart **245,-/8 í pk.**

995,-/2 í pk.

KASSETT DVD box m/loki 21x26x15 cm. Svart

LACK bókahilla B105xD38, H190 cm. Rautt **12.950,-**

BRÄDA stuðningspúði f/fartölvu B51xD38, H8 cm. Svart/grátt **1.990,-**

STRIPA vegghilla L79xD9 cm. Ösp **695,-**

HELMER skúffueining á hjólum, B28xD43, H69 cm. Silfurlitað **4.490,-**

8.990,-

KARSTEN snúningsstóll sætishæð 40-52 cm. Svart

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

245,-
IKEA FOOD

Kryddbakaður lax
með graslaukssósu, kartöflum og grænmeti

665,-
IKEA FOOD

IKEA®

Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2008